


skoðun 12

## Krýnir draggdrottningu

*Georg Erlingsson Merritt sér um að krýna draggdrottningu og -kóng í Óperunni á morgun.*

fólk 30



## 2 SÉRBLÖÐ

í Fréttablaðinu

Allt

Fasteignir.is





# FRÉTTABLAÐIÐ

ÞITT

ÞRIÐJUDAGUR

3. ágúst 2010 — 179. tölublað — 10. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000




## Kom, sá og sigraði

*Árni Johnsen vann til verðlauna í Ólympíukeppninni í efnafræði.*

tímamót 16

## Jafnrétti og sjálfsvirðing

*Körlum finnst ekkert athugavert við að geta ekki séð um sig, skrifar Jónína Michaelsdóttir.*

umræðan 13



## Birgir Leifur sjóðheitur

*Birgir Leifur Hafþórsson vann góðgerðamótið Einvígið á Nesinu í gær.*

Íþróttir 26

## veðrið í dag




**DREGUR ÚR VÆTU** Í dag verða víða norðan 3-8 m/s, dregur úr vætu S- og V-lands en rigning norðaustan til fram eftir degi. Hiti 12-18 stig, hlýjast SV-lands.

VEÐUR 4

# Meðallaun í OR 470 þúsund

**Tilkynnt verður um tillögur um verulegan niðurskurð hjá Orkuveitu Reykjavíkur á næstu vikum. Horft verður til mikils fjölda starfsmanna og hárra launa hluta starfsmanna. Breytingar á gjaldskrá yfirvofandi.**

**ORKUMÁL** Fram undan er niðurskurður hjá Orkuveitu Reykjavíkur. Þar verður bæði horft til þess að fækka starfsmönnum og lækka laun sumra starfsmanna sem þykja vel haldnir í launum, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

Meðal annars verður litið til mikils fjölda starfsmanna Orkuveitunnar og hárra meðallauna.

Starfsmenn OR eru í dag ríflega 700 talsins. Samkvæmt ársreikningi OR fyrir síðasta ár voru meðallaun starfsmanna fyrirtækisins á því ári rétt tæpar 470 þúsund krónur á mánuði. Þau hafa hækkað talsvert á síðustu árum, og voru til að mynda um 404 þúsund árið 2006. Hækkunin nemur 16,3 prósentum á þremur árum.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins stefnir í verulegan niðurskurð innan fyrirtækisins.

„Stjórn Orkuveitunnar hefur þverneitað að fara í gjaldskrárhækkanir sem þó er ljóst að þurfi að fara í, fyrr en búið er að velta við hverjum steini í rekstrinum til að sýna almenningi fram á að það hafi verið tekið til í rekstrinum," segir Haraldur Flosi Tryggvason, stjórnarformaður OR.

> **16%** hækkun hefur orðið á launum starfsmanna Orkuveitu Reykjavíkur á síðustu þremur árum.

Til stendur að kynna breytingar á gjaldskrá 1. september, og áður en tekin verður ákvörðun um þær þarf að ákveða hvernig hægt verður að hagræða í rekstrinum, segir Haraldur. Úttekt sem nú er í gangi á fyrirtækinu á því að ljúka um miðjan ágúst í síðasta lagi.

Haraldur segir ljóst að tiltekt ein og sér bjargi ekki fyrirtækinu. Vandi þess sé fyrst og fremst til kominn vegna skulda í erlendri mynt. Þó skipti auðvitað miklu að vinna á skuldabagganum, og þá þurfi að lækka kostnað og auka tekjur.

- bj / sjá síðu 4



**RUSL Í EYJUM** Hundruð tjalda, svefnpoka og dýna og dýr fatnaður var skilið eftir á tjaldsvæðinu í Eyjum í nótt. Þessir piltar virtust helst ekki vilja yfirgefa Herjólfsdal þótt dagskráin væri tæmd. MYND/ÓSKAR P. FRIÐRIKSSON

Formaður Þjóðhátíðarnefndar segir sóðalegt um að litast í Herjólfsdal:

## Yfirgefnir svefnpokar til hjálparstarfs

**VESTMANNAEYJAR** „Þetta er svolítið 2007 hvernig unga fólkið skilur við eftir sig," segir Páll Scheving, formaður Þjóðhátíðarnefndar en mikið af dóti var skilið eftir á tjaldsvæðinu í Eyjum eftir helgina. Um sextán þúsund gestir voru á Þjóðhátíð að mati hátíðarnefndarmanna.

„Hér eru hundruð tjalda, svefnpoka og dýna og dýr fatnaður. Það er eins og fólk hafi bara staðið upp frá þessu og skilið allt eftir. Þetta er alveg skelfileg umgengni um verðmæti," segir Páll og bætir við að hreinsunarfólki þyki miður að tína allt í ruslagáma. „Við höfum oft tekið svefnpoka og teppi og lagt til hjálparstofnana. Það er samt ekki alltaf geðfellt að handfjatla margt af þessu."

Páll segir að Þjóðhátíðarnefnd muni líklegast benda hjálparstofnunum á að hægt verði að nálgast dótið eða jafnvel taka eitthvað frá fyrir þær. Hann segir að búið sé að grófhreinsa svæðið og að því verði lokið á morgun.

Nokkur hundruð voru í dalnum í nótt að sögn Páls en tíu manna gæsluvakt var á svæðinu. „Tjaldbrennur hafa tíðkast á golfvellinum undanfarin ár og gæslumenn verða tiltækir með slökkvitækin í nótt."

- mmf / sjá síðu 8



**JÓN ÞÓR ÞORLEIFSSON OG BJARNI SNÆBJÖRNSSON**

Sundmót samkynhneigðra:

## Öll vildu keppa í sundi á Íslandi

**HEILSA** „Þetta er stærsta alþjóðlega sundíþróttamótið sem haldið hefur verið á Íslandi," segja Bjarni Snæbjörnsson og Jón Þór Þorleifsson sem sitja í undirbúningsnefnd fyrir alþjóðlegt hinsegin sundíþróttamót.

IGLA, alþjóðlegt sundsamband homma og lesbía, samþykkti um helgina umsókn Íslands um að halda alþjóðlegt hinsegin sundíþróttamót með öllum greiddum atkvæðum.

Sundsamband Íslands studdi umsókn Íþróttafélagsins Styrmis og býst Hörður Oddfríðarson, forseti sambandsins, við skemmtilegu móti.

- mmf / sjá Allt







## SPURNING DAGSINS



*Elliði, var Herjólfur djúpt sokkinn?*

Nei, en litlu mátti muna að Vestmannaeyjar sjálfar færu í kaf af gestafjöldanum.

Herjólfur strandaði í Landeyjahöfn á miðnætti aðfaranótt föstudags. Greiðlega gekk að losa ferjuna og grafa dýpkaði botninn á föstudag.

Eric Clapton fékk sér grísarif í Reykjavík áður en hann fer til veiða í Laxá á Ásum:

# Fær háa einkunn hjá leiðsögumanni

**FÓLK** Hinn heimsfrægi tónlistarmaður Eric Clapton kom til landsins í gær en hann er á leið í veiði í Laxá á Ásum. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem Clapton kemur til landsins í þeim erindagjörðum enda forfallinn veiðimaður. Hann hefur árum saman veitt í Laxá á Ásum.

Sturla Birgisson matreiðslumeistari verður í för með Clapton en hann hefur verið leiðsögumaður gítarleikarans í flest þau skipti sem hann hefur komið hingað til lands.

Sturla sagði í samtali við Fréttablaðið að Clapton hefði komið einn síns liðs til landsins. Sturla ætlar sjálfur að veiða með honum en vildi þó lítið segja um ferðir Claptons. Spurður hversu góður veiðimaður Clapton væri á skalanum einn til tíu sagði Sturla: „Hann er svona átta.“



**SIMMI, CLAPTON OG JÓI** Sigmar Vilhjálmsson og Jóhannes Ásbjörnsson, eigendur Hamborgarafabrikkunnar, létu smella mynd af sér með Clapton enda maðurinn í guðatölu hjá þeim.

Clapton kom við á Íslensku hamborgarafabrikkunni í gærkvöldi og gæddi sér á glóðuðum grísarifjum - kh.

Heilbrigðisstofnun í Eyjum:

# Tilkynnt um tvær nauðganir

**LÖGREGLUMÁL** Tilkynnt var um tvær nauðganir á Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum um helgina. Tvær stúlkur leituðu sér aðstoðar á bráðamóttöku Heilbrigðisstofnunar Vestmannaeyja og tilkynntu að þeim hafði verið nauðgað.

Lögreglunni í Vestmannaeyjum hefur ekki verið tilkynnt um málin enn sem komið er og ekki hafa verið lagðar fram formlegar kærur. Algengt er að mál sem þessi taki nokkra daga að komast inn á borð til lögreglu. - sv



**HEIMAFÆÐING** rannsóknir hafa sýnt að hættuminna er fyrir mæður að fæða börn sín á sjúkrahúsi.

Hættulegt að fæða heima:

# Börn séu fædd á sjúkrahúsum

**BRETLAND** Verðandi mæður ættu ekki að fá að taka ákvörðun um það hvort þær vildu eignast börn sín heima við eða á sjúkrahúsi. Þetta kemur fram í breska læknatímaritinu Lancet og var birt á fréttavef BBC.

Var þetta sett fram eftir niðurstöður rannsókna sem sýndu fram á að heimafæðingum fylgir mun meiri hætta heldur en þeim sem eiga sér stað á sjúkrahúsum.

„Konur hafa rétt á því að velja hvort og hvar þær fæði börn sín, en þær hafa ekki rétt á því að stofna lífi þeirra í hættu,“ stendur í Lancet. Um þrjú prósent fæðinga í Bretlandi eiga sér stað í heimahúsum. - sv

# Ekki fyrir lofthrædda

**Þótt það virðist hættulegt að setja upp og gera við tuga eða hundraða metra há möstur hefur ekkert alvarlegt slys orðið hjá mastrahópi Mílu síðustu áratugi. Mikið álag hefur verið við að setja upp möstur fyrir þriðju kynslóð farsíma.**

**FJARSKIPTI** Mikið álag hefur verið á litlum hópi símsmiða hjá Mílu undanfarin ár vegna uppbyggingar á þriðju kynslóðar farsímakerfi. Einn símsmiðanna segir starfið geta verið erfitt en að honum líði jafn vel í hæsta mastrinu, sem er 412 metra hátt, og á jörðu niðri.

Davíð Arngrímsson, símsmiður hjá Mílu, segir að mastramennirnir séu fimm til sex á hverjum tíma og flestir hafi verið lengi í starfinu. Hópurinn ferðast á milli staða, setur upp möstur og staura, sinnir viðhaldi og gerir við þegar eitthvað bilar.

„Þetta getur verið erfitt starf, og er alls ekki rétta starfið fyrir lofthrædda,“ segir Davíð. Hann kann vel við sig í starfinu, og hefur gaman af ferðalögunum og félagsskapnum sem þeim fylgir.

„Þetta er eins og með önnur störf, sumum finnst þetta spennandi og áhugavert. Svo koma aðrir sem staldra stutt við,“ segir Davíð. Hann segir starfið oft líkamlega krefjandi, en í raun sé það ekki hættulegt þótt hann og aðrir þurfi gjarnan að klífa möstur við misjafnar aðstæður.

„Við förum á fjöll í öllum veðrum, það bilar ekkert í góðu veðri,“ segir Davíð. Hann segir að á þeim átján árum sem hann hafi sinnt þessu starfi hafi ekkert alvarlegt óhapp átt sér stað.

Spurður hvort hann hafi einhvern tímann orðið virkilega hræddur uppi í mastri segir Davíð að varla sé hægt að segja það. „Mér hefur vissulega brugðið. Það slitnaði stag á mastri þegar við félagi minn vorum í 70 eða 80 metra hæð. Við flýttum okkur niður, en við sáum ekki í gegnum mastrið, það gekk í svo miklum bylgjum.“

brjann@frettabladid.is



**PUÐ** Símsmiðir, sem sinna viðhaldi og viðgerðum á möstrum Mílu, þurfa oft að brjóta snjó og klaka utan af möstrunum til að komast að bilunum. Hér þurfti að brjóta ísinn af farsímamastri á Skjöldólfsstaðahnjúki. MYND/DAVÍÐ ARNGRÍMSSON



**TOPPSTARF** Það er ekkert fyrir lofthrædda að gera við möstur, hér er Davíð Arngrímsson í um 60 metra hæð í mastri við Grindavík.



**ÖRYGGI** Þó fallið sé hátt hafa engin alvarleg slys orðið við uppsetningu og viðhald á möstrum á síðustu áratugum.

Drukkinn í Landeyjahöfn:

# Keyrði á átta kyrrstæða bíla

**LÖGREGLUMÁL Ökumaður sem grunaður er um akstur undir áhrifum áfengis og fíkniefna keyrði á átta kyrrstæða bíla í Landeyjahöfn aðfaranótt sunnudags. Fjórir bílanna eru ökufærir og fjórir minna skemmdir.**

**Lögreglumaður hjá lögreglunni á Hvolsvelli sagði tvennt hafa verið í bílnum. Maðurinn var á leið niður að höfn en ekki er vitað tilganginn með ferðalagi hans því engin ferð var væntanleg með Herjólfi næstu tíma.**

**„Bílarnir voru þarna enn þegar ég kom en verið var að undirbúa að fjarlægja þá af svæðinu,“ segir Sigmar Jónsson, hafnarvörður í Landeyjahöfn.** - mmf

Drukkinn trylltist á traktor:

# Ók á fjölda fólks og drap ellefu

**KÍNA** Ellefu manns létust og um tuttugu slösuðust þegar drukkinn maður á traktor trylltist í norðurhluta Kína í gær.

Maðurinn drap fyrst mann sem hann lenti í rifrildi við á vinnustað sínum. Hann settist svo upp í traktorinn, sem var með skóflu að framan. Hann keyrði um í um það bil klukkutíma og ók á og yfir allt sem fyrir varð. Hann keyrði á fjölda fólks, bíla og húsa. Hann stöðvaði traktorinn svo á akri og var handtekinn þar.

Verði maðurinn sakfelldur fyrir morð bíður hans líklega dauðarefsing. - þeb

## LÖGREGLUMÁL

### Óhapp á Suðurnesjum

Maður á sextugsaldri missti stjórn á bifhjóli sínu á Vatnsleysustrandarvegi seinni part sunnudags. Hann slasaðist lítið en málið er í rannsókn.

### Blésu við höfnina

Lögreglan á Hvolsvelli bauð ökumönnum að blása við Landeyjahöfn í gær áður þeir settust undir stýri. Margir reyndust ekki í ökuhæfu ástandi og sváfu þeir úr sér áður en lagt var í hann.

## LÖGREGLUMÁL

### Akstur undir áhrifum

Einn ökumaður var tekinn fyrir akstur undir áhrifum fíkniefna upp úr klukkan átta á sunnudagskvöld á Ísafirði. Talsverð ölvun var í bænum og eitthvað um minniháttar pústra en enginn gisti fangageymslur lögreglu.






Fjörutíu manns hafa látist í skógareldum sem geisa í sjö héruðum Rússlands:

# Neyðarástandi lýst yfir í Rússlandi

**RÚSSLAND** Dmitry Medvedev, forseti Rússlands, hefur lýst yfir neyðarástandi í sjö héruðum Rússlands vegna hitabylgju og skógarelda sem þar geisa.

Að minnsta kosti fjörutíu manns hafa látið lífið og 77 bæir skemmst eða eyðilagst. Héruðin Niznhny Novgorod, Voronezh og Ryazan hafa farið verst út úr skógareldunum en nítján af þeim fjörutíu sem í valnum liggja bjuggu í fyrstnefnda héraðinu.

Reykjarmóða liggur yfir höfuðborginni Moskvu vegna eldanna. Skyggnið er einungis nokkur hundruð metrar. Þetta veldur því að erfitt er að anda og læknar mæla með því að íbúar haldi sig innan dyra, að því er segir í frétt á vef breska ríkisútvarpsins.

Gróður er skraufaþurr á þessum slóðum vegna mestu hitabylgju, sem gengið hefur yfir landið síðan mælingar hófust fyrir 130 árum. Þúsundir manna hafa þurft að flýja svæðin. - kh



**SKÓGARELDAR** Gríðarleg eyðilegging hefur orðið í skógareldunum í Rússlandi og fjörutíu manns hið minnsta hafa farist. FRÉTTABLAÐIÐ/AP




NOVA

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, Glerártorgi Akureyri og MM Selfossi
Þjónustuver 519 1919 | **www.nova.is** | **m.nova.is** | Facebook | Twitter

Mánaðarleg afborgun greidd með kreditkorti + 250 kr. /mán. greiðslugjald.
Staðgreitt: Þá þarf ekki kreditkort. Það er ódýrara að staðgreiða!

**GENGIÐ 30.07.2010**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 120,21 | 120,79 |
| Sterlingspund | 187,16 | 188,06 |
| Evra | 156,12 | 157,00 |
| Dönsk króna | 20,950 | 21,072 |
| Norsk króna | 19,598 | 19,714 |
| Sænsk króna | 16,535 | 16,631 |
| Japanskt jen | 1,3915 | 1,3997 |
| SDR | 182,42 | 183,50 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
211,0277

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Mikill bruni í bíl skemmdi bílinn og nærliggjandi húsnæði við Unufell í Breiðholti aðfaranótt mánudagsins:

# Íkveikja líklegasta skýringin á brunanum

**LÖGREGLUMÁL** Eldur kom upp í bíl við Unufell í Breiðholtinu aðfaranótt mánudags. Þegar lögregla og slökkvilið kom á staðinn stóð bíllinn, Toyota Corolla, í ljósum logum.

„Það bendir allt til þess að það hafi verið kveikt í honum," segir Skúli Heimir Sigurjónsson, bifvélavirki og eigandi bílsins. „Bíllinn hefur ekki verið hreyfður síðan á föstudag og ég var bara vakinn hér af lögreglunni þegar bíllinn var alelda hér fyrir utan. Það er engin önnur skýring en íkveikja."

Eldurinn teygði sig í þakskegg hússins og í ljós og hurð á bílskúrnum. Tveir dælubílar slökkviliðsins voru kallaðir á staðinn, en sá síðari var afturkallaður.

Pétur Guðmundsson, varðstjóri hjá lögreglunni í Reykjavík, segir eldinn í bifreiðinni hafa komið upp undir vélarhlífinni og mælaborði.

„Það skíðlogaði í öllum bílnum þegar komið var á staðinn og bifreiðin er gjörónýt," segir hann. „Það er ekki hægt að segja að svo stöddu hvort um íkveikju hafi verið að ræða."

Greiðlega gekk að slökkva eldinn, en nokkrar skemmdir urðu á nærliggjandi bílum og byggingum. **- sv**



**VIÐ UNUFELL 18** Eigandi bílsins sem kviknaði í telur allt benda til íkveikju.
MYND/KRISTJÁN JÓHANN BJARNASON

Ein með öllu á Akureyri:

## Skaut yfir menn skjólshúsi

**LÖGREGLUMÁL** Hátíðahöld um verslunarmannahelgina fóru vel fram á Akureyri samkvæmt upplýsingum frá lögreglu. Hátíðin Ein með öllu var haldin þar í bæ um helgina.

Varðstjóri hjá lögreglunni sagði einn hafa gist fangageymslur aðfaranótt mánudags. Flestir þeirra sem gistu fangageymslur um helgina höfðu ekki í önnur hús að venda. Varðstjóri sagði lögregluna hafa skotið yfir þá skjólshúsi.

Sjö líkamsárásir komu inn á borð lögreglu en enn hefur engin þeirra verið kærð. Þá voru þrír teknir með fíkniefni ætluð til eigin neyslu. **- mmf**

Barack Obama:

## Ítrekaði að herinn muni fara frá Írak í ágúst

**BANDARÍKIN Barack Obama, forseti Bandaríkjanna, ítrekaði í gær að Bandaríkjamenn myndu hætta öllum hernaðaraðgerðum í Írak í lok þessa mánaðar.**

**Obama sagði í ræðu á samkomu uppgjafarhermanna í Bandaríkjunum að Bandaríkjamenn myndu framvegis uppfylla skuldbindingar sínar í Írak með borgaralegum hætti, en ekki hernaðarlegum.**

**Obama sagðist hafa lofað því þegar hann tók við embætti að hernaði í Írak lyki fyrir 31. ágúst í ár og við það yrði staðið. Yfir fimmtíu þúsund hermenn eiga samt sem áður að vera eftir í landinu út næsta ár til að gæta bandarískra hagsmuna, segir í frétt BBC. Á sama tíma hefur fjölgað í herliði Bandaríkjamanna í Afganistan um þrjátíu þúsund.**

# Bólginn rekstur Orkuveitu Reykjavíkur skorinn niður

**Stjórnarformaður OR segir að hverjum steini verði velt til að hagræða í rekstri áður en farið verði út í gjaldskrárhækkanir. Starfsmenn fyrirtækisins eru yfir 700 talsins. Af þeim vinnur 21 við almannatengsl og 31 starfar í mötuneytum. Launakostnaður Orkuveitunnar nam tæplega 3,7 milljörðum króna á síðasta ári.**

**ORKUMÁL** Úttekt á starfsemi Orkuveitu Reykjavíkur sem nú er í gangi á að ljúka um miðjan ágúst. Skorið verður niður í rekstri félagsins áður en tilkynnt verður um þær gjaldskrárhækkanir sem væntanlega þarf að fara í, segir Haraldur Flosi Tryggvason, stjórnarformaður OR.

„Vissulega sér maður að reksturinn er dálítið bólginn, þess vegna erum við að leggja í þessa vegferð, að skera niður í rekstrinum. Hvort það verður í formi launabreytinga eða fækkunar starfsmanna er of snemmt að segja til um," segir Haraldur.

Fram kemur í ársreikningi Orkuveitunnar fyrir síðasta ár að um 651 ársverk var unnið hjá fyrirtækinu. Starfsmenn þess eru í dag á áttunda hundraðið, að sumarstarfsfólki meðtöldu.

Launakostnaður OR í fyrra nam tæplega 3,7 milljörðum króna, auk ríflega 800 milljóna króna í launatengd gjöld. Meðallaun starfsmanna fyrirtækisins voru rétt tæpar 470 þúsund krónur á mánuði. Kostnaður fyrirtækisins af hverjum starfsmanni var að meðaltali 576 þúsund krónur.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins verður farið í umfangsmiklar niðurskurðaraðgerðir innan OR fyrir haustið.

Meðallaun starfsmanna hjá Orkuveitunni hafa hækkað umtalsvert á síðustu árum. Árið 2006 voru meðallaunin um 404 þúsund á mánuði. Þau fóru í 427 þúsund árið 2007 og 485 þúsund árið 2008. Meðallaunin lækkuðu svo örlítið milli ára, og voru komin í tæplega 470 þúsund í fyrra. Hækkunin á þriggja ára tímabili er því um 16,3 prósent.

Samkvæmt úttekt Fréttablaðsins eru starfsmenn OR í dag 726 í hinum ýmsu deildum félagsins. Alls starfa sautján fastráðnir starfsmenn að almannatengslum, við móttöku gesta eða á minjasafni, auk fjögurra sumarstarfsmanna. Þetta eru talsvert fleiri en starfa hjá stærsta almannatengslafyrirtæki landsins.

Þá starfa sautján fastráðnir starfsmenn við mötuneyti OR, auk fjórtán sumarmanna. Alls starfa á sjöunda tug við innheimtu og útreikning. Á bóka- og skjalasafni fyrirtækisins starfa fjórir í fullu starfi og einn sumarliði.

Erfið staða Orkuveitunnar er aðallega til komin vegna lána sem félagið tók í erlendri mynt fyrir bankahrunið, og hafa þær skuldir þanist út með falli krónunnar. Haraldur segir augljóst að tiltekt í rekstrinum bjargi ekki ein og sér fyrirtækinu frá þeim vanda sem að því steðji. Miklu skipti engu að síður að reyna að vinna á skuldabagganum þó hann virðist á tímum ókleifur. Það verði ekki gert öðruvísi en með því að lækka útgjöld og hækka tekjur.

**brjann@frettabladid.is**

**Meðallaun**

Þróun meðallauna OR






**NIÐURSKURÐUR** Laun og launatengd gjöld námu um fjórðungi af veltufé í rekstri Orkuveitu Reykjavíkur í fyrra. Stjórnendur félagsins huga nú að því hvernig skera megi niður í rekstri samhliða gjaldskrárhækkunum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir**
veðurfréttamaður

**DÁLÍTIL VÆTA** Það verður víðast dálítil væta á landinu í dag en eftir því sem líður á daginn ætti að rofa smám saman til suðvestanlands. Á morgun eru síðan horfur á bjartviðri syðra en smá vætu norðaustan til.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 29° |
| Basel | 25° |
| Berlín | 23° |
| Billund | 19° |
| Frankfurt | 25° |
| Friedrichshafen | 20° |
| Gautaborg | 20° |
| Kaupmannahöfn | 20° |
| Las Palmas | 23° |
| London | 23° |
| Mallorca | 30° |
| New York | 30° |
| Orlando | 35° |
| Ósló | 23° |
| París | 26° |
| San Francisco | 17° |
| Stokkhólmur | 20° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*
**ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Henný Árnadóttir *henny@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Bjarni Þór Sigurðsson *bthor@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*
**RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*

Netið
í símann
25 kr.
á dag!




**Frábær uppfærsla fyrir þá sem eru pínu eftir á**

**Nokia 2720**
Nettur samlokusími með 1.3 MP myndavél, útvarpi og Bluetooth.

# 11.990 kr.
Fullt verð: 13.990 kr.




**Allar ferðamyndirnar á minniskortinu**

**Nokia 2730**
Öflugur og þægilegur 3G sími með 2MP myndavél, útvarpi og styður allt að 2GB minniskort.

# 15.990 kr.
Fullt verð: 18.990 kr.

vodafone

# Tilboðsvika!

**Mögnuð tilboð á símum í öllum verslunum Vodafone. Nú er tíminn til að uppfæra. Við erum við Skútuvog 2, í Kringlunni, Smáralind og við Glerártorg Akureyri.**

Tilboðin gilda til 8. ágúst eða meðan birgðir endast.

power to you




Brennibolti
fylgir öllum
símatilboðum

**Stórfenglegur sími fyrir stórfenglegt fólk**

**Nokia 5230**
Einstaklega hentugur og þægilegur 3G snertiskjásími með GPS, 2 MP myndavél og útvarpi.

# 31.990 kr.
Fullt verð: 33.990 kr.




**Flýtileiðir á netið fyrir óþolinmóða !**

**LG GT540**
Snilldar 3G sími með Android stýrikerfi og öflugri 3.2 MP myndavél. Flýtileiðir á vefsamfélög s.s. Facebook og Twitter. GPS sem styður m.a. Google maps.

# 41.990 kr.
Fullt verð: 44.990 kr.



**KJÖRKASSINN**



*Telur þú aðgang að hreinu vatni teljast til mannréttinda?*

| | |
|---|---|
| Já | 92,0% |
| Nei | 8,0% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Hefur þú farið á útihátíð?*

Segðu þína skoðun á vísir.is. VÍSIR

Bresk rannsókn sýnir að herpessýking eykur líkur á bata krabbameinssjúklinga:

# Eyðir krabbameinsfrumum

**LONDON** Rannsókn á sautján krabbameinssjúklingum í London leiddi í ljós að herpesvírusinn vinnur á krabbameini, að því er fram kemur á fréttavef BBC.

Æxli var fjarlægt úr öllum sjúklingunum og þeir settir í lyfjameðferð ásamt því að vera sýktir með herpesvírus. Í ljós kom að um 93 prósent sjúklinganna sýndu engin merki um krabbamein í blóðrannsóknum sem gerðar voru eftir meðferðina.

Rúmum tveimur árum síðar voru 82 prósent þeirra enn við fulla heilsu.



**HERPES VÍRUS** Erfðabreyttur herpesvírus hjálpar til við baráttu gegn krabbameini í 93 prósent tilvika. MYND/GETTY

Vírusinn, ásamt lyfjameðferð, ræðst á krabbameinsfrumurnar og eyðir þeim innanfrá. Með því eflir hann einnig ónæmiskerfi sjúklinganna töluvert. Vírusnum hefur verið erfðafræðilega breytt þannig að hann étur upp krabbameinsfrumurnar en hefur engin áhrif á heilbrigðar frumur.

Yfirmaður rannsóknarinnar, Dr. Kevin Harrington, segir að meðferðirnar skila tilætluðum árangri ef krabbameinið uppgötvast snemma. Í undirbúningi eru fleiri rannsóknir á þessu sviði og mun þær hefjast seinnipart þessa árs.

- sv

Aldrei fleiri hermenn látist:

# Mannskæðasti mánuðurinn

**AFGANISTAN, AP 63 bandarískir hermenn létust í Afganistan í júlí. Mánuðurinn var því sá mannskæðasti frá því að stríðið í Afganistan hófst fyrir næstum níu árum.**

**Júnímánuður hafði einnig sett met sem mannskæðasti mánuður stríðsins, bæði fyrir Bandaríkin og (Nató-hersveitirnar í heild. 104 létust þá, þar af 60 Bandaríkjamenn. Jafnmargir höfðu látist allt fram í lok júlí, þegar tvær sprengjuárásir urðu þremur hermönnum að bana.**

- þeb

Ísraelar lofa samvinnu:

# Nefnd um árás Ísraela skipuð

**ÍSRAEL** Geoffrey Palmer, fyrrverandi forsætisráðherra Nýja-Sjálands, og fráfarandi forseti Kólumbíu, Alvaro Uribe, munu leiða rannsóknarnefnd Sameinuðu þjóðanna um árás Ísraelshers á skipalest á leið til Gasa í maí. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir hafði komið til greina í starfið.



**INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR**

Hinir tveir nefndarmennirnir verða frá Tyrklandi og Ísrael. Benjamin Netanyahu, forsætisráðherra Ísraels, segir Ísraela munu vinna með nefndinni og hafi ekkert að fela. Áður höfðu yfirvöld neitað að taka þátt í rannsókninni og hafið eigin rannsókn á málinu.

- þeb

**LÖGREGLUMÁL**

### Bílvelta á Búrfellsvegi

Bílvelta varð á Búrfellsvegi upp úr hádegi á laugardag. Þrennt var í bílnum, útlendingar, sem sluppu ómeiddir. Bíllinn er hins vegar mikið skemmdur.

### Fíkniefni í flugi

Eitt fíkniefnamál kom upp í hefðbundnu eftirliti á flugvellinum á Sauðárkróki á föstudag. Eigandi efnanna viðurkenndi að þau væru ætluð til eigin nota og hald var lagt á þau.

### Rólegt á Blönduósi

Tveir ökumenn voru teknir grunaðir um akstur undir áhrifum fíkniefna í umdæmi lögreglunnar á Blönduósi um helgina. Umferð gekk að öðru leyti vel en fram á mánudag höfðu fimmtíu verið teknir fyrir of hraðan akstur.

# Óttast kólerufaraldur í kjölfar flóða í Pakistan

**1200 manns hafa farist í verstu flóðum sem orðið hafa í Pakistan. Milljónir manna misstu heimili sín og óttast er að farsóttir muni breiðast út meðal heimilislausra. Þá gætu þúsundir til viðbótar látist.**

**PAKISTAN, AP** Minnst 1200 manns hafa látist undanfarna daga í verstu flóðum í sögu Pakistans. Um tvær milljónir manna hafa þurft að yfirgefa heimili sín. Nokkur hundruð manns tóku þátt í mótmælum gegn ríkisstjórninni á götum úti í Peshawar í gær. Fólkið er óánægt með aðgerðir stjórnvalda í kjölfar flóðanna, og segja þau ekki hafa brugðist nógu vel og hratt við.

Ríkisstjórn landsins segir mörg þúsund björgunarmenn vera á vettvangi og þeir hafi þegar bjargað um 28 þúsund manns og dreift nauðsynjum til fólks. Þá hafi herinn sent 30 þúsund hermenn og margar þyrlur á flóðasvæðin.

Björgunarmenn reyna nú að ná til 27 þúsund manns sem eru innlyksa á heimilum sínum vegna flóðanna. Yfirvöld óttast að þegar náð verður til þessara svæða muni tala látinna hækka verulega og mun meiri eyðilegging koma í ljós. Rauði krossinn segir að á þeim svæðum sem hafa orðið verst úti séu heilu þorpin hrunin.

Óttast er að farsóttir muni breiðast hratt út á flóðasvæðunum. Heimildir herma að í bráðabirgðabúðum sem settar hafa verið upp hafi niðurgangur og kólera þegar gert vart við sig. Reynt er nú að koma í veg fyrir slíka útbreiðslu, því farsóttir af þessu tagi gætu valdið þúsundum dauðsfalla til viðbótar. Lykilatriði er að tryggja aðgang að hreinu vatni, en vatnsból hafa mengast í flóðunum. Til dæmis eru allir brunnar á verstu svæðunum fullir af mold, að sögn yfirmanna hjálparsamtaka. Fjöldi lækna hefur verið sendur í norðvesturhluta landsins til að takast á við farsóttaróttann.



**NOWSHERA-HÉRAÐ** Auk þess sem mikill fjöldi fólks hefur misst heimili sín hafa milljónir þurft að flýja þau. Fjöldi fólks gekk með eigur sínar í flóðvatninu og í bráðabirgðabúðir í Mohib Bhanda um helgina. NORDICPHOTOS/AFP

Flóðin koma á erfiðum tímum í Pakistan. Ríkisstjórn landsins var fyrir í veikri stöðu vegna efnahagsvandræða og stríðsins gegn talíbönum sem hefur orðið þúsundum að bana undanfarin ár. Þá er aðeins vika síðan 152 létust í mannskæðasta flugslysi sem orðið hefur í landinu.

Ban Ki-moon, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, tilkynnti í gær um aukaframlag SÞ til hjálparstarfs í landinu, tíu milljónir dollara. Þá hafa Bandaríkin lofað sömu upphæð og Bretar ætla að verja tíu milljónum punda í hjálpar- og uppbyggingarstarfið.

Enn meiri rigningu er spáð í Pakistan á næstu dögum.

thorunn@frettabladid.is


Áskriftarsjóður ríkisverðbréfa

*Góður ávöxtunarkostur – einnig í áskrift*



Við öflum fyrir þig

10,46%

ÁRLEG MEÐALÁVÖXTUN*

100% RÍKISTRYGGING

*Hafðu samband við ráðgjafa okkar í síma 460 4700 eða kynntu þér málið á www.iv.is*

50% afsláttur af söluþóknun til 31. ágúst 2010

ÍSLENSK VERÐBRÉF

Þar sem þínir hagsmunir ráða ferðinni

Strandgata 3 600 Akureyri | Sigtún 42 105 Reykjavík

Sími: 460 4700 | www.iv.is | iv@iv.is

*Árleg meðalávöxtun frá 15.01.2001 til 30.06.2010. Ávöxtun í fortíð er ekki ávísun á ávöxtun í framtíð.

Áskriftarsjóður ríkisverðbréfa er verðbréfasjóður skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag verðbréfasjóða ÍV hf. er rekstrarfélag sjóðsins. Útboðslýsingu og nánari upplýsingar er hægt að nálgast á heimasíðu www.iv.is. Fjárfestar eru hvattir til að kynna sér útboðslýsingu sjóðsins og þá sérstaklega umfjöllun um áhættuþætti.

# RISA ÚTSALA REKKJUNNAR

## HEFST Í DAG KL. 10

# 30-70% AFSLÁTTUR!

**KING KOIL HEILSURÚM**
(Queen Size 153x203)
**Frá 95.671 kr.**



rekkjan
H E I L S U R Ú M

Rekkjan ehf ·· Suðurlandsbraut 48 (Bláu húsin í Faxafeni) ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is ·· Opið virka d. 10–18 og lau 11–16

Argh! 03082010

**VEISTU SVARIÐ?**



1. Hvað kostaði það Orkuveitu Reykjavíkur að bjóða borgarfulltrúum í laxveiði?
2. Hver er nýr yfirmaður íþróttamála hjá þýska stórliðinu Rhein-Neckar Löwen?
3. Hvaða leikari þurfti að lita á sér hárið í tíu ár sökum starfsins?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 30

Þrjár þýskar konur sem voru í fríi í suðurhluta Svíþjóðar með hópi striplinga:

# Villtust naktar í skógarferð

**SVÍÞJÓÐ** Þrjár þýskar konur týndust í skógi í suðurhluta Svíþjóðar á sunnudag. Konurnar voru naktar þegar þær villtust, en þær voru í hópi striplinga sem voru í fríi á svæðinu.

Konurnar eru á aldrinum 40 til 56 ára og fóru naktar í gönguferð í skógi utan við Karlshamn um fjögurleytið í gær. Þegar þær komu ekki aftur í hóp vina sinna var kallaður út leitarhópur með þyrlu og leitarhunda. Konurnar komust þó sjálfar í kofa sinn seint í gærkvöldi og var þá hætt við leitina. Þær höfðu þá verið án klæða í skóginum í um það bil sjö klukkustundir.

Konurnar sögðu lögreglunni að þær hefðu villst fljótlega eftir að þær lögðu af stað frá kofa sínum. Þegar orðið var dimmt þurftu þær að þreifa sig áfram í myrkinu og komust með þeim hætti aftur í kofann. Þær voru þreyttar og órólegar að sögn lögreglu og þeim var nokkuð kalt. Að öðru leyti amaði ekkert að þeim. - þeb



**STRIPLINGAR** Striplingarnir voru í fríi í suðurhluta Svíþjóðar þegar konurnar villtust.

Yfirvöld í furstadæmunum:

# Banna notkun BlackBerry-síma

**DUBAI, AP** Yfirvöld í furstadæmunum Dubaí og Abú-Dabí ætla að loka fyrir netnotkun í BlackBerry-síma frá og með 11. október.

Yfirvöld segjast gera þetta af öryggisástæðum, þar sem gögn úr símunum fari í tölvur erlendis og erfitt sé fyrir yfirvöld að fylgjast með því sem þar fer fram. Bannið mun einnig gilda um ferðamenn, en um 100 þúsund manns fara um flugvöllinn í Dubaí á hverjum degi. Fólk sem á BlackBerry-síma mun áfram geta notað þá til þess að hringja úr þeim. - þeb

TF Líf flaug 160 sjómílur:

# Veiktist mikið um borð í skipi

**BJÖRGUN** Skipverji á rússneskum togara veiktist alvarlega á sunnudagskvöld. Þyrla Landhelgisgæslunnar, TF-LÍF, sótti manninn um borð í togara sem staddur var 160 sjómílur suðvestur af Reykjanesi.

Landhelgisgæslan fékk tilkynningu um klukkan sjö á sunnudagskvöldið eftir að læknir hafði talað við skipverja um borð. Taldi hann bráðnauðsynlegt að senda þyrluna til skipsins. Maðurinn var lagður inn á hjartadeild Landspítalans við Hringbraut. - sv

**BJÖRGUNARSTÖRF**

### Manni bjargað úr jökulá

Björgunarsveitir Slysavarnafélagsins Landsbjargar björguðu manni úr jökulá fyrir norðan Jökulheima í gær. Mildi þykir að ekki fór verr, en maðurinn ók á fjórhjóli sínu út í ána og sat þar fastur í þrjár klukkustundir. Hann sakaði ekki.

**LÖGREGLUMÁL**

### Fíkniefni til sölu

Lögreglan í Borgarfirði og Dölum stöðvaði ökumann á norðurleið með 300 grömm af hassi, sem ætlað var til sölu um helgina. Nokkrir ökumenn að auki voru stöðvaðir og hald lagt á 200 g af kannabisefnum til viðbótar.

# Fjöldatakmarkanir ræddar

**Hátíðahöld fóru almennt vel fram í Vestmannaeyjum um helgina að mati lögreglunnar í Vestmannaeyjum. Talið er að um sextán þúsund manns hafi verið á Þjóðhátíð. Páll Scheving, formaður Þjóðhátíðarnefndar, segir nefndina hugsi yfir þessum mannfjölda og rætt er um að takmarka gestafjöldann að ári.**

**VESTMANNAEYJAR** Hátíðahöld í Vestmannaeyjum fóru almennt vel fram að mati lögreglunnar í Vestmannaeyjum. Þjóðhátíðarnefnd telur að um sextán þúsund manns hafi verið á Þjóðhátíð. „Aðsóknarmet var slegið þriðja árið í röð. Það setur sérstakan blæ á hátíðina að hún er svona fjölmenn,“ segir Páll Scheving, formaður Þjóðhátíðarnefndar.

„Þetta var nú allt saman frábært,“ segir Páll og bætir við að veðurblíða hafi gert hátíðahöldin einfaldari. „Þjóðhátíðargestir fengu skvettu framan í sig í morgun. Þá opnuðust himnarnir en þetta var ágætis ræs fyrir fólk.“

Talsverður erill var þó hjá lögreglunni en yfir helgina voru samtals tólf líkamsárásir kærðar í Vestmannaeyjum en engin þeirra var alvarleg samkvæmt upplýsingum frá lögreglu.

Nokkur fíkniefnamál komu upp og í gær voru þau orðin um fjörutíu talsins. Lagt var hald á um þrjú hundruð grömm og var helmingur þess amfetamín en einnig nokkurt magn af kókaíni. Eitt af stærstu fíkniefnamálunum í Vestmannaeyjum um helgina kom upp við leit á manni á þrítugsaldri. Hann var á leið inn í Herjólfsdal þegar á honum fundust 42 grömm af amfetamíni. Hann var handtekinn og viðurkenndi við skýrslutöku að hafa ætlað að selja amfetamínið.

Þá voru tveir teknir fyrir akstur undir áhrifum fíkniefna.

Páll segir þegar byrjað að huga að næstu Þjóðhátíð. „Við erum mjög hugsi yfir þessum mannfjölda. Við veltum fyrir okkur hvort við eigum að setja fjöldatakmarkanir.“

Páll segir áhættu að taka á móti svo miklum mannfjölda. „Auðvitað þarf að velja. Svona fjölmenn hátíð reynir á þolinmæði og umburðarlyndi fólks. Íbúafjöldi Vestmannaeyja var fjórfaldaður um helgina og ef ég færi það yfir á Reykjavík væri það eins og þar þyrfti að koma fyrir 400.000 manns á tjaldstæðum og veita grunnþjónustu. Þetta reynir á þolrifin en hátíðin skilar verulegum ábata fyrir samfélagið og yfir helgina er hundruð milljóna króna velta í Vestmannaeyjum,“ segir Páll sem mun leita lausna með íbúum Eyja varðandi fjöldatakmarkanir.

martaf@frettabladid.is



**VEÐRIÐ LÉK VIÐ GESTI** Að sögn Páls Schevings gerði veðurblíða hátíðahöldin einfaldari. MYND/ÓSKAR P. FRIÐRIKSSON



**METIÐ SLEGIÐ** Aðsóknarmet á Þjóðhátíð var slegið þriðja árið í röð. MYND/ÓSKAR P. FRIÐRIKSSON



**BÆTTAR SAMGÖNGUR** Herjólfur fór átta ferðir á sólarhring. MYND/ÓSKAR P. FRIÐRIKSSON



**LEITAÐ LAUSNA** Þjóðhátíðarnefnd býst við að um sextán þúsund hafi verið á Þjóðhátíð. MYND/ÓSKAR P. FRIÐRIKSSON



**REYNIR Á ÞOLINMÆÐI** Nokkur erill var hjá lögreglu um helgina. MYND/ÓSKAR P. FRIÐRIKSSON





Minningarár Jóns Sigurðssonar 200

Samkeppni um minjagripi og handverk. Vertu með!

Samkeppnisreglur og upplýsingar: www.jonsigurdsson.is

ÍSLENSKA/SIA.IS/ISL 50728 06/10



# Lagersala í Askalind 2A, Kópavogi

# 30-70% afsláttur






SALES OUTLET

โกดังสินค้าเลหลัง

Wyprzedaż zapasów magazynowych

**Opið virka daga 12-18, laugardag kl. 13-17.**

HEIMA HÚSIÐ

heima Öndvegi

---

## 25% afsláttur af öllum vörum í verslun okkar í Síðumúla 30









HEIMA HÚSIÐ

heima Öndvegi mood lifum

GALLERY GÓLF PARKET FLÍSAR

**Opið virka daga 10-18, laugardaga 11-16.**

Síðumúla 30 - 108 Reykjavík - Sími 568 4242 - www.heimahusid.is



**HITABYLGJA Í PALESTÍNU** Hiti fór upp í 37 gráður á Vesturbakkanum í gær. Palestínsk börn og ungmenni kældu sig í sundlaug nálægt borginni Jenín. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Meirihluti alþingismanna virðist vera á móti frekari fjárveitingu ríkis til bankanna:

# Ótímabær umræða eins og er

**EFNAHAGSMÁL** Andstaða virðist ríkja hjá um helmingi alþingismanna varðandi frekari fjárveitingu til bankanna af hálfu ríkisins. Fréttavefurinn Bloomberg birti frétt í gær en þar segir að 34 af 63 þingmönnum hyggist greiða atkvæði gegn því að endurfjármagna bankana öðru sinni.

„Það væri mjög óheppilegt ef ríkið þyrfti að setja meiri peninga í bankana,“ segir Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, þingmaður Framsóknarflokksins. „En þessi frétt á Bloomberg og umræða sem hún virðist leiða af sér, er ótímabær á þessu stigi.“



**SIGMUNDUR DAVÍÐ GUNNLAUGSSON**

Sigmundur segir eina möguleikann að ríkið myndi koma aftur til bjargar bönkunum væri sá að sýnt yrði fram á að mistök voru gerð við stofnun nýju bankanna.

Ögmundur Jónasson, þingmaður Vinstri grænna, tekur í sama streng og Sigmundur og segir umræðuna ótímabæra.

„Flestir alþingismenn vilja sannfærast um nauðsyn þess að láta skattfé renna inn í fjármálastofnanir án þess að samþykki sé veitt fyrir slíku,“ segir Ögmundur. „Það myndi gæta mikillar íhaldssemi að láta enn meira fé skattborgara af hendi rakna til bankanna.“

Báðir alþingismenn eru sammála um að gagnlegt sé að umræða sem þessi sé komin af stað í samfélaginu áður en dómar falli í haust.

- sv

Pínlegar 15 mínútur í þingsal:

# Klám sýnt í sjónvarpi þingsins

**INDÓNESÍA** Rannsókn er hafin meðal starfsmanna indónesíska þingsins eftir að myndbrot úr dökkblárri mynd var sýnt á sjónvarpsskjám þingsins í síðustu viku.

Myndbrotið stóð yfir í einar fimmtán mínútur áður en starfsmönnum tókst að slökkva á því en það birtist á skjám sem notaðir eru undir dagskrá þingsins.

Atvikið kom á afar óheppilegum tíma því þann 11. ágúst verður netfyrirtækjum gert að loka á heimasíður sem hýsa klámefni.

Methagnaður hjá HSBC:

# Hagnaðist um 2.100 milljarða

**VIÐSKIPTI** Hagnaður HSBC, stærsta banka í Evrópu, nam 11,1 milljarði sterlingspunda á fyrri helmingi ársins. Hagnaðurinn nemur um 2.100 milljörðum íslenskra króna.

Hlutabréf í bankanum hækkuðu um þrjú prósent í viðskiptum í gærmorgun, eftir að rekstrarniðurstaðan var kynnt. Breska blaðið Daily Telegraph segir á vef sínum að flestir sérfræðingar hafi gert ráð fyrir að hagnaður fyrir skatta yrði um 9 milljarðar evra fyrir skatta.

Sérfræðingar HSBC búast við því að hagvöxtur verði hægur í mörgum Evrópuríkjum en horfa bjartari augum til annarra ríkja, á borð við Kína, þar sem markaðir hafa styrkst.

- jhh

Þýskir bílaframleiðendur sáttir:

# Audi bílar aldrei vinsælli

**VIÐSKIPTI** **Audi bílaverksmiðjurnar seldu tæplega 555 þúsund bíla á fyrri helmingi ársins samanborið við rúmlega 465 þúsund bíla á fyrri helmingi síðasta árs. Salan á fyrri helmingi ársins er meiri en á metárinu 2008, segir í frétt á norska viðskiptavefnum e24.no.**

**„Við höfum náð aukningu um 7,5 prósent frá árinu 2008, sem var okkar sterkasta ár,“ segir Peter Schwarzenbauer, stjórnarmaður í Audi, í fréttatilkynningu.**

**Tekjur Audi verksmiðjunnar voru 17,6 milljarðar evra á fyrri helmingi ársins, eða um 21 prósenti meiri en í fyrra. Upphæðin er tæpir 2.800 milljarðar króna. Gert er ráð fyrir að Audi framleiði tólf nýjar undirtegundir í ár, þar á meðal A1 og A7 Sportback.**

# Óttast hrun í bóksölu með hærri virðisauka

**Lagt hefur verið til að virðisaukaskattur á öllu öðru en mat verði hækkaður upp í 25,5 prósent. Virðisaukaskattur á bækur er nú 7 prósent og bókaútgefendur óttast áhrif slíkrar hækkunar. Kennslubækur myndu hækka um 17 prósent.**

**EFNAHAGSMÁL** Bókaútgefendur eru uggandi vegna hugmynda um hækkun á virðisaukaskatti á bókum úr 7 prósentum í 25,5 prósent. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefur meðal annars lagt slíkt til. Kristján B. Jónasson, formaður Félags íslenskra bókaútgefenda, birti grein um málið í Fréttablaðinu á miðvikudag en hann segir að sala á bókum gæti dregist mikið saman í kjölfar hækkunar.

„Ef tillagan gengur eftir og skatturinn verður hækkaður úr 7 prósentum í 25,5 prósent, eins og lagt er til í skýrslunni, þá er það mjög mikil hækkun fyrir svona viðkvæma vöru,“ segir Kristján. „Ef við tökum fjölskyldu með tvö börn á framhaldsskólaaldri sem kaupir notaðar námsbækur þá ver slík fjölskylda á ári, varlega áætlað, þrjátíu þúsund krónum í námsbækur fyrir hvort barn. Hækkunin myndi auka bókakostnað fyrir slíka fjölskyldu um tíu þúsund,“ segir Kristján enn fremur.

Þann 12. júlí síðastliðinn birti fjármálaráðuneytið skýrslu um íslenska skattkerfið sem AGS hafði unnið fyrir ráðuneytið. Ein af tillögum skýrsluhöfundar er að leggja niður svokallaðar „óvenjulegar undanþágur“ frá almennri virðisaukaskattsprósentu sem er 25,5 prósent. Lagt er til að lægsta þrep skattsins, sem nú er sjö prósent, verði hækkað í fjórtán prósent og nái þá einungis yfir matvöru á meðan allt annað beri 25,5 prósenta skatt.

Í grein sinni bendir Kristján á að í upphafi árs 2009 hafi stjórnvöld í Lettlandi hækkað virðisaukaskatt á bækur úr fimm prósentum í 21 prósent. Í kjölfarið hafi heildarvelta bókaútgáfunnar þar í landi dregist saman um 35 prósent að meðaltali. Spurður hvort búast megi við sams konar áhrifum hérna segir Kristján:



**KÆMI NEMENDUM ILLA** Hækkun á virðisaukaskatti á bækur kæmi illa við háskólanema og fjölskyldur framhaldsskólanema.



**SIGURÐUR PÁLSSON**



**KRISTJÁN B. JÓNASSON**

„Ég væri nú að ýkja ef ég segði að hækkunin hér væri líkleg til að hafa svona mikil áhrif en hún færi beint út í verðlagið sem myndi valda því að bóksala drægist töluvert mikið saman.“ Kristján segist hafa rætt við bóksala hér á landi um málið og þeir hafi reiknað út að ef 15 til 20 prósent af heildarkökunni hverfi, sem svartsýnustu spár gera ráð fyrir, þá sé þetta bara búið og ekki verði mögulegt að reka þessi fyrirtæki með sama hætti og áður.

Sigurður Pálsson, rekstrarstjóri Bóksölu stúdenta sem flytur inn erlendar kennslubækur fyrir háskólanema, segir hækkun koma nemendum mjög illa. „Að sjálfsögðu hef ég áhyggjur,“ segir Sigurður og bætir við að þetta þýði rúmlega sautján prósenta verðhækkun fyrir þennan viðkvæma hóp. „Ég er nú ekki mikið búinn að hugsa um þetta þar sem þetta liggur ekki fyrir en verði af þessu hef ég miklar áhyggjur af stúdentum,“ segir Sigurður. magnusl@frettabladid.is









Formaður slitastjórnar Glitnis segir mögulegt að flytja fé eftir kyrrsetningu:

# Kyrrsetning er ekki frysting

**DÓMSMÁL** „Það er hægt að færa til fé eftir kyrrsetningu,“ segir Steinunn Guðbjartsdóttir, formaður slitastjórnar Glitnis. „Kyrrsetningarþola er tilkynnt um kyrrsetninguna og það eru hörð viðurlög við því að færa til fé eftir að slíkt er gert. Þetta eru bara skýringarnar sem hann gefur upp.“

Fram kom í Fréttablaðinu á laugardag að um 110 milljónir króna hefðu verið kyrrsettar sem Jón Ásgeir Jóhannesson hafði flutt yfir á tvö bresk fyrirtæki, sem nánir samstarfsmenn hans eru í forsvari fyrir. Millifærslurnar áttu sér stað daginn eftir að eignir hans voru kyrrsettar í Bretlandi. Jón Ásgeir sagðist í samtali við Fréttablaðið hafa verið að borga skuldir. Greiðslufyrirmælin hafi verið gefin út 7. maí, fjórum dögum fyrir kyrrsetningu. Tvo daga taki fyrir millifærslur í Bretlandi að komast í gegn. Greiðslurnar hafi lent á helgi og farið í gegn 12. maí, degi eftir að tilkynnt var um kyrrsetninguna.



**JÓN ÁSGEIR JÓHANNESSON**



**STEINUNN GUÐBJARTSDÓTTIR**

„Enda hefði ekki verið hægt að færa út af reikningnum ef hann hefði verið frosinn,“ sagði Jón Ásgeir.

Steinunn segir kyrrsetningu eigna ekki vera eins og frystingu reikninga. Þess vegna geti brot gegn kyrrsetningu haft alvarlegar afleiðingar í för með sér, jafnvel fangelsisvist.

- sv

Ungmennalandsmót UMFÍ:

## Ryskingar við samkomutjald

**LÖGREGLUMÁL** Unglingalandsmót Ungmennafélags Íslands fór fram í Borgarnesi um helgina og mótshald gekk vel fyrir sig að sögn Theódórs Þórðarsonar yfirlögregluþjóns hjá lögreglunni í Borgarfirði og Dölum. Á annað þúsund tók þátt í mótshaldi.

Lögreglan hafði afskipti af sautján ára strák vegna ryskinga við samkomutjald á tjaldstæðinu um klukkan ellefu á laugardagskvöld. Hann var færður á lögreglustöð þar sem foreldrar hans náðu í hann. - mmf

Formaður Jafnaðarmannaflokksins í Danmörku sætir gagnrýni vegna skattamála:

# Danir trúa ekki skýringum

**DANMÖRK** Helle Thorning-Schmidt, leiðtogi Jafnaðarmannaflokksins í Danmörku, hefur verið gagnrýnd harðlega undanfarna daga fyrir að hafa orðið margsaga um skattamál eiginmanns síns. Hún kom fyrr heim úr sumarfríi um helgina til þess að takast á við málið.

Eiginmaður hennar, Stephen Kinnock, er breskur en starfar í Sviss. Í júní síðastliðnum sagði Thorning-Schmidt að eiginmaðurinn eyddi innan við sex mánuðum í Danmörku á ári hverju og væri því undanþeginn því að borga skatta í landinu. Fyrir ári síðan hafði hún hins vegar sagt hann verja meirihluta ársins í landinu.

Andstæðingar Thorning-Schmidt hafa sakað hana um að reyna að sleppa við að borga skatta. Hún segir hins vegar að hjónin hafi ekki vitað að hægt væri að borga skatta í tveimur löndum. Um klaufaleg mistök hafi verið að ræða.

Kjósendur í Danmörku virðast þó ekki trúa þeim skýringum, því samkvæmt könnun sem Gallup gerði á sunnudag trúir meirihluti Dana ekki skýringum hennar. Aðeins 32 prósent telja að hún segi satt um málið. - þeb



**HELLE THORNING-SCHMIDT** Formaður Jafnaðarmannaflokksins í Danmörku hefur verið gagnrýndur fyrir skattamál eiginmannsins.



**Í KRIKKET** Breski forsætisráðherrann David Cameron sýndi listir sínar í krikket í opinberri heimsókn sinni til Indlands fyrir skömmu. NORDICPHOTOS/AFP



**VÍSIR.IS** Ný Tekjusíða Vísis hefur fengið meira en 40 þúsund heimsóknir á tveimur dögum. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Tekjusíða Íslendinga á Vísi.is:

## Um 40 þúsund heimsóknir

**TÆKNI Tekjusíða Íslendinga, ný viðbót á fréttasíðunni Vísir.is, hefur verið skoðuð um 40 þúsund sinnum á fimm dögum. Síðunni var hleypt í loftið á miðvikudag og gerir notendum kleift að skoða mánaðartekjur um þúsund þekktra Íslendinga á árinu 2009.**

**Hægt er að skoða einstaklingana með myndum þar sem þeir eru í stafrófsröð og nú hefur einnig nýjum flokkum eftir starfsstéttum verið bætt við. - sv**

Umferð í Borgarnesi:

## Engin alvarleg umferðaróhöpp

**LÖGREGLUMÁL** Engin alvarleg umferðaróhöpp urðu í umdæmi lögreglunnar í Borgarfirði og Dölum um helgina að sögn Theódórs Þórðarsonar yfirlögregluþjóns.

Ekki var mikið um hraðakstur en lögreglan hélt uppi öflugu eftirliti á þjóðvegunum meðal annars úr lofti með hjálp þyrlu Landhelgisgæslunnar.

Einn ökumaður var tekinn fyrir ölvun við akstur og reyndist hann einnig undir áhrifum fíkniefna. Auk þess voru sjö aðrir teknir fyrir akstur undir áhrifum fíkniefna. - mmf

Forstjóri Microsoft:

## Leita að mótleik við iPad

**TÆKNI Steve Balmer, forstjóri Microsoft, segir að það sé forgangsatriði hjá fyrirtækinu að hanna búnað sem geti verið svar framleiðandans við Apple iPad. Balmer sagði á ráðstefnu í Seattle á dögunum að Microsoft ynni að því með fyrirtækjum á borð við HP, Lenovo, Asus, Dell og Toshiba að hanna tölvu með sömu eiginleikum og iPad. Það var breska blaðið Telegraph sem greindi frá þessu. - jhh**


# 5.000 kr. af hverri milljón á mánuði

Í ljósi þeirrar óvissu sem ríkir um lán í erlendum myntum hefur Landsbankinn ákveðið að bjóða einstaklingum með íbúðalán í erlendri mynt kost á að greiða fasta mánaðarlega greiðslu af láninu. Viðskiptavinir greiða 5.000 krónur af hverri milljón af upprunalegum höfuðstól lánsins og getur það leitt til verulegrar lækkunar á greiðslubyrði lánsins. Greiðsla af láni sem upphaflega var 10 milljónir króna verður 50.000 krónur á mánuði.

Landsbankinn býður upp á fjölmargar lausnir fyrir einstaklinga. Ákveðið hefur verið að framlengja öll úrræði bankans til **1. nóvember.**

**KYNNTU ÞÉR AÐRAR LAUSNIR LANDSBANKANS**

- 25% höfuðstólslækkun lána í erlendri mynt
- 110% aðlögun íbúðalána
- Greiðslujöfnun lána
- Fjárhagsleg hagræðing
- Endurfjármögnun skammtímalána
- Eingöngu vaxtagreiðslur í eitt ár
- Tímabundin föst greiðsla af íbúðalánum í íslenskum krónum
- Frysting afborgana í allt að þrjú ár
- Frestun vegna sölutregðu

NBI hf. (Landsbankinn), kt. 471008-0280



ENNEMM / SÍA / NM43007

**LAUSNIR FYRIR HEIMILI** | landsbankinn.is | 410 4000

Landsbankinn

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Nýr borgarstjórnarmeirihluti ætlar til atlögu við rekstur Orkuveitunnar.

## Undið ofan af fínheitunum

Stjórnarformaður Orkuveitu Reykjavíkur hefur lýst því yfir að skorið verði niður í rekstri fyrirtækisins. Áætlun um niðurskurð á að liggja fyrir áður en tilkynnt verður um gjaldskrárhækkanir sem stendur til að farið verði í með haustinu. Niðurskurðurinn fer fram í kjölfar úttektar á rekstri Orkuveitunnar sem ljúka á um miðjan þennan mánuð.

SKOÐUN



Steinunn Stefánsdóttir

steinunn@frettabladid.is

Það er gott að nýr borgarstjórnarmeirihluti hyggst vinna hlutina í þessari röð og kannski er þetta dæmi um að nýir vendir geti í mörgum tilvikum sópað best. Í frétt blaðsins í dag orðar nýr stjórnarformaður Orkuveitunnar það svo pent að segja að honum virðist reksturinn „dálítið bólginn“. Þetta hefur nú mörgum þótt í gegnum tíðina því það verður að segjast eins og er að ákveðinn stórkallabragur hefur einkennt starfsemi Orkuveitunnar um allnokkurt skeið.

Vera kann að fækka megi starfsfólki Orkuveitunnar. Það er þó alltaf viðkvæmt að almannafyrirtæki fari í slíkar aðgerðir á tímum þegar atvinnuleysi er meira en við höfum þekkt í áratugi hér á landi. Meðallaun upp á 470 þúsund krónur benda hins vegar til að svigrúm sé til að lækka laun innan fyrirtækisins, það er að segja laun sumra, eins og gert hefur verið víða á hinum almenna vinnumarkaði. Meðallaun innan fyrirtækisins hafa enda hækkað verulega undanfarin fjögur ár þrátt fyrir að hafa lækkað eilítið milli áranna 2008 og 2009.

Ljóst er að ekki hverfa allir erfiðleikar Orkuveitunnar með því að trimma niður reksturinn því vandi hennar er jú fyrst og fremst til kominn vegna mikilla skulda í erlendri mynt en eins og stjórnarformaðurinn bendir á þá verður ekki unnið á skuldabagga veitunnar nema hvort tveggja komi til, lækkun útgjalda og hækkun tekna.

Það er gott til þess að vita að nú sé rekstur Orkuveitu Reykjavíkur skoðaður með gagnrýnum augum. Ekki svo að skilja að það hafi aldrei verið gert áður því ýmsir, bæði borgarfulltrúar og jafnvel stjórnarmenn í Orkuveitunni, hafa orðið til að benda á hluti sem betur mættu fara í rekstrinum. Þrátt fyrir það virðist sem lengi hafi ríkt allt að því pólitísk sátt allra flokka í borgarstjórn um nokkuð flottræfilslegan rekstur þessa borgarfyrirtækis.

Það er góðra gjalda vert að standa myndarlega að rekstri þess stóra orkufyrirtækis sem Orkuveita Reykjavíkur er. Framlag hennar til ýmissa verkefna, til dæmis menningartengdra, er umtalsvert og hefur skipt miklu máli. Að sautján fastráðna starfsmenn þurfi við almannatengsl og móttöku gesta í fyrirtækinu bendir þó til að einhver slagsíða sé komin á slíka starfsemi veitufyrirtækisins.

Ekki má nefnilega missa sjónar á því að grundavallarverkefni Orkuveitu Reykjavíkur hlýtur að vera að sjá neytendum sem kaupa af henni vatn og orku fyrir þessum nauðþurftum á skynsamlegu verði miðað við það að við búum hér í gósenlandi þegar kemur að bæði heitu og köldu vatni og eigum að njóta þess.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




Oddi – umhverfisvottuð prentsmiðja. Höfðabakka 7, 110 Reykjavík, sími 515 5000, www.oddi.is

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Vantraustið vakið

Nýja Ísland ætlar að verða vandskapað. Það var kannski alltaf tálsýn að hrunið og byltingin í kjölfar þess yrðu til þess að skapa nýtt samfélag gegnsæis og traustrar stjórnsýslu. Það var hins vegar það sem stefnt var að hjá nýjum valdhöfum. Því skýtur það nokkuð skökku við að sjá í hve margar stöður hefur verið ráðið hjá ríkisstjórninni án auglýsingar. Slíkt getur vissulega átt við í einhverjum tilfellum, en það gefur augaleið að í því ástandi tortryggni, sem fyrrverandi valdhafar völdu hér réttilega, eiga stjórnvöld að vekja traust frekar en vantraust.

### Túbur internetsins

Það þarf að fá Íslendinga til að loka WikiLeaks-síðunni að mati Liz Cheney, dóttur fyrrverandi varaforseta Bandaríkjanna, Dicks Cheney. Hún telur nefnilega að síðan skaði fólk meira en stefna föður hennar gerði. Látum það liggja á milli hluta, en skilningur hennar á internetinu virðist vera á sama plani og Johns MacCain, fyrrverandi forsetaframbjóðenda, sem taldi gögn hafa flækst í túbum internetsins. Ekki nema von kannski, því eins og allir vita fann Al Gore internetið upp.



### Kannski að kíkja í spegil

Tryggvi Þór Herbertsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, skammar það sem hann kallar „góða fólkið“ í pistli á heimasíðu sinni í gær. Það fólk „hefur góð tök á að tjá sig á Netinu“ eins og Tryggvi og „bloggar oftar en ekki fasta dálka á vinsælustu síðum landsins“ líkt og Tryggvi, sem er Eyjubloggari. Munurinn liggur í að Tryggva finnst góða fólkið ala á sundrung og tortryggni, ólíkt honum sjálfum, sem í embætti efnahagsráðgjafa Geirs H. Haarde gerði allt til að sameina og eyða tortryggni um og eftir hrun. Eða hvað?



kolbeinn@frettabladid.is

HALLDÓR




## Sjávarútvegsmál og ESB aðild

Evrópumál



Einar Benediktsson

Fyrrverandi sendiherra

Það hefur löngum legið fyrir að sameiginleg stefna Evrópusambandsríkja í sjávarútvegsmálum væri andstæð hagsmunum Íslands enda mörkuð fyrir aðstæður í Norðursjó. Utanríkisráðherra lagði mál okkar fyrir við upphaf samningaviðræðna í Brussel 27. júlí. Mikilsvert er að menn átti sig á samningsmarkmiðum Íslands til að tryggja varanleg yfirráð yfir auðlindinni samfara fullu viðskiptafrelsi. Ráðherra lagði áherslu á hið einstaka vægi sjávarútvegsins fyrir efnahagslíf þjóðarinnar og þá staðreynd að fiskveiðilögsagan liggur ekki að lögsögu nokkurs ESB-ríkis. Fiskistofnar landgrunnsins okkar eru yfirleitt staðbundnir og engin þjóð hefur veiðireynslu við Íslandsstrendur eða tilkall til neinna veiða hér skv. reglum ESB. Sértæk stjórnun okkar á eigin fiskimiðum tæki mið af sérstökum aðstæðum Íslands og væri reyndar í samræmi við reglur ESB sem má beita við stjórnun strandríkis á nálægum fiskimiðum sínum.

Það hefur margoft verið sagt að Ísland eigi fram undan erfiða samninga um að ná aðgengilegum lausnum fyrir sjávarútveginn. Verra er ef grafið er undan samningamönnum með fullyrðingum heimamanna um að samningar séu til einskis og þjóðin eigi að vera andsnúin Evrópusambandinu, eins og Morgunblaðið heldur fram. Ber væntanlega svo að skilja, að þar á bæ liggi fyrir full vitneskja um samningsniðurstöður og engin þörf á að þjóðin fái að lokum að segja sitt.

Talsmenn Evrópusambandsins hafa lýst áhyggjum yfir að því aðildarumsókn Íslands njóti þverrandi stuðnings meðal

> Sértæk stjórnun okkar á eigin fiskimiðum tæki mið af sérstökum aðstæðum Íslands.

þjóðarinnar. Kallað er eftir upplýstri umræðu í stað óupplýsts hræðsluáróðurs. Er nú ekki tími til kominn að Morgunblaðið hefji á ný óhlutdræga upplýsingu um Evrópumál? Fyrsta skrefið gæti verið að taka undir þau sjónarmið varðandi sjávarútvegsmál sem utanríkisráðherra lýsti við upphaf aðildarsamninganna. Væri það þjóðhollusta og í anda þess sem segir í grein sr. Þóris Stephensen í Morgunblaðinu 28. júlí.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Jafnrétti og sjálfsvirðing

ÍDAG



Jónína Michaelsdóttir
Blaðamaður

Þegar ég var að vaxa úr grasi tíðkaðist ekki að konur ynnu utan heimilis, nema þær væru einstæðar eða ekkjur. Ég man aðeins eftir þremur konum í mínu umhverfi. Ég minnist þess heldur ekki að hafa heyrt um konur sem sóttust eftir því. Frekar að þeim væri vorkennt sem þurftu að skilja börn sín eftir hjá vandalausum, eða ein, alla daga.

Baráttan fyrir jafnrétti kynjanna hér á landi var lengst af barátta kvenna og við þær kennd. Fordómar gagnvart útivinnandi mæðrum snerust upp í fordóma gegn þeim sem kusu að vera heimavinnandi þegar kvennabaráttan komst á skrið. Hvað þessar konur gætu verið að gera heima hjá sér allan daginn þegar tæknin hefði gert heimilisstörfin áreynslulaus! Brýnasta réttindamálið væri góð barnaheimili, enda sérhæfðir fagmenn og oft mun betri uppalendur en foreldrarnir.

Yngsta systir mín var mjög kröftug í kvennabaráttunni á sínum tíma, sem og flestar vinkonur mínar, flottar og klárar konur. Sjálfri fannst mér frelsið mikilvægast. Að hafa val, og það væri borin virðing fyrir því vali. Ein úr vinahópnum sagðist ekki hafa neina fordóma gagnvart heimavinnandi húsmæðrum, síður en svo. Ef þær vildu vera á framfæri, ættu þær auðvitað að ráða því!

**Að geta séð um sig**

Í dag er jafnrétti kynjanna sjálfsagður hlutur. Kvennabarátta er orðin jafnréttisbarátta í víðara samhengi. Konur finna kröftum sínum og hæfileikum viðnám í atvinnulífi, stjórnmálum og listum. Í þessu ferli hefur verið lögð áhersla á mikilvægi þess fyrir sjálfsvirðingu kvenna að geta séð fyrir sér sjálfar. Vera ekki á framfæri, eins og vinkona mín sagði um árið. Hins vegar hef ég ekki hvorki heyrt karla eða konur tengja sjálfsvirðingu karla við að þeir geti séð um sig, og það er dálítið merkilegt í nútímasamfélagi. Karlar nefna það oft í viðtölum, drýldnir og brosandi að þeir séu liðtækir á grillinu, en konan sjái um hitt. Jafnvel tæknimenntaðir karlar treysta sér ekki til að læra á þvottavélina. Þvottur er ekki þeirra fag. Sumir fá áhuga á eldamennsku og njóta sín í eldhúsinu, en ekki endilega í þrifum. Auðvitað er víða gott samstarf milli hjóna á heimilum þar sem bæði vinna langan vinnudag. Samt heyrir maður enn ólík viðhorf til afkasta karla og kvenna á þessum vettvangi. Það er grunnt á því viðhorfi að konan sjái um heimilið, en karlinn hjálpi til. Og það er gjarnan undirliggjandi virðing í rödd þess sem talar um framlag karlsins, jafnvel þegar börn hans eiga í hlut.

> Hins vegar hef ég ekki hvorki heyrt karla eða konur tengja sjálfsvirðingu karla við að þeir geti séð um sig, og það er dálítið merkilegt í nútímasamfélagi. Karlar nefna það oft í viðtölum, drýldnir og brosandi að þeir séu liðtækir á grillinu, en konan sjái um hitt.

Mér finnst furðulegt að körlum í nútímasamfélagi finnist ekkert athugavert við að geta ekki séð um sig. Þá á ég ekki við að verkaskipting á heimili kunni ekki að vera þannig að hann þurfi þess ekki í dagsins önn. En ef út af bregður ætti fullvaxinn karlmaður að geta eldað mat, kunna á þvottavél, geta straujað af sér sjálfur og ryksugað. Ef það styrkir sjálfsvirðingu kvenna að geta séð fyrir sér, þá ætti það að styrkja sjálfsvirðingu karla að geta séð um sig, og gera það.

**Margrét í Seli**

Uppeldi og umhverfi ræður miklu um viðhorf okkar gildismat. Jafnrétti er ekki ný hugmynd á Íslandi þó að hún hafi ekki náð að blómstra fyrr en á okkar tímum.

Það var gaman að lesa um Margréti í Seli, ljósmóður á Stokkseyri. Henni er lýst þannig að hún hafi verið meðalkona á hæð, fíngerð, vel greind með fallega söngrödd, glaðvær, en gætin í orðum. Hún gekk í öll karlmannsstörf úti og inni, og kenndi sonum sínum hefðbundin kvennastörf. Hún kenndi þeim að gera sér skó, vefa í vefstól, matreiða allan algengan mat, prjóna sokka og sauma föt sín og bæta.

Á veturna sagði hún þeim sögur og kenndi þeim kvæði og sálma og lét þá syngja við húslestra.

Synir Margrétar, Selsbræður, voru síðar þekktir fyrir framtakssemi, listhneigð og næmi. Margrét í Seli var amma Páls Ísólfssonar, og því langamma Þuríðar Pálsdóttur. Ekki er ofsagt að þessi kona hafi verið á undan sinni samtíð.

## AF NETINU

### Góð frétt frá Bloomberg

Bloomberg, alias Ómar R. Valdimarsson, segir, að ekki sé meirihluti Alþingis fyrir auknu ríkisfé til bankanna. Gott er, ef satt er. Ómar hefur talað við þingmenn, segir alla stjórnarandstöðuna og þrjá vinstri græna vera andviga. Ríkið mun á næsta ári skulda 100% af landsframleiðslu. Það er of mikið og ekki má bæta meiru ofan á. Ríkisstjórnin virðist ætla að endurtaka mistök ríkisstjórnar Geirs Haarde. Fyrst og fremst að undirlagi Gylfa Magnússonar, sem er versti ráðherrann. Nær væri að hafa Guðfríði Lilju Grétarsdóttur í hans embætti. Hún segir, að meira en nógu fé hafi þegar verið pumpað inn.

jonas.is

**Jónas Kristjánsson**

### Dóttir Cheneys og WikiLeaks

Liz Cheney er dóttir geðbilaðs stríðsæsingamanns sem nefnist Dick Cheney. Sá var einn helsti áhrifamaðurinn í ríkisstjórnum Bushfeðganna. Í tíð hins síðari keyrðu völd hans um þverbak. Heimsbyggðin er enn að súpa seyðið af því. Því miður var eins og Cheney og co. væru kærir bandamenn Íslands á þeim tíma. Dóttirin veður í villu og svíma þegar hún talar um Ísland og WikiLeaks á Fox sjónvarpsstöðinni (hvar annars staðar?)

eyjan.is/silfuregils

**Egill Helgason**

### Að brúa kynslóðabilið

Brekkusöngurinn í Eyjum er til sóma Árna Johnsen og öðrum sem að honum standa því hann sameinar kynslóðirnar á einstakan hátt og brúar kynslóðabilið. Þarna má heyra lög og texta frá allri síðustu öld hljóma á einstakan hátt þegar ungir sem aldnir leggjast allir á sömu sveif. Það er mikil þörf fyrir slíkt á þessum tímum.

omarragnarsson.blog.is

**Ómar Ragnarsson**

## AF NETINU

### „Crime pays“

Hvernig væri einfaldlega að segja bankahyskinu að með tilliti til skítlegrar frammistöðu (og þvílík „understatement“) þess í starfi sé grundvöllur brostinn fyrir starfssamningum þess. Eða að krefja það um endurgreiðslu á „bónusunum“ sem það greiddi sjálfu sér fyrir sína fínu frammistöðu? Eða þá að sletta nokkrum stjórnvaldssektum – sem lög heimila – í smettið á þeim fyrir óteljandi brot á ákvæðum íslenskra laga um fjármálastarfsemi? Bankaslektið á þó greinilega pening – ólíkt fórnarlömbum þess – til að borga þær. Aðgerðir af þessu tagi myndu duga langa leið til að staga upp í gatið á hinum magra og mígleka ríkissjóði.

blog.eyjan.is/iris

**Íris Erlingsdóttir**






BÍLMAGNARAR BÍLHÁTALARAR ÚTVÖRP

# RISAÚ

MEIRA EN 1000 VÖRUTEGUNDI

ALLT AÐ 75%

UPPÞVOTTAVÉLAR ELDAVÉLAR
ÞVOTTAVÉLAR ÖRBYLGJUOFNAR
HRÆRIVÉLAR HÁFAR SAMLOKUGRILL
FRYSTIKISTUR ÞURRKARAR
BLANDARAR VÖFFLUJÁRN
OFNAR

NOKKUR VERÐDÆMI

PHILIPS SJÓNVÖRP MEÐ ALLT AÐ 250.000 KRÓNA AFSLÆTTI
KÆLI- OG FRYSTISKÁPAR MEÐ MIKLUM AFSLÆTTI
HÁRBLÁSARAR OG SLÉTTUJÁRN - VERÐ FRÁ KR. 995
POTTAR OG PÖNNUR MEÐ ALLT AÐ 60% AFSLÆTTI
PHILIPS LOFTHREINSITÆKI MEÐ ALLT AÐ 33% AFSLÆTTI

TAKMARKAÐ MAGN

*Fyrstur kemur – fyrstur fær!*

CASIO Lenco NAD KENWOOD PHILIPS Panasonic DENON UNITED BEKO scan domestic

SJÓNVÖRP BÍLTÆKI
DVD SPILARAR FERÐATÆKI
MP3 SPILARAR MAGNARAR
ÞRÁÐLAUSIR SÍMAR HLJÓMBORÐ
HÁTALARAR MYNDAVÉLAR HEYRNARTÓL
REIKNIVÉLAR

# TSALA

R MEÐ ÓTRÚLEGUM AFSLÆTTI

## AFSLÁTTUR

ÍSSKÁPAR KAFFIVÉLAR HELLUBORÐ
STRAUJÁRN RAKVÉLAR
RYKSUGUR

20 LÍTRA KENWOOD STÁL ÖRBYLGJUOFN AÐEINS 11.995 KR.
**PHILIPS HÁRVÖRUR MEÐ ALLT AÐ 40% AFSLÆTTI**
HEYRNARTÓL MEÐ ALLT AÐ 50% AFSLÆTTI
**PHILIPS HLJÓMTÆKI - VERÐ ÁÐUR KR. 69.995**
**- NÚ KR. 39.995 - AFSL. KR. 30.000 EÐA 43%**

*Sjá allt úrvalið á ht.is*

**Opið laugardaga**
**kl. 10 – 16**

ide line Melissa TecnoWind Bauknecht elna exido Indesit DeLonghi Whirlpool

**JAMES HETFIELD ER 47 ÁRA Í DAG.**

*„Ég kýs að lifa, ekki bara að vera til.“*

***Hetfield er aðalsöngvari og lagahöfundur bandarísku hljómsveitarinnar Metallica.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 3. ÁGÚST 1980

## *Safn í minningu Jóns Sigurðssonar*

Hrafnseyri er gamall bæjarstaður á Vestfjörðum, nefndur eftir Hrafni Sveinbjarnarsyni sem bjó þar á 12. öld. Þar fæddist Jón Sigurðsson, ein helsta sjálfstæðishetja Íslendinga á 19. öld, þann 17. júní 1811 og á þessum degi árið 1980 opnaði Vigdís Finnbogadóttir, þá nýkjörin forseti Íslands, safn í minningu hans á staðnum. Við sama tækifæri var vígð þar kapella í minnningu Jóns. Þess má geta að vegna breytinga á safninu fyrir 200 ára afmæli hans verður safninu lokað frá 8. ágúst næstkomandi og til 17. júní 2011. Þá verður safnið opnað aftur með nýrri sýningu um sjálfstæðisbaráttu Íslendinga.

Heimild: www.wikipedia.org.



## MERKISATBURÐIR

**1905** Bændur mótmæla lagningu ritsíma til Íslands með því að fjölmenna til Reykjavíkur. Þeir vildu fá loftskeytasamband í staðin.

**1914** Þjóðverjar segja Frökkum stríð á hendur.

**1960** Níger fær sjálfstæði frá Frakklandi.

**1969** Um tuttugu þúsund manns voru á Sumarhátíðinni í Húsafellsskógi, eða um tíundi hver Íslendingur. Þetta er fjölmennasta útihátíð sem haldin hefur verið um verslunarmannahelgina.

**1984** Ringo Starr, trommuleikari Bítlanna, er heiðursgestur á útihátíð í Atlavík.

## AFMÆLISBÖRN



**TÓMAS LEMARQUIS** leikari er 33 ára í dag.



**EYJÓLFUR SVERRISSON** knattspyrnumaður er 42 ára í dag.



**EVANGELINE LILLY** leikkona er 31 ára.



**MARTHA STEWART** fjölmiðlakona er 69 ára.



**Á LAUGAVEGI** Götusala hefur verið leyfð um tíma í miðbænum.

# Götusala leyfð í miðbænum

Í kjölfar þess að Reykjavíkurborg hefur sent frá sér tilkynningu um tímabundið leyfi til götu- og torgsölu geta vegfarendur um götur miðbæjar Reykjavíkur átt von á því að sjá margs konar varning á hverju götuhorni.

Rithöfundaforlagið Nýhil ákvað til dæmis að nýta sér þetta tímabundna leyfi borgarinnar um síðustu helgi og gátu íbúar og gestir Reykjavíkurborgar nýtt tækifærið og fjárfest í bókverkum. - jbá



**Á KAFI Í TÓNLIST OG RAUNGREINUM** Árni segir góðan árangur í Ólympíukeppninni auðvelda fólki að komast inn í virta háskóla. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**ÁRNI JOHNSEN:** VANN TIL BRONSVERÐLAUNA Í ÓLYMPÍUKEPPNINNI Í EFNAFRÆÐI

# Er með skothelt framtíðarplan

Árni Johnsen, nýútskrifaður stúdent og semídúx frá Menntaskólanum við Hamrahlíð, vann til bronsverðlauna í alþjóðlegu Ólympíukeppninni í efnafræði sem fór fram í 42. skipti í Tókýó dagana 19. til 29. júlí en hann varð jafnframt í þriðja sæti af þátttakendum á Norðurlöndunum. Árni komst að í keppninni eftir glæsilegan árangur í 9. landskeppninni í efnafræði sem fór fram á vormánuðum og hélt utan ásamt þremur öðrum íslenskum keppendum eftir rúmlega tveggja vikna stranga þjálfun.

„Keppnin er tvíþætt þar sem 40 prósent eru verkleg en 60 prósent bókleg. Í verklega hlutanum áttum við að framkvæma þrjár tilraunir en í þeim bóklega voru níu spurningar sem var ætlað að mæla fræðilega þekkingu og rökhugsun og gekk mér sérstaklega vel í þeim hluta,“ upplýsir Árni. Hann segir verðlaun veitt fyrir fyrsta, annað og þriðja sætið en síðan fái ákveðið hlutfall þátttakenda gull, silfur og brons. Þátttakendur í keppninni í ár voru 268 menntaskólanemar frá 68 þjóðlöndum. Þetta er í níunda skipti sem Íslendingar taka þátt og í þriðja skipti sem þeir vinna til verðlauna.

En hvað veldur því að menn ákveða að leggja þetta á sig? „Erlendir háskólar horfa mikið til þess hverjir komast í þessa keppni og ná góðum árangri svo þetta hjálpar til ef ætlunin er að sækja um inngöngu í erlenda háskóla, hvort sem er í efnafræði eða öðru. Þá fengum við styrki frá bæjarfélögum okkar auk þess sem ég fékk styrk úr afreks- og hvatningasjóði stúdenta. Það kom sér vel enda fellur sumarvinna út á meðan á undirbúningi undir keppnina stendur.“

Árni ætlar í eðlisfræði í Háskóla Íslands í haust og stefnir svo á læknisfræði að því námi loknu. „Ég held að það sé nokkuð skothelt plan.“ Raungreinarnar eru Árna þó ekki allt því hann er líka langt kominn í píanónámi og tekur burtfararpróf frá Listaskóla Mosfellsbæjar áður en langt um líður.

vera@frettabladid.is




†

*Útför ástkærs vinar okkar*

**Ólafs Sigurðssonar**

frá Syðri-Gegnishólum, Gaulverjabæjarhreppi

sem lést 17. júlí verður gerð frá Gaulverjabæjarkirkju miðvikudaginn 4. ágúst kl. 14.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Kumbaravog.

**Svala H. Steingrímsdóttir**
**Margrét Ívarsdóttir**
**og aðrir vandamenn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**



†

*Ástkær eiginkona, móðir, tengdamóðir, amma og langamma*

**Björg Aðalheiður Eiríksdóttir (Dídí)**

sem lést á hjúkrunarheimilinu Skjóli miðvikudaginn 28. júlí verður jarðsungin frá Grensáskirkju fimmtudaginn 5. ágúst kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á MND félagið.

**Höskuldur Guðmundsson**
**Eiríkur Örn Höskuldsson** **Eyrún Guðnadóttir**
**Valur Höskuldsson**
**Guðmundur Kristinn Höskuldsson** **Sigrún Víglundsdóttir**
**Höskuldur Reynir Höskuldsson** **Sigríður Herdís Pálsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn**



†

*Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, systir, amma og langamma*

**Sigríður Unnur Konráðsdóttir (Didda)**

Langholtsvegi 142

sem lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi fimmtudaginn 22. júlí, verður jarðsungin frá Langholtskirkju miðvikudaginn 4. ágúst kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Rjóðrið, heimili fyrir langveik börn, reikningsnúmer 0130-15-391861, kt. 681205-1870.

**Ægir Vigfússon**
**Viktor Ægisson** **Guðrún Baldursdóttir**
**Konráð Ægisson** **Þórunn Björg Birgisdóttir**
**Lúðvík Berg Ægisson** **Guðrún Júlína Tómasdóttir**
**Aldís Björk Ægisdóttir**
**Guðlaug Konráðsdóttir**
**ömmubörn og langömmubörn.**

**LÝÐHEILSUSTÖÐ** hefur gefið út leiðbeiningar um ráðlagða hreyfingu. Mælt er með að fullorðnir hreyfi sig minnst í hálftíma og börn í klukkutíma á dag.



;ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ Sölufulltrúar Henný Árnadóttir henny@365.is 512 5427 Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Þórdís Hermannsdóttir thordish@365.is 512 5447












Rósa Ómarsdóttir, Berglind Pétursdóttir, Védís Kjartansdóttir og Ásrún Magnúsdóttir, hér í gervi hests, standa að baki Hnoði sem er sjálfstætt starfandi sviðslistahópur. Hópurinn frumsýnir verk um kynsjúkdóma á listahátíðinni artFart og semur hljómsveitin Sword of Chaos tónlistina. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Kinnroðalaus umræða

**Kynsjúkdómar og heimsóknir til kvensjúkdómalæknisins eru umfjöllunarefni verks sem sviðslistahópurinn Hnoð frumsýnir á listahátíðinni artFart. Fyrsta læknadramað í langan tíma segir Ásrún Magnúsdóttir.**

„Við erum ekki að reyna að hneyksla, gagnrýna eða halda einhverjum áróðri á lofti, heldur miklu frekar að vekja fólk til umhugsunar um þessa hluti og sýna fram á að þetta þarf alls ekki að vera eitthvert feimnismál,“ segir Ásrún Magnúsdóttir, meðlimur í sviðslistahópnum Hnoði, sem mun frumsýna nýtt verk á listahátíðinni artFart, sem verður haldin í fimmta skipti 5.-22. ágúst.

Kynsjúkdómar eru umfjöllunarefni verksins sem kallast Snoð, en kveikjan að því var þegar Krabbameinsfélag Íslands boðaði meðlimi Hnoðs, fjórar vinkonur, í leghálsskoðun á síðasta ári. „Við fengum allar tilmæli um að mæta í skoðun í fyrsta sinn í fyrra þegar við vorum tvítugar, en félagið boðar konur í leghálsstrok á tveggja ára fresti frá þeim aldri til að finna hvort forstigsbreytingar eða leghálskrabbamein á frumstigi finnist. Í framhaldi af því uppgötvuðum við hversu mikið feimnismál heimsóknir til kvensjúkdómalæknisins virðast vera og þannig varð hugmyndin að verkinu til, en það byggjum við á eigin reynslu og annarra, sem við höfum heyrt um og lesið okkur til um á Netinu,“ segir Ásrún og telur að þetta sé fyrsta íslenska læknadramað í langan tíma sem sýnt er á íslensku sviði. „Að minnsta kosti svo við munum eftir.“

Ásrún er þeirrar skoðunar að skortur á umræðu sé helsta ástæða þess að enn þyki vandræðalegt að fjalla um kynsjúkdóma í íslensku samfélagi. „Þetta er allt svo bælt, skammarlegt og hallærislegt eitthvað og engu líkara en fólk haldi að það fái á sig einhvern stimpil ef það greinist með kynsjúkdóm sem er alls ekki tilfellið, öðru nær. Fleiri greinast heldur en margur gæti haldið, alls konar stelpur sem eru að hugsa um og ganga í gegnum sams konar hluti án þess að þora að ræða um það. Með verkinu viljum við varpa ljósi á akkúrat þá staðreynd.“

Snoð verður frumsýnt í Smiðjunni, húsnæði Listaháskóla Íslands að Sölvhólsgötu 13, þann 19. ágúst næstkomandi og svo sýnt aftur dagana 20. og 22. ágúst. Nánari upplýsingar á www.artfart.is.

*roald@frettabladid.is*



**ÚTILEIKIR** sameina heilbrigða hreyfingu, skemmtun og útiveru. Víða á Netinu er að finna upplýsingar um útileiki, meðal annars á leikjavefurinn.is.





Undirstöðuatriði í badminton er á meðal þess sem kennt verður á námskeiði Sumarskóla TBR.

# Útivist og hreyfing

**Sumarskóli TBR hefur notið vinsælda en síðasta námskeiðið hefst í dag.**

Sund, ratleikir og badminton er á meðal þess sem boðið er upp á hjá Sumarskóla TBR 2010, sem er ætlaður börnum á aldrinum sex til þrettán ára. Síðasta námskeiðið hefst í dag og eru enn nokkur pláss laus.

Badmintoníþróttin skipar veglegan sess í starfi skólans, enda er hún aðalíþrótt TBR og gefst þátttakendum á námskeiðum skólans færi á að kynnast grunnatriðum hennar, svo sem gripi, uppgjöf og háhöggi og fer kennsla fram bæði í formi leikja og tækniæfinga. Heils- og hálfsdagsvistun verður í boði, frá klukkan 9–13 og 9–16. Hægt er að fá gæslu frá klukkan 8–9 og frá klukkan 16–17. Þá er boðið upp á léttan hádegisverð fyrir þau börn sem eru í heilsdagsvistun.

Nánar á www.tbr.is. *- rve*

# Hinsegin gleði árið 2012

**Stærsta alþjóðlega sundíþróttamótið sem haldið hefur verið á Íslandi mun fara fram árið 2012. Umsókn Íþróttafélagsins Styrmis um að halda alþjóðlegt hinsegin sundíþróttamót var samþykkt um helgina.**

„Við studdum vel við bakið á umsókn Styrmis og með stuðningi og áhuga Sundsambands Íslands getur þetta orðið viðburður sem verður lengi í minnum hafður hjá þjóð með opinn hug og hjörtu, Íslendingum,“ segir Lars Vestergaard, formaður IGLA, alþjóðlegs sundsambands homma og lesbía.

IGLA hefur samþykkt umsókn Íslands um að halda alþjóðlegt hinsegin sundíþróttamót árið 2012 en það er árlegt mót. „Þetta er stærsta alþjóðlega sundmótið sem haldið hefur verið á Íslandi. Við fengum það í gegn um helgina að í maí 2012 verður hér keppt í sundi, dýfingum, samhæfðu sundi og sundknattleik,“ segja Bjarni Snæbjörnsson og Jón Þór Þorleifsson, sem eru í undirbúningsnefnd mótsins. Þeir búast við rúmlega þúsund keppendum.

„Hugmyndin kom frá Lars á síðasta ári og við erum búin að vera í því ferli að sækja um að fá að halda mótið hér á Íslandi,“ segja Bjarni og Jón Þór. Lars útskýrir það nánar: „Ég fann fyrir gríðarlegum áhuga frá Íþróttafélaginu Styrmi þegar ég hitti sundliðið þeirra í fyrsta sinn á Outgames í Kaupmannahöfn á síðasta ári og nú ári síðar munu Íslendingar halda alþjóðlegt hinsegin sundíþróttamót árið 2012.“

Áætlað er að mótið fari fram í Laugardalslaug, Sundhöll Reykjavíkur og í Nauthólsvík. „Við undirbúninginn höfum við verið í góðu sambandi við marga aðila,“ segja Bjarni og Jón Þór. „Til dæmis styður Sundsamband Íslands hundrað prósent við bakið á okkur og líka Reykjavíkurborg. Það eru margir góðir aðilar sem koma þarna að.“

Mótið er þekkt erlendis að sögn þeirra Jóns Þórs og Bjarna og mun vekja jákvæða athygli á Íslandi. „Íslendingar verða kynntir fyrir samhæfðu sundi og dýfingum sem hefur ekki verið stundað neitt að ráði hér. Og ég tala nú ekki um að fá sundknattleikslið til að keppa við þessi fáu lið sem eru hérna núna. Svo er það bara gleðin sem fylgir því að halda hinsegin fögnuð af hvaða tagi sem það er.“

*martaf@frettabladid.is*



Liði Styrmis á Gaygames í Köln gengur vel og hefur nú þegar fengið fjögur gull, eitt silfur og brons eftir einn keppnisdag. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



Jón Þór Þorleifsson og Bjarni Snæbjörnsson eru í undirbúningsnefnd mótsins ásamt Hafdísi Erlu Hafsteinsdóttur, Hannesi Páli Pálssyni og Pétri Óla Gíslasyni. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL


Rauðakrosshúsið

Dagskrá vikunnar

Vikan 2. - 6. ágúst

Mánudagur 2. ágúst

▶ Lokað! Frídagur verslunarmanna

Gönguhópurinn Njótandi og þjótandi - Gengið um höfuðborgarsvæðið tvisvar í viku (mán. kl. 13 og mið. kl.10) og margvíslegir staðir skoðaðir. Upplýsingar um upphafsstaði hverju sinni á raudakrosshusid@gmail.com.

Þriðjudagur 3. ágúst

▶ Taktur - Fyrir 16-25 ára. Atvinnuleitin, listahópar og margt fleira. Kl. 9 -12

▶ Prjónahópur - Prjónahópurinn er alla jafna á mánudögum. Við prjónum úti ef veður leyfir. Kl. 13 -15

▶ Bowen tækni - Kynntu þér tækni sem getur lagað kvilla og bætt líðan. 20 mín. prufutímar fyrir einstaklinga. Skráning nauðsynleg. Kl.13.30-15.30

▶ Sáttamiðlun - Í mörgum löndum er sáttamiðlun algeng aðferð til lausnar deilumála, en út á hvað gengur hún og fyrir hverja er hún? Umsjón: Silja Ingólfsdóttir, sáttamaður. Kl.14-15

▶ Gönguhópur kl. 13 -14 ▶ Vinnum saman (Býflugurnar) kl. 14 -16

Miðvikudagur 4. ágúst

Miðvikudagar eru dagar unga fólksins í Rauðakrosshúsinu

▶ Taktur - Fyrir 16-25 ára. Atvinnuleitin, listahópar og margt fleira. Kl. 9 -16

▶ Briddsklúbbur kl. 14 -16

Fimmtudagur 5. ágúst

▶ Taktur - Fyrir 16-25 ára. Atvinnuleitin, listahópar og margt fleira. Kl. 9 -12

▶ Heilsuhópur - Umræður um betri líðan. Hvað hefur þú til málanna að leggja? Viltu fá hvatningu til að hreyfa þig meira? Kl. 14-15

▶ Jóga - Léttar æfingar og teygjur. Komdu og prófaðu. Kl. 15 -16

▶ Tölvuaðstoð kl. 13:30-15:30 ▶ Jóga kl. 15 -16

Föstudagur 6. ágúst

▶ Útileikfimi í Nauthólsvík - Fyrir alla sem vilja. Útileikfimi og sjósund. Mæting í Nauthólsvík. Umsjón: Heilsuhópur Takts og Gönguhópurinn Njótandi og þjótandi. Kl. 10

▶ Mexíkósk matargerð - Lærðu að útbúa góðan, en ódýran, mexíkóskan rétt og fáðu smakk í lokin. Umsjón: César og Janet Rodriguez. Kl.13.30-14.30

▶ Hláturjóga - Viltu losa um spennu og fylla lífið af hlátri og gleði? Kl.15-16

Rauði kross Íslands
Rauðakrosshúsið

Borgartúni 25 | Reykjavík | Sími 570 4000 | raudakrosshusid@redcross.is
www.raudakrosshusid.is | Opið mánudaga til föstudaga kl. 13-16



Verðhrun
í Flash

Kápur ~~áður 24.990~~
Nú 4.990

Kjólar ~~áður 14.990~~
Nú 4.990

Skokkar ~~áður 16.990~~
Nú 4.990

Mussur ~~áður 9.990~~
Nú 4.990

Buxur ~~áður 9.990~~
Nú 4.990






FLASH
Laugaveg 54,
sími: 552 5201



TVEIR FLOTTIR





teg. 42026 - stækkar þig um heilt númer, fæst í BC skálum á kr. 4.350,- buxur í stíl á kr. 1.990,-





teg. 7217- mjúkur og yndislegur í CDE skálum á kr. 4.350,- buxur í stíl á kr. 1.990,-

Misty -fyrir allar konur

Laugavegi 178 - Sími: 551 2070
Sími 551 3366.
Opið mán.-fös. 10-18,
Lokað á laugardögum í sumar
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.misty.is
Vertu vinur



;ALLT Á FERÐINNI

Jóna María Hafsteinsdóttir
jmh@365.is
sími 512 5473

Henný Árnadóttir
henny@365.is
sími 512 5427

Þórdís Hermannsdóttir
thordish@365.is
sími 512 5447

Miðvikudaga



**FATASKÁPURINN** er nokkuð sem er ágætt að taka til í reglulega. Koma skipulagi á það sem er í notkun, geyma það sem má nota seinna, gefa það sem gæti nýst öðrum og henda því sem ónýtt er.





Það er alltaf svolítið notalegt að sofna undir hálfgegnsærri himnasæng

NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES



# Svifið inn í draumalandið

**Gamaldags himnasængur skapa alltaf svolítið rómantískan blæ í svefnherberginu og eitthvað sefandi við að leggjast til svefns í þeim.**

Það er eitthvað svo notalegt við það að skríða upp í fallega umbúið rúm sveipað hálfgegnsæum sængurhimni. Flestar litlar stelpur dreymir einhvern tímann um að eignast svoleiðis prinsessurúm og einhverjar fá líka drauma sína uppfyllta.

Ekki þarf að vera svo flókið eða dýrt að setja upp einfaldan sængurhimin. Nóg getur verið að festa króka í loftið og hengja svo eitthvert fallegt efni á þá. Bleyjugas er til dæmis tilvalið þar sem það er ódýrt og auðvelt að þvo það. Svo er það líka svona mátulega gegnsætt til að skapa réttu stemninguna.

*emilia@frettabladid.is*










# ÚTSALAN ER HAFIN

**10-50%**

afsláttur af öllum vörum

Útsalan er einnig í vefverslun

**www.lindesign.is**

Lín DESIGN

Lín Design - gamla sjónvarpshúsið Laugavegi 176 - Sími 533 2220 - www.lindesign.is



VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 SPORT 2 INNIHELDUR SPORT 2 SPORT 3 SPORT 4 SPORT 5
512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000






**Nú stendur yfir sumarfrístími starfsmanna og biðjum viðskiptamenn okkar um að sýna biðlund, nái þeir ekki sambandi við skrifstofuna símleiðis.** Við viljum hvetja ykkur til að nota netföng og talhólf varðandi fyrirspurnir. Þeim verður svarað eins fljótt og unnt er

Bogi Pétursson lögg. fasteignasali
Finnbogi Hilmarsson lögg. fasteignasali

**Sími 530 6500**
heimili@heimili.is

Erum með fjölda eigna á skrá þar sem fólk er tilbúið að skoða ýmis skipti.
**Hafðu samband** við okkur og kannaðu möguleika á eign í makaskiptum. Þú gætir verið komin í hentugri eign áður en þú veist af.

Á Heimili fasteignasölu starfa eingöngu öflugir löggiltir fasteignasalar,með áratuga reynslu í fasteignasölu, sem eru tilbúnir að vinna fyrir **ÞIG!** Við leggjum áherslu á vönduð og traust vinnubrögð með hagsmuni þína að leiðarljósi.

heimili FASTEIGNASALA

## Fasteignaauglýsingar í Fréttablaðinu

Sölumenn:

**Viðar Ingi Pétursson**
Sími: 512-5426
vip@365.is

**Hrannar Helgason**
s. 512 5441
hrannar@365.is

## FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU

Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing




Allt sem þú þarft...

# Sjávarlóð á Seltjarnarnesi

**Fasteignamarkaðurinn hefur til sölu glæsilegt 218 fm einbýlishús á tveimur hæðum á eignarlóð, sjávarlóð á sunnanverðu Seltjarnarnesi.**



Fallegt útsýni er úr húsinu sem stendur á sjávarlóð á sunnanverðu Seltjarnarnesi.

Lóðin, „ásamt fjörunni fram af lóðinni og sjávarrjettindum“ eins og segir í afsali, er tæpir 1000 fm. með stóru bílastæði norðan megin við húsið. Innbyggður bílskúr.

Húsið er teiknað af Hauki Viktorssyni arkitekt, steinsteypt og efri hæð klædd svartri skífu. Álþak er á húsinu. Á móti norðri er húsið nokkuð lokað en opið á móti sjónum í suður. Á neðri hæð er forstofa, innri forstofa, sjónvarpsherbergi/svefnherbergi, fataherbergi, bað með innfelldu, flísalögðu baðkeri og þvottahús. Gólf á neðri hæð eru flísalögð (Buchtal). Úr innri forstofu er gengið út á pall með heitum potti.

Opinn stigi er á milli hæða. Á efri hæð er mikil lofthæð. Þar er hol, borðstofa, eldhús, stofa með bókalofti, svefnherbergi og bað. Öll gólf eru þar parketlögð nema flísar á baði. Úr holi er gengið út á stórar flísalagðar suðursvalir með útsýni yfir fjöllin í suðri, Skerjafjörð, Álftanes og Reykjanes allt vestur á Garðskaga, sama útsýni er úr öllum herbergjum.

Fasteignasala Mosfellsbæjar



Einar Páll Kjærnested
lögg. fasteignasali.
einar@fastmos.is

KJARNA - ÞVERHOLTI 2 • 270 MOSFELLSBÆ • SÍMI: 586 8080 • FAX: 586 8081
WWW.FASTMOS.IS

## Skólabraut - 270 Mosfellsbær




160,9 m2 einbýlishús með bílskúr á fallegum stað við Skólabraut. Frábær staðsetning! Stutt í skóla og alla þjónustu. Stór lóð með timburverönd og fallegu útsýni. **Lækkað verð 36,9 m.** 4821

## Spóahöfði - Raðhús




Glæsilegt 175,1 m2 raðhús með bílskúr við Spóahöfða í Mosfellsbæ. Í húsinu eru þrjú svefnherbergi. Þetta er falleg eign í góðu hverfi á vinsælum stað í Mosfellsbæ. **Lækkað verð 39,9 m.** 4700

## Laxatunga 94 - 270 Mosfellsbær



Fallegt 182,1 m2 raðhús á tveimur hæðum með bílskúr. 3 svefnherbergi, baðherbergi m/kari og sturtu, gestasalerni, stofa, eldhús, sér þvottahús og geymsla. Húsið er afhent fullbúið, án innréttinga, gólfefna og innihurða, en rafmagn er fullfrágengið, gólf á forstofu, gestalerni og baðherbergi eru flísalögð og gestasalerni er fullfrágengið. Hiti í gólfum. Falleg hús á mjög góðu verði. Áhv. eru ca. 21,6 millj. kr. ÍLS lán. Möguleiki á allt að 90% fjármögnun. **V. 29,9 m.** 4529

**Aðeins eitt hús eftir.**



**Bjargartangi - 270 Mosfellsbær**
Fallegt 175,5 m2 einbýlishús með bílskúr, við Bjargartanga í Mosfellsbæ. Húsið skiptist í forstofu, stofu, setustofu(hægt að breyta í herbergi) baðherbergi, gestasalerni, hjónaherbergi, tvö barnaherbergi, eldhús, sjónvarpsherbergi(sem getur nýst sem svefnherbergi) þvottahús og bílskúr með geymsluherbergi. Timburverönd og garður í suðvestur. **Lækkað verð. V. 39,9 m.** 4711



**Miðholt - 270 Mosfellsbær**
Hagstæð 94,8 m2, 4ra herbergja endaíbúð á efstu hæð í litlu fjölbýli við Miðholt 7 í Mosfellsbæ. Íbúðin skiptist í forstofuhol, baðherbergi m/sturtu, þrjú svefnherbergi, borðstofu, stofu, eldhús og búr. Stutt í alla þjónustu í miðbæ Mosfellsbæjar sem og á Varmárskólasvæðið. **V. 19,9 m.** 4562



**Þverholt - 270 Mosfellsbær**
Falleg 57,7 m2, 2ja herbergja íbúð á jarðhæð (ósamþykkt) með sérinngangi við Þverholt 9. Íbúðin skiptist í forstofuhol, stofu, eldhús, svefnherbergi og geymslu. Eignin er miðsvæðis í Mosfellsbæ og mjög stutt er í alla þjónustu, verslanir og leikskóla. **V.10,8 m.** 4979



**Þórðarsveigur - 4ra herbergja**
Sérlega glæsileg 107 m2, 4raherbergja endaíbúð á efstu hæð við Þórðarsveig í Grafarholtinu, ásamt bílastæði í bílageymslu. Falleg gólfefni og innréttingar. Vönduð tæki. Glæsileg íbúð með fallegu útsýni! **V. 24,8 m.** 4715

## Rúgakur 1 - 210 Garðabær




Rúmgóð og glæsileg 3ja herbergja endaíbúð á 2. hæð með fallegu útsýni í 2ja hæða lyftuhúsi ásamt stæði í bílakjallara við Rúgakur 1 í Garðabæ. Glæsilegar innréttingar og falleg gólfefni. Glæsilegt útsýni! Eignin er laus til afhendingar strax. Áhvílandi er ca. 22,3 m. með 4,9% vöxtum. **V. 38,9 m.** 4975



**Eskihlíð - 105 Reykjavík**
86,6 m2 4ra herbergja íbúð ásamt 6,2 m2 geymsluskúr við Eskihlíð 13 í Reykjavík. Íbúðin skiptist í forstofu, baðherbergi, eldhús, tvö svefnherbergi, tvær samliggjandi stofur. Einnig fylgir geymsluskúr á lóð auk hlutdeildar í sameiginlegu þvottahús og geymslu í kjallara. **V. 18,9 m.** 4919



**Fellsmúli - 108 reykjavík**
Rúmgóð 104,4 m2, 4ra herbergja íbúð á annari hæð við Fellsmúla 20 í Reykjavík. Íbúðin skiptist í forstofuhol, þrjú svefnherbergi, baðherbergi, eldhús, stofu og borðstofu. Íbúðinni fylgir 4,5 m2 sér geymsla. Eignin er laus til afhendingar strax! **V. 19,5 m.** 4948



**Kríuhólar - 111 Reykjavík**
2ja herbergja íbúð á 2. hæð í 8 hæða lyftuhúsi við Kríuhóla 2 í Reykjavík. Íbúðin skiptist í hol, baðherbergi m/sturtu, hjónaherbergi, eldhús og stofu. Svalir eru yfirbyggðar, en kaldar. Áhvílandi er uþb. 11,9 m. Eignin er laus til afhendingar! **V. 12,9 m.** 4631



**Lækjarmelur 8 - 116 Reykjavík**
Nokkur ný 125 til 135 m2 iðnaðarbil/geymslur með millilofti við Lækjarmel 8 í Reykjavík. Ca. 100 m2 vinnslusalur með vélslípuðu gólfi og ca. 30 m2 milliloft með stálstiga og stálhandriði. Bilið er með góðri innkeyrsluhurð, mikil lofthæð og þriggja fasa rafmagn. Snyrting með salerni og handlaug er í rýminu auk skolvasks. **Verð frá 12 til 12,3 m.** 4932

# FOLD
FASTEIGNASALA

**Laugavegi 170, 2. hæð • Opið virka daga kl. 9:00-17:00**
**Sími 552 1400 • Fax 552 1405 • www.fold.is • fold@fold.is**

**Viðar Böðvarsson** viðskiptafræðingur og löggiltur fasteignasali
Þjónustusími sölumanna eftir lokun **694 1401**

## Rað- og parhús



**Kambasel-Endurnýjað raðhús:**
Rúmlega 210 fm. fallegt raðhús á barnvænum stað í Seljahverfi. Húsið er vel skipulagt og er stofa, eldhús, gestasnyrting of. á fyrstu hæð. Fyrsta hæðin er öll endurnýjuð á smekklegan hátt. Gengt er frá stofu í garð. Á annari hæð eru baðherbergi, 4 svefnherbergi, þar sem sérbaðherbergi og fataherbergi er innaf hjónaherb. og risið er notað sem svefnherbergi og setustofa í dag. **Bein sala eða skipti á minni eign verð 41,9 millj.**

## 3ja herb.



**Eskihlíð - risíbúð:**
Björt og falleg risíbúð með stórum svölum á góðum stað í Hlíðunum. Hentar mjög vel fyrir nemendur H.Í., H.R, V.Í og M.H. Íbúðin skiptist í 2 svefnherbergi, eldhús og bað, en auk þess er geymsla við forstofu sem hefur verið notuð sem þriðjs svefnherrbergið. **Verð 16,9 millj.**

## Hæðir



**Langamýri-Garðabæ m. bílskúr.:**
Björt og falleg íbúð á annari hæð við Löngumýri í Garðabæ. Þvottaherb. innan íbúðar og risloft yfir hluta íbúðar. **Bein sala eða skipti á 2ja herb íbúð. Verð 25,9 millj.**



**Logafold Jarðhæð:**
Falleg 3j-4ra herb. ca. 86 fm. íbúð á jarðhæð í tvíbýli. Íbúðin skiptist í bjarta stofu, 2-3 svefnherbergi. eldhús, bað og þvottahús Úr stofu er gengið út á stóran suðursólpall. **Verð 20,9 millj.** Tvnr. 8681

# Eignir vikunnar

## Raðhús Fannafold- skipti skoðuð:



Fallegt endaraðhús á góðum útsýnisstað í Grafarvoginum. 4 svefnherbergi, stofur, rúmgott baðherbergi og gestasnyrting. Stórt hobby/geymslurými. **Skipti möguleg á íbúð og/eða atvinnuhúsnæði. Verð 46,9 millj.** Tvnr. 9065

## Hæð-Melhaga:



Ca. 112 fm. björt og falleg íbúð auk ca. 25 fm. bílskúrs við Melhaga í vesturborg Reykjavíkur. Endurnýjað eldhús og gólfefni, bílskúr innréttaður sem íbúð. Góð eign á frábærum stað. **Verð 34,9 millj.**

# Sumarhúsin seljast hjá Fold

## - Mikil eftirspurn eftir sumarhúsum á grónum svæðum á suður og vesturlandi.



**Sumarhús Hraunborgum, Grímsnesi.**
Vorum að fá til sölu fallegann sumarbústað í Hraunborgum. Tvö herbergi, stofa eldhús og bað m. sturtu Góður sólpallur með heitum potti og áhaldaskúr. Innbú fylgir með annað en persónulegir munir. Vel viðhaldinn bústaður með hitaveitu. **Verð 13,5 millj.**



**Sumarhús Miðdal-Kjós:**
Einstaklega vel staðsettur bústaður í Kjósinni. Skiptist í 2 herbergi, svefnloft, stofu, eldhús og baðherbergi. Heitur pottur. Frábært útsýni. **Paradís við Borgarmörkin. Verð 7,9 millj**



**Tvær sumarhúsalóðir fyrir eina :**
Tvær samliggjandi sumarhúsalóðir samtals 14.000 fermetrar við eina fallegustu bergvatnsá landsins. Liggja í útjaðri skipulags með miklu óbyggðu rými á þrjá vegu. Einstök náttúra og fjallasýn . **Samtals 1, 4 ha. sem fást á verði einnar venjulegrar lóðar.**



**Sumarhús Öndverðarnesi:**
Fallegur bústaður sem stendur á gróðursælum stað í landi Öndverðaness. Bústaðurinn er A-bústaður skráður 40,8 fm en svo er einnig gott svefnloft. **Stutt í vinsælan golfvöll, sund og þjónustumiðstöð. Verð 7,9 millj.**



**Sumarhús-Laugavatni.**
Mjög vel staðsett sumarhús á grónu eignarlandi á fallegum útsýnisstíð á hálfs hektara eignarlandi í hlíðinni í landi Snorrastaða við Laugavatn. **Fallegt umhverfi og stutt í alla þjónustu. Verð 13,9 millj.**

Hvað kostar eignin mín? – Kíktu á **www.fold.is** – eða hafðu samband í síma **552 1400 / 694 1401**

# SUMARTILBOÐ

## Á GESTAHÚSUM OG GARÐHÚSUM

www.volundarhus.is





**Lækkað verð**

Úrvals pallaefni og undirstöður á sumartilboði. Sjá nánar á heimasíðu:
*www.volundarhus.is*



70 mm bjálki / Tvöföld nótun

VH/10-12

Frí heimsending á **GARÐHÚSUM** á allar þjónustustöðvar Flytjanda

40 % afsláttur af heimsendingu á **GESTAHÚSUM** á allar þjónustustöðvar Flytjanda

*SUMARTILBOÐ - GESTAHÚS 25 m²*
kr. 1.599.000,- án fylgihluta
kr. 1.859.000,- með fylgihlutum
og byggingarnefndar teiknisetti.

Staðgreiðslu lán

VISA Lán



28 mm bjálki

*TILBOÐ - BARNAHÚS 2,1m²*
kr. 139.900,- án fylgihluta
kr. 159.900,- m/fylgihlutum



34 mm bjálki / Tvöföld nótun

*TILBOÐ - GARÐHÚS 8,5m²*
kr. 359.000,- án/fylgihluta
kr. 389.900,- m/fylgihlutum

völundarhús.is
*Vel valið fyrir húsið þitt*

VH ehf · Njarðarbraut 11 · 260 Reykjanesbæ · **Sími 864-2400 · Sími í verslun 527-2400**

# FASTEIGNA-MARKAÐURINN

## ÓÐINSGÖTU 4

**SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.**

**Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is**

Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

### Skrúðás – Garðabæ



Mjög glæsilegt 268,8 fm einbýlishús á þremur pöllum með innb. 40,0 fm bílskúr á þessum fallega útsýnisstað neðst í Ásahverfinu. Stórt eldhús með eyju og innréttingum úr hnotu og hvíttuðum hlyni, stórar samliggjandi stofur með arni, stórum gluggum og glæsilegu útsýni til sjávar, 3 herbergi auk skrifstofuherbergis, 2 fataherbergi og 2 vönduð baðherbergi. Verulega aukin lofthæð . Stórar flísalagðar svalir til norðurs og hellulögð verönd með skjólveggjum til suðurs. FRÁBÆR STAÐSETNING.

### Erluás – Hafnarfirði



Mjög glæsilegt og vandað 263,6 fm einbýlishús á tveimur hæðum með innbyggðum 42,9 fm. bílskúr á þessum eftirsótta útsýnisstað í Hafnarfirði. Eignin er innréttuð á vandaðan og smekklegan hátt. Stór eyja í eldhúsi, innréttingar úr kirsuberjaviði og granít á borðum. Stór stofa með aukinni lofthæð og arni. 4 herbergi. Stórt alrými með útgangi á verönd til vesturs. **Fallegt útsýni úr stofu. Stórar svalir til suðurs og vesturs. Nánari uppl. á skrifstofu.**



### Dyngjuvegur

Virðulegt 243,4 fm einbýlishús auk 45,0 fm bílskúrs á þessum eftirsótta stað í Laugardalnum. Eignin er tvær hæðir og kjallari. Á aðalhæð eru forstofa, gestasnyrting, eldhús og 3 samliggjandi stofur. Á efri hæð eru 4 herbergi og baðherbergi. Í kjallara eru geymslur og þvottaherbergi auk sér 2ja herb. íbúðar. **Svalir til suðurs út af einu herbergi. 1.100 fm ræktuð lóð. Nánari uppl. á skrifstofu.**

### Nýtt endaraðhús við Fossahvarf-Kópavogi Skipti möguleg á minni eign.

Húsið er 223,0 fm. að meðtöldum 29,0 fm bílskúr og er í dag fullfrágengið að utan. Að innan er húsið tilbúið til spörslunar. 4–5 svefnherbergi, sjónvarpsstofa, stofa með útgangi á stórar svalir. Eignin er vel staðsett innarlega í botnlanga með útsýni m.a. yfir Elliðavatn. Lóð frágengin. Stutt í skóla og þjónustu. Áhv. hagstæð lán. **Verð 39,8 millj.**



### Gerðhamrar- efri sérhæð

Glæsileg 161,5 fm efri sérhæð í tvíbýlishúsi í suðurhlíðum Hamrahverfis auk 31,5 fm bílskúrs. Hæðin skiptist í forstofu, hol, samliggjandi borð- og setustofu með arni, rúmgott eldhús, 3 herbergi, baðherbergi, þvottaherbergi og gestasnyrtingu. Hátt til lofts í stofu og eldhúsi. Stórar suðursvalir og þaðan á timburverönd í garði. **Glæsileg eign á rólegum og skjólsælum stað. Verðtilboð.**



### Sóleyjarimi. 3ja herb.

Afar falleg og vönduð 99,5 fm 3ja herb. íbúð á 3. hæð fyrir 50 ára og eldri í góðu lyftuhúsi. Sérinngangur af svölum. Opið eldhús með eikarinnréttingum. Rúmgóð og björt stofa með útgangi á stórar flísalagðar svalir til suðurs með útsýni yfir borgina til vesturs og austurs. <B>Sér stæði í bílageymslu og sér geymsla í kj. Verð 22,9 millj.<BL>



### Framnesvegur. 5 herb.

SKIPTI Á SÉRHÆÐ Í PÓSTNÚMERUM 101 OG 107 KOMA TIL GREINA.
Falleg og mikið endurnýjuð 125,0 fm íbúð á 3. hæð að meðt. 11,0 fm. sér geymslu í góðu steinhúsi í gamla vesturbænum. Stórar samliggjandi stofur með útsýni til sjávar. Stórt eldhús með nýlegum innréttingum og góðri borðaðstöðu. Nýlega endurnýjað baðherbergi. Tvö svefnherbergi og er útgangur á suðursvalir úr öðru herberginu.<B>Verð 32,9 millj.<BL>



### Eskihlíð- góðar leigutekjur

Falleg og þó nokkuð endurnýjuð 79,0 fm 4ra herb. íbúð á 2. hæð auk 34,2 fm bílskúrs í Hlíðunum. Nýlegar innréttingar og vönduð tæki í eldhúsi. Rúmgóð og björt stofa. Sér svalir til vesturs á stigapalli fyrir framan íbúð. Í litlum hluta bílskúrs eru leigutekjur af símstöð kr. 55 þús. pr. mán., en samt vel nothæfur sem bílskúr. Hluti bílskúrs er í<B>Afar vel staðsett eign með tilliti til fjarlægðar frá leikskóla og skóla. Verð 26,9 millj.<BL>



### Bergstaðastræti. 3ja herb.

Falleg 78,1 fm 3ja herb. íbúð í Þingholtunum. Íbúðin skiptist í anddyri, rúmgott hol, 2 herbergi, bjarta stofu, geymslu, eldhús og baðhebergi. Útgangur á suðursvalir úr öðru herberginu. Nýlegt gler í gluggum. Snyrtileg eign þar sem fermetrarnir eru vel nýttir. **Verð 21,9 millj.**



### Maríubakki. 4ra herb.

4ra herb. 97,6 fm vel skipulögð íbúð á 1. hæð auk 21,4 fm sér geymslu í kjallara. Stórar svalir til suðurs. Þvottaherbergi innan íbúðar. Rúmgott eldhús með ljósum viðarinnréttingum. Rúmgóð og björt stofa. **Verð 21,5 millj.**



### Seilugrandi. 4ra herb.

Góð 87,0 fm 4ra herb. endaíbúð með sérinngangi af svölum og sér stæði í bílageymslu í fjölbýlishúsi í vesturbænum. Stofa með útgangi á svalir til suðurs. Þvottaaðstaða á baðherbergi. Eldhús með hvíttuðum innréttingum og góðri borðaðstöðu. **Tvö svefnherbergi með fataskápum auk lítils herbergis innaf stofu. Verð 19,9 millj.**



### Stórholt- efri hæð og ris.

Falleg og vel skipulögð 131,1 fm íbúð á tveimur hæðum í góðu steinhúsi. Í dag er hæðin og risið nýtt sem tvær sérstæðar íbúðir. Húsið er í góðu ástandi að utan. **Suðursvalir út af stigapalli. Verð 29,0 millj.**



### Efstaland. 2ja herb.

Vel skipulögð 45,5 fm 2ja herb. íbúð á 1. hæð (jarðhæð) í þessum eftirsóttu fjölbýlum í Fossvogi. Stofa með útgengi á sér timburverönd til suðurs með skjólveggjum. **Sér geymsla í kjallara og sameign öll hin snyrtilegasta. <B>Verð 14,5 millj. <B>**



### Stigahlíð. 3ja herb.

Björt og vel skipulögð 84,3 fm. 3ja herb. íbúð á 2. hæð. Íbúðin skiptist í hol, stofu, eldhús, 2 svefnherbergi og baðherbergi. Svalir í suðvestur. Sér rúmgóð geymsla í kjallara. **Stutt í skóla og þjónustu. Verð 19,7 millj.**



### Aðalstræti. 2ja herb.

Falleg 49,2 fm 2ja herb. íbúð á 5. hæð, efstu, í hjarta borgarinnar. Góðar svalir til suðvesturs út af stofu. Útsýni. Þvottaherb./geymsla innan íbúðar. **Húsið var allt endurnýjað að utan 2009. Verð 21,8 millj.**



### Hringbraut. 3ja herb. auk herb. í risi.

Falleg 91,2 fm íbúð á 3. hæð að meðt. 6,1 fm herb. í risi og sér geymslu. Eignin er með glugga á þrjá vegu og því björt. Suðursvalir út af stofu. Nýlegt eikarparket er á öllum gólfu, utan baðherbergis. Sér herbergi í risi með aðgangi að snyrtingu. **Skóli og þjónusta í aðra þjónustu. Verð 21,5 millj.**



### Laugavegur. 2ja herb.

64,8 fm íbúð á 2. hæð að meðt. 7,9 fm sér geymslu. Íbúðin skiptist í forstofu/gang, opið eldhús með nýlegum innréttingum og útgangi á suðursvalir, bjarta stofu, 1 svefnherbergi og baðherbergi með sturtuklefa. **Mikil lofthæð um 2,85 metrar og gifslistar í loftum. Verð 19,9 millj.**



### Vesturgata-eldri borgarar. 2ja herb.

68,9 fm íbúð á 3. hæð auk 8,1 fm sér geymslu í húsi eldri borgara við Vesturgötu. Þjónustumiðstöð á vegum Reykjavíkurborgar auk sameiginl. matsalar og mötuneytis. **Laus til afh. strax. Verð 22,5 millj.**



### Háaleitisbraut.4ra herb.

Falleg 88,3 fm 4ra herb. íbúð auk sér geymslu í kj. Stofa með útgengi á svalir til suðurs, 3 herbergi og eldhús með góðri borðaðstöðu og útg. á svalir. Húsið var tekið í gegn að utan fyrir nokkrum árum sem og sameign. Nýlegt gler í gluggum íbúðarinnar. **Verð 21,5 millj.**



### Hulduland. 2ja herb.

Endurnýjuð 47,8 fm. íbúð á jarðhæð í Fossvoginum að meðt. 4,6 fm sér geymslu .Íbúðin skiptist í opið rými, bjarta stofu með stórum glugga í suður, opið eldhús, 1 herb. og baðherbergi. Stutt í alla helstu þjónustu og skóla. **Laus strax. Verð 12,9 millj**.

## Gnitakór- Einbýli í sérflokki.



Einstaklega vandað og glæsilegt 306 fm einbýlishús á tveimur hæðum. Húsið er innst í botnlangagötu. Ekkert var til sparað í innréttingar og tæki. Mikið útsýni er frá báðum hæðum til vesturs yfir borgina. 2,8 metra lofthæð er á neðri hæð og 3,3 metrar á efri hæð. Eign í algjörum sérflokki. V. 146,0 m. 5832

## Sporðagrunn - einbýlishús með aukaíbúð



Vandað einbýlishús, teiknað af Skarphéðni Jóhannssyni arkitekt. Húsið er tvílyft 270,7 fm með aukaíbúð á neðri hæðinni, þar af er bílskúr 24,5 fm. Húsið er upprunalegt að mestu, vandað að fyrstu gerð og hefur ávallt verið í eigu sömu fjölskyldu. Á efri hæðinni er forstofa, hol, borðstofa, stofa, eldhús, þrjú svefnherbergi og baðherbergi. Á neðri hæðinni er forstofa, gestasnyrting, þvottahús, gangur, tvö herbergi og geymsla auk tveggja herbergja íbúðar sem skiptist í stofu, svefnherbergi, eldhús, baðherbergi, gang og geymslu. V. 59 m. 5847

## Kársnesbraut - glæsileg eign með frábæru útsýni



Glæsilegt einlyft 208 fm einbýlishús með 43,3 fm stórum bílskúr. Húsið skiptist m.a. í 3 svefnherbergi, stofu með kamínu, sólstofu. o.fl. Mjög glæsilegur garður. Stórar svalir eru yfir bílskúr. Fagurt útsýni er yfir Fossvoginn og víðar. V. 45,9 m. 5758

## Árakur 25 og 29 - aðeins 2 hús eftir



Falleg 248,9 fm 2ja hæða funkis raðhús sem byggð eru á skjólsælum stað á Arnarneshæðinni. Húsið er klætt flísum og báraðri álklæðningu sem gefa þeim nútímalegt útlit. Allur frágangur að utan tryggir lágmarksviðhald. Húsið er tilbúið til innréttingar að innan.
V. 38,9 og 39,9 m. 7850

## Melgerði 37 - efri sérhæð



Í samræmi við jafnréttisáætlun Seltjarnarnesbæjar eru konur jafnt sem karlar hvött til að sækja um stöðurnar.

**Umsóknarfrestur er til 12. ágúst 2010.**

Nánari upplýsingar veita Soffía Guðmundsdóttir leikskólastjóri í síma 595 9291, netfang: soffia@seltjarnarnes.is og Anna Harðardóttir aðstoðarleikskólastjóri í síma 595 9281, netfang: annaha@seltjarnarnes.is

### Skólaliða í Grunnskóla Seltjarnarness
**um 100% stöðugildi er að ræða**

Óskað er eftir að ráða skólaliða sem hefur m.a. umsjón með þrif og gæslu í frímínútum og á göngum.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Samstarfshæfni, stundvísi, sveigjanleiki og frumkvæði
- Hefur reynslu eða áhuga á að vinna í skóla

**Umsóknarfrestur er til 10. ágúst 2010 og skal senda upplýsingar um fyrri störf og meðmælendur á netfangið gudlaugs@seltjarnarnes.is**

Á Seltjarnarnesi eru um 600 nemendur í heildstæðum grunnskóla. Skólinn er rekinn í tveimur starfstöðvum; Mýrarhúsaskóla fyrir nemendur í 1. - 6. bekk og Valhúsaskóla fyrir nemendur í 7. - 10. bekk.
Nánari upplýsingar fást hjá, Guðlaugu Sturlaugsdóttur skólastjóra í með tölvupósti á netfangið gudlaugs@seltjarnarnes.is

**Fræðslu-, menningar- og þróunarsvið Seltjarnarnesbæjar**
**www.grunnskoli.is**

## Til leigu

PÓSTURINN
allur pakkinn

### Íslandspóstur auglýsir húsnæði til leigu

Íslandspóstur auglýsir eftirtaldar húseignir til leigu. Nánari upplýsingar fást hjá Fasteignadeild Íslandspósts í síma 580 1000.

**Kirkjubraut 37, 300 Akranesi** Afgreiðslu- og skrifstofuhúsæði á 2 hæðum samtals 388 m²




**Kirkjutorg 5, 550 Sauðárkróki** Afgreiðslu- og skrifstofuhúsæði á 2 hæðum samtals 310 m²




**Hafnargata 89, 230 Reykjanesbæ**
Skrifstofuhúsnæði á 2. hæð 170 m²




**Kirkjutorg 5, 550 Sauðárkróki**
Íbúð á 2. hæð 112 m²




Íslandspóstur hf · Stórhöfða 29 · 110 Reykjavík
Sími 580-1000 · www.postur.is

## Fasteignir

### Tilboð óskast í húseignina Þingvallastræti 23 á Akureyri.



**14824 Þingvallastræti 23 á Akureyri.**
Um er að ræða gamla Iðnskólann á Akureyri ásamt tilheyrandi leigulóðarréttindum. Heildarflatamál hússins er talið vera 2.224m² en stærð lóðar liggur ekki fyrir. Samkvæmt fyrirliggjandi deiliskipulagstillögu verður hún 3.678m². Sjá nánar skipulagstillögu á heimasíðu Akureyjarbæjar www.akureyri.is

Húsið er byggt úr steinsteypu árið 1969 og er tvær álmur, ein aðalálma (austurálma) sem er þrjár hæðir og hálfniðurgrafinn kjallari. Önnur álma (vesturálma) er á einni hæð auk hálfniðurgrafins kjallara.

Brunabótamat allrar eignarinnar er kr. 430.950.000,- og fasteignamat er kr. 147.450.000,- Húsið er í góðu ásigkomulagi og hefur verið nýtt af Háskólanum á Akureyri sem skrifstofu og kennsluhúsnæði. Nánari upplýsingar má einnig finna á vef Ríkiskaupa www.rikiskaup.is

Húseignin verður til sýnis í samráði við Ólaf Búa Gunnlaugsson, GSM 893-9839, Háskólanum á Akureyri og Valþór Brynjarsson, GSM 896-5378, hjá Fasteignum Akureyrar.

Tilboðsblöð ásamt reglum um frágang og útfyllingu á tilboðseyðublaðinu liggja frammi hjá ofangreindum aðilum og á skrifstofu Ríkiskaupa, Borgartúni 7, 105 Reykjavík.

Tilboð skulu berast Ríkiskaupum fyrir kl. 10:00 þann 10. ágúst 2010 þar sem þau verða opnuð í viðurvist bjóðenda er þess óska.

## Atvinna






Nissan Qashqai hefur farið sigurför um Evrópu og verið mest seldi bíllinn í sínum flokki undanfarin misseri. Í dag kynnum við glænýja og mikið endurnýjaða útgáfu af þessum frábæra sportjeppa sem nú fæst líka í 7 manna útgáfu, **Qashqai+2**. Komdu við hjá okkur í dag, kynntu þér magnaðan fjölskyldubíl og mátaðu hvor útgáfan af Nissan Qashqai hentar þér betur.

**Qashqai fylgir ríkulegur staðalbúnaður, m.a.:**

- Bluetooth símsvörunarbúnaður
- Bakkskynjarar
- Regnskynjarar á rúðuþurrkum
- 17" álfelgur
- Tvöföld loftkæling
- ESP stöðugleikastýring
- Glerþak (Qashqai+2)
- 7 sæti (Qashqai+2)

## Verið velkomin í reynsluakstur

Qashqai kostar frá:

**4.990.000 kr.**



NISSAN **MICRA - Verð frá 2.490.000 kr.**



NISSAN **NOTE - Verð frá 2.740.000 kr.**

**B&L og Ingvar Helgason**
Sævarhöfða 2 • 110 Reykjavík
525 8000 • www.bl.is • www.ih.is

**www.nissan.is**

NISSAN

**SHIFT_** the way you move




# Helgi eyjanna

**BAKÞANKAR**
**Mörtu Maríu Friðriksdóttur**



Verslunarmannahelgin með öllu því sem henni fylgir er nú yfirstaðin. Á þessari mestu ferðahelgi ársins fór ég og dvaldi á fagurri eyju. Reyndar ekki þeirri sem allir virtust vera að fara til og allt stefndi í metfjölda á. Heldur annarri eyju, í öðrum landshluta. Þar var líf og fjör alla helgina þannig að rætt var um að eyjur væru „inn“ um verslunarmannahelgina.

**FERÐINNI** var heitið til Flateyjar á Breiðafirði. Það er svolítið erfitt að lýsa stemningunni þarna, þetta er svolítið eins og að ferðast aftur í tíma. Allt er svo rólegt og vinalegt. Þegar komið er í land er farangurinn fluttur á gömlum traktor upp á tjaldsvæði þar sem auðvitað sést ekki einn einasti tjaldvagn eða fellihýsi. Túnið er fullt af litlum kúlutjöldum og fólk unir sátt við sitt.

**UM** kvöldið var svo haldið á ball með hinum ástsælu Spöðum í Samkomuhúsinu. Dansleiksfólk, sem skemmti sér við fjöruga tóna, var á öllum aldri og á tímabili var fjöldinn svo mikill að dansað var inn í nóttina fyrir utan og allt í kringum Samkomuhúsið. Hljómsveitin átti í erfiðleikum með að hætta því hún var klöppuð upp aftur og aftur.

**MORGUNINN** eftir kitluðu heitir sólargeislarnir nef tjaldbúa og garg kríunnar og hanagal dró þá á lappir. Reyndar ekki lengra en svo að lagst var til svefns fyrir utan tjaldið þannig að tjaldstæðisbrekka Flateyjar var full af tómum kúlutjöldum en sofandi fólki í sólbaði. Sólin baðaði eyju, gesti og gangandi.

**AÐRA** sögu var víst að segja um ástandið í Reykjavík en þegar heim var komið minnti höfuðborgin eyjafara óþægilega mikið á að haustið er á næsta leiti. Þar var skýjað og vindurinn feykti upp bílhurðinni og ýtti þeim inn á heimilið. Eina rauða laufblaðið sem dinglað hafði einmana fyrir utan stofugluggann minn fyrr í vikunni hafði fjölgað sér og fengið til liðs við sig nokkur gul og reyniberin voru á góðri leið með að verða rauð. Haustið er svo sannarlega á næsta leiti. Lok verslunarmannahelgarinnar, veðrið og náttúran bera þess glöggt vitni.

**EFTIR** lok verslunarmannahelgar finnst mér alltaf sem haustið sé að koma. Og þá er líka svo stutt í jólin. Tíminn líður reyndar svo hratt að mér finnst þau hafa verið svona í fyrradag og þess vegna getur vel verið að stutt sé í næstu verslunarmannahelgi. Helgi eyjanna.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# LÁN TIL GÓÐRA VERKA



- Engin lántökugjöld
- 5,75% óverðtryggðir vextir (Vaxtakjör sambærilegra skuldabréfalána eru í dag frá 9,25%)*
- Lánstími allt að fimm ár
- Umsóknarfrestur er til 30. september 2010

ALLIR VINNA
ALLIRVINNA.IS

## Hagstæð framkvæmdalán

Íslandsbanki býður nú viðskiptavinum sínum hagstætt framkvæmdalán til endurbóta eða framkvæmda á fasteignum, lóðum og sumarhúsum. Með þessu viljum við leggja okkar af mörkum til átaksins **Allir vinna** og eiga þátt í að koma hjólum atvinnulífsins af stað.

Lánin eru veitt til einstaklinga með trausta viðskiptasögu og góða greiðslugetu. Hámarksfjárhæð hvers láns er 1,5 milljón króna gegn veði en veitt eru lán án veðs allt að 750.000 kr. að undangengnu mati á greiðslugetu.

Afgreiðsla framkvæmdaláns er gegn framvísun reikninga fyrir vöru- og þjónustukaupum sem tengjast framkvæmdum til 30. september 2010.

Allar nánari upplýsingar fást í útibúum Íslandsbanka eða á www.islandsbanki.is

* Vextir skv. vaxtatöflu Íslandsbanka 1. júlí 2010. Vextir taka mið af kjörvöxtum óverðtryggðra skuldabréfalána en veittur er fastur 2% vaxtafrádráttur frá þeim.

**Allir vinna** er hvatningarátak stjórnvalda og aðila úr atvinnulífinu sem miðar að því að hvetja einstaklinga til að leggja sitt af mörkum til sköpunar atvinnu á Íslandi.

Þeir sem ráðast í framkvæmdir á heimilinu eða í sumarhúsinu eiga rétt á **100% endurgreiðslu** á virðisaukaskatti af vinnulaunum og skattafrádrætti sem getur numið allt að 300.000 kr.

Nánari upplýsingar er að finna á **allirvinna.is**.

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA 10-1230

islandsbanki@islandsbanki.is
www.islandsbanki.is
Sími 440 4000

Íslandsbanki

Kynntu þér ævintýralegar haust– og vetrarferðir

**og bókaðu beint á heimsferdir.is**



# Haust- og vetrarævintýri

## Heimsferða

**Glæsilegar ferðir á frábærum kjörum!**

Tryggðu þér flugsæti og gistingu á þeim tíma sem hentar þér best og bókaðu lægsta verðið á www.heimsferdir.is.

Heimsferðir bjóða glæsilegar ferðir í haust og vetur til fjölda áfangastaða. Auk okkar sívinsælu ferða til Kanarí og Tenerife í allan vetur kynnum við nú glæsilegar ferðir til Antalya í Tyrklandi í haust og skíðaveislu í Austurríki, til skíðaparadísanna Flachau og Lungau.

Í haust eru jafnframt í boði ótrúlega fjölbreyttar borgarferðir til margra spennandi borga í Evrópu auk ferðar til Montreal í Kanada. Ennþá eru sæti laus í frábærar borgarferðir – tryggðu þér sæti strax!

## Antalya Tyrklandi

frá 189.980 kr.

– einstök perla í haust

**Beint leiguflug með Icelandair**

### Ótrúlegt verð

**Fame Residence Lara & Spa *****
189.980 kr. – allt innifalið**

Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli, allt innifalið.
26. október í 9 nætur. 10 nátta ferð 16. okt. 199.980 kr.

**Limak Lara *****
216.780 kr. – allt innifalið**

Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli, allt innifalið.
26. október í 9 nætur. 10 nátta ferð 16. okt. 232.880 kr.

Fleiri gististaðir í boði – sjá www.heimsferðir.is



## Skíðaveisla í Austurríki

Flachau og Lungau

frá 114.040 kr.



**Beint leiguflug með Icelandair**

### Ótrúlegt verð

**Skihotel Speiereck *** – Lungau
114.040 kr. – hálft fæði**

Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2–11 ára í herbergi með hálfu fæði. Vikuferð 22. janúar. Verð m.v. gistingu í tvíbýli 129.880 kr.
Brottfarir 29. janúar og í febrúar 3.000 kr. aukalega.

Fleiri gististaðir í boði – sjá www.heimsferðir.is

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.
ENNEMM / SIA • NM43022

# Borgarveisla í haust

frá 79.900 kr.

**Barcelona** frá 108.180 kr. – flug og gisting
14. okt. í 4 nætur – Örfá sæti laus

**Prag** frá 79.900 kr. – flug og gisting
30. sept. í 3 nætur – Nokkur sæti laus

**Búdapest** frá 79.900 kr. – flug og gisting
30. sept. í 4 nætur
7. okt. í 4 nætur – Uppselt
21. okt. í 4 nætur

**Róm** frá 109.900 kr. – flug og gisting
28. okt. – 4 nætur – Örfá sæti laus

**Madrid** frá 104.900 kr. – flug og gisting
28. okt. – 4 nætur

**Montreal** frá 99.900 kr. – flug og gisting
7. okt. – 4 nætur

**Ljubljana** frá 109.900 kr. – flug og gisting
21. okt. – 4 nætur – Nokkur sæti laus







# Tenerife

í haust og vetur

frá 116.640 kr. – allt innifalið í 9 nætur

Beint leiguflug með Icelandair

## Ótrúlegt verð

**Hotel Iberostar Las Dalias ****
116.640 kr. – allt innifalið**
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2–11 ára í fjölskylduherbergi, allt innifalið.
7. október í 9 nætur. Verð m.v. gistingu í tvíbýli. 134.680 kr.

**Parque Santiago ***
148.980 kr. - 14 nátta ferð**
Netverð á mann, m.v. 2 í stúdíóíbúð í 14 nætur, 27. nóvember.

Fleiri gististaðir í boði – sjá www.heimsferðir.is

Ferðaskrifstofa
Leyfishafi Ferðamálastofu

Skógarhlí› 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Akureyri, sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

Heimsferðir

## > AFMÆLI Í RÚSSLANDI

Daniel Radcliffe úr Harry Potter-myndunum hélt upp á 21 árs afmælið sitt á dögunum með því að kíkja út á lífið í Pétursborg í Rússlandi. „Þetta er fallegasti staður sem ég hef komið á,“ sagði Radcliffe, ánægður með borgina og næturlífið.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Dóttirin lék í klámmynd

Nítján ára gömul dóttir leikarans Laurence Fishburne hyggst öðlast frægð og frama í Hollywood í gegnum hlutverk sitt í nýrri klámmynd.

Montana Fishburn fer með aðalhlutverkið í nýrri mynd sem Vivid Entertainment gefur út, en það fyrirtæki gaf einnig út heimatilbúin myndbönd Pamelu Anderson, Paris Hilton og Kim Kardashian. „Frægðarsól Kim Kardashian fór fyrst að skína eftir að kynlífsmyndbandið hennar kom út og mig langar að njóta sömu velgengni,“ sagði hin unga stúlka.

Myndbandið kemur út í ágúst og viðurkennir Fishburne að hún hafi verið ein taugahrúga fyrsta tökudaginn. „Ég hafði æft mig mikið heima en það er ekki eins. Manni líður óþægilega fyrst en reynir að haga sér eðlilega og gerir sitt besta, ég hef trú á því sem ég geri. Þetta var ekki takmark í lífi mínu, en þetta var skref í einhverja átt.“

Ekkert hefur heyrst frá Laurence Fishburne um málið en slúðurblöðin hið vestra eru nokkuð viss um að uppátæki dótturinnar muni ekki falla í kramið hjá honum.



**ÓSÁTTUR** Dóttir leikarans Laurence Fishburne vonast til að leikur sinn í klámmynd muni færa henni frægð og frama. NORDICPHOTOS/GETTY




The Academy of Colour and Style

ÚTLIST- OG FÖRÐUNARSKÓLI

VILTU VERÐA STÍLISTI?

The Academy of Colour and Style er skóli sem kennir útlitsráðgjöf. Námið byggir á helstu atriðum útlitshönnunar og er meðal annars tekið fyrir litgreining, fatastíll og textíll. Eftir nám fá nemendur diplóma í útlitsráðgjöf (fashion consultant).

Starfsmöguleikar eftir nám eru margir og spennandi og geta nýst á ýmsum sviðum og atvinnugreinum.

Hver önn tekur þrjá mánuði og fylgja öll kennslugögn með náminu.
Kennsla fer fram í Tækniskólanum einu sinni í viku frá 18-22.

| 1. Önn | 2. Önn | Starfsmöguleikar: |
|---|---|---|
| | | Innkaupastjóri |
| Fatastíll | Litgreining | Útlitsráðgjafi |
| Fatasamsetning | Förðun út frá litgreiningu | Stílisti |
| Textill | Litasamsetning | Verslunarstjóri |

Erna, stílisti



Ég hef unnið við förðun á Stöð 2 í 6 ár, þar á meðal við förðun keppenda í Idol og annarra sjónvarpsþátta hjá 365. Einnig vinn ég við auglýsingar, mynbönd og myndatökur. Það er óhætt að segja að námið hefur hjálpað mér mikið í starfi mínu í förðun og stíliseringu.

Skjöldur Mio, tískuráðgjafi



Ég taldi mig vita flest allt um tísku og útlit áður en ég fór í skólann. En annað kom á daginn. Ég hef lært heilmikið um fatasamsetningu, textil, litafræði, líkamsbyggingu og flest allt um útlit. Námið nýtist mér frábærlega í því sem ég er að gera.

UPPLÝSINGAR OG SKRÁNING Í SÍMA 533-5101

www.utlit.is



FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU

Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing



Allt sem þú þarft…


# Fann ekki draumaprinsinn

**Söngkonan Alicia Keys tilkynnti fyrir stuttu að hún ætlaði að ganga í hið heilaga með unnusta sínum, tónlistarmanninum Swizz Beatz. Það hefur þó komið á daginn að kauði er enginn draumaprins.**

Keys á von á sínu fyrsta barni með Swizz Beatz, en hann á fyrir þrjú önnur börn með þremur konum. Eitt barnið á hann með fyrrverandi eiginkonu sinni, en Beatz var enn giftur maður þegar hann tók saman við Keys. Annað barnið á hann með gamalli kærustu og það þriðja með rússneskri söngkonu að nafni Jahna Sebastian og var það barn getið um svipað leyti og samband hans við Keys hófst.

Í nýlegu viðtali sagði Sebastian að Swizz Beatz væri sérlega afskiptalaus faðir og ber honum ekki vel söguna. Samkvæmt henni hefur Beatz aðeins hitt dóttur sína í eitt einasta sinn og það var þegar hann mætti í faðernispróf og var Keys þá einnig með í för. Auk þess á Swizz Beatz aðeins einu sinni að hafa greitt henni meðlag með barninu og svari sjaldan bréfum hennar.

Fyrrverandi eiginkona tónlistarmannsins hefur svipaða sögu að segja og segir hann hafa sýnt einstakt tilfinningaleysi þegar hann yfirgaf hana og nýfætt barn þeirra til að taka saman við Keys. Konurnar beina reiði sinni ekki aðeins að Beatz sjálfum heldur hefur Keys einnig fengið sinn skerf og hefur meðal annars verið uppnefnd hjónadjöfull. Keys og tilvonandi eiginmaður hennar þurfa því að takast á við ýmis vandamál strax í upphafi hjónalífsins.



**ÓHEPPIN Í ÁSTUM** Tilvonandi eiginmaður söngkonunnar Aliciu Keys þykir ekki fínn pappír. NORDICPHOTOS/GETTY


Enn meiri afsláttur á útsölunni!



Opnunartími í sumar:
mán - lau 11:00 - 19:00
sun 12 - 19:00

KISAN
CONCEPT STORE
Laugavegi 7 101 Reykjavík
Sími 561 6262 www.kisan.is




**KATY PERRY EÐA JORDAN** Að hennar mati bæta fleiri gjafir og ferðalög börnum upp sorgina við skilnað foreldranna.

# Jordan segir skilnaðarbörn vera heppin

Glamúrfyrirætan Jordan hefur nú komið með enn einn gullmolann. Hún greindi frá því nýlega að í raun kæmi skilnaður hennar og söngvarans Peters Andre til með að hafa góð áhrif á börn þeirra.

„Skilnaðarbörn eru heppin. Þau fá fleiri jóla- og afmælisgjafir ásamt fleiri ferðalögum. Ef ég rifja upp skilnað foreldra minna, þegar ég var um þriggja eða fjögurra ára, þá man ég í raun ekki eftir honum. Þannig að þetta var bara jákvætt.“

Það virðist því sem þessi móðir hafi ekki miklar áhyggjur af sálarangist barna sinna í kjölfar skilnaðar foreldranna eins og margir aðrir foreldrar.

# HotYoga
## í Sporthúsinu

**Sporthúsið hefur útbúið sérhannaðan sal fyrir HOT YOGA.**
Eini sérhannaði HOT YOGA salurinn á landinu sem útbúinn er sérstöku hitakerfi sem hitar salinn í allt að **40°** hita á auðveldan hátt.

Hot Yoga er ákveðin samsetning af jógastöðum sem gerðar eru við 37-40°. Hitinn gerir það að verkum að líkaminn hitnar fyrr upp og verður þar af leiðandi sveigjanlegri og meðtækilegri til hreyfingar og teygja og iðkendur komast dýpra inn í stöðurnar. Hitinn gerir það einnig að verkum að iðkendur svitna meira en ella, húðin hreinsast og iðkendur upplifa meiri vellíðan og endurnýjunaráhrif.

**Jóhanna Karlsdóttir**
er með alþjóðleg kennararéttindi í Hot Yoga og nýkomin úr frekari menntun meðupphafsmanni Hot Yoga Bikram Coudhury

## Sporthúsið býður upp á eftirfarandi 4 vikna námskeið sem hefjast 9. & 10. ágúst

**1. HOT YOGA MORGNAR – 90 MÍN**
9. ágúst – 3. september
mán + mið + fös kl: 6:00
verð: 13.500 kr.

**2. HOT YOGA DAGUR – 60 MÍN**
9. ágúst – 3. september
mán + mið + fös kl: 10:00
verð: 9.700 kr.

**3. HOT YOGA SÍÐDEGI – 90 MÍN**
9. ágúst – 3. september
mán + mið + fös kl: 17:30
verð: 13.500 kr.

**4. HOT YOGA KVÖLD I – 60 MÍN**
9. ágúst – 1. september
mán + mið kl: 19:15
verð: 8.600 kr.

**5. HOT YOGA KVÖLD II – 90 MÍN**
10. ágúst – 2. september
þri + fim kl: 20:00
verð: 9.700 kr.

Skráning og fyrirspurnir í
**s: 564-4050**
eða gunnhildur@sporthusid.is

**Þátttakendur á námskeiði fá aðgang að allri aðstöðu og opnum tímum í Sporthúsinu á meðan á námskeiðinu stendur.**



Linda Mjöll Gunnarsdóttir og Sveinbjörn Jóhannesson

**Hot Yoga er frábær rækt fyrir líkama og sál og hefur tvímælalaust lækningamátt. Æfingarnar auka styrk, liðleika, einbeitingu og hugarró. Hot Yoga er sameiginlegt áhugamál okkar hjóna og við hlökkum til hvers tíma!**



*Ásta Kristjánsdóttir*

**Ég hef verið á Hot Yoga námskeiðum frá áramótum og er ótrúlega ánægð. Ég hef verið að berjast við slæma liðagigt í mörg ár en nú finn fyrir mun betri líðan, auknum styrk og liðleika. Ég mæli hiklaust með Hot Yoga í Sporthúsinu!**

**SPORTHÚSIÐ**
heilsurækt fyrir alla
DALSMÁRA 9 - 11 • 201 KÓPAVOGI • S. 564 4050







SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| INCEPTION | kl. 4 - 7 - 8 - 10 - 11 | 12 |
| INCEPTION | kl. 2 - 5 - 8 - 11 | VIP |
| SHREK-3D ísl. Tali | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 | L |
| SHREK M/ ísl. Tali | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 | L |
| SHREK M/ ensku Tali | kl. 1:30 - 8 - 10 | L |
| BOÐBERI | kl. 10:30 | 14 |
| TWILIGHT SAGA : ECLIPSE | kl. 8 | 12 |
| NIGHTMARE ON ELM STREET | kl. 10:50 | 16 |
| LEIKFANGASAGA 3 ísl. | kl. 1:30 - 1:50 - 3:40 - 5:50 | L |
| SEX AND THE CITY 2 | kl. 5 - 8 | 12 |

SAMBÍÓIN SELFOSSI

| | | |
|---|---|---|
| INCEPTION | kl. 8 - 11 | 12 |
| GROWN UPS | kl. 10:10 | L |
| SHREK SÆLL ALLA DAGA M/ ísl. Tali | kl. 6 - 8 | L |
| LEIKFANGASAGA 3 - ísl tal | kl. 5:50 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| INCEPTION | kl. 8 - 10:10 - 11 | 12 |
| SHREK SÆLL ALLA DAGA - 3D ísl. Tali | kl. 3:40 - 5:50 | L |
| SHREK FOREVER AFTER - 3D M/ ensku Tali | kl. 8 | L |
| LEIKFANGASAGA 3 - 3D ísl. Tali | kl. 3:20 - 5:40 | L |
| TOY STORY 3 M/ ensku Tali | kl. 3:20 - 5:40 | L |
| SEX AND THE CITY 2 | kl. 8 | 12 |
| TWILIGHT SAGA : ECLIPSE | kl. 10:50 | 12 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| INCEPTION | kl. 8 - 11 | 12 |
| SHREK SÆLL ALLA DAGA - 3D ísl tal | kl. 6 | L |
| LEIKFANGASAGA 3 - ísl tal | kl. 6 | L |
| TWILIGHT SAGA : ECLIPSE | kl. 8 - 10:30 | 12 |

MUNUM EFTIR 3D GLERAUGUNUM
ATHUGIÐ AÐ 3D GLERAUGU ERU EKKI INNI Í MIÐAVERÐI, HÆGT ER AÐ VERSLA ÞAU SÉR OG NÝTA AFTUR

NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| KARATE KID | kl. 5.10 - 8 - 10.50 | L |
| KARATE KID LÚXUS | kl. 5.10 - 8 - 10.50 | L |
| BABIES | kl. 6 - 8 | L |
| PREDATORS | kl. 8 - 10.20 | 16 |
| SHREK 4 3D 3D ÍSL TAL | kl. 3.30 - 5.45 | L |
| SHREK 4 2D ÍSL TAL | kl. 3.30 | L |
| SHREK 4 3D ENSKT TAL | kl. 3.30 - 5.45 | L |
| KNIGHT AND DAY | kl. 8 - 10.30 | 12 |
| GROWN UPS | kl. 10 | L |

facebook.com/smarabio

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| THE KARATE KID | kl. 6 - 8 - 9 - 10.45 | L |
| BABIES | kl. 6 | L |
| PREDATORS | kl. 8 - 10.20 | 16 |
| KILLERS | kl. 8 - 10.15 | 12 |
| GROWN UPS | kl. 5.45 | L |
| THE A TEAM | kl. 5.30 | 12 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| THE KARATE KID | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| PREDATORS | kl. 10 | 16 |
| KNIGHT AND DAY | kl. 5.30 - 8 | 12 |

ATH: Tilboðin gilda ekki í Borgarbíói

NÝTT Í BÍÓ LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




TILBOÐ Í BÍÓ. Gildir á allar sýningar dagsins.




LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| THE KARATE KID | 5, 8 og 10 | L |
| SHREK 4 ÍSLENSKT TAL 3D | 4 og 6 | L |
| SHREK 4 ENSKT TAL 3D | 8 | L |
| SHREK 4 ÍSLENSKT TAL 2D | 4 | L |
| PREDATORS | 10.40 | 16 |
| KNIGHT AND DAY | 5.50, 8 og 10.10 | 12 |


# Nýtt frá del Toro

Næsta kvikmynd leikstjórans Guillermo del Toro verður hryllingsmyndin At The Mountains Of Madness. Hún er byggð á skáldsögu HP Lovecraft. Vangaveltur hafa verið uppi undanfarið um næsta leikstjóraverkefni del Toro eftir að hann hætti við að stýra Hobbitanum. Hann hafði áður lýst því yfir að hann muni framleiða og taka þátt í handritsgerð draugamyndarinnar The Haunted Mansion. At The Mountains Of Madness fjallar um jarðfræðing sem fer í könnunarleiðangur til Suðurheimskautslandsins þar sem áður óþekkt lífverur gera vart við sig. Myndin verður í þrívídd og framleiðandinn enginn annar en James Cameron, leikstjóri Avatar. Tökur á myndinni eru fyrirhugaðar næsta sumar.



**GUILLERMO DEL TORO** Næsta kvikmynd leikstjórans mexíkóska verður At the Mountains of Madness.

# Jennifer Lopez tekur við dómarasætinu í Idol

**Allt stefnir í að leik- og söngkonan Jennifer Lopez taki við dómarasætinu af Ellen DeGeneres í sjónvarpsþáttunum vinsælu American Idol.**



**JENNIFER LOPEZ** Allt bendir til að Jennifer Lopez taki við dómarasætinu af Ellen DeGeneres í sjónvarpsþáttunum American Idol. NORDICPHOTOS/AFP

Leik- og söngkonan Jennifer Lopez hefur verið í samningaviðræðum við sjónvarpsstöðina Fox um að taka við dómarasætinu af Ellen DeGeneres í sjónvarpsþáttunum vinsælu American Idol.

Spjallþáttastjórnandinn DeGeneres er hætt í þáttunum eftir aðeins eitt ár um borð. Hún var með fimm ára samning í vasanum en hefur nú óvænt sagt bless við Idolið. „Fyrir nokkrum mánuðum lét ég Fox og framleiðendur American Idol vita af því að mér fannst þættirnir ekki henta mér," sagði DeGeneres. Hún bætti við að þrátt fyrir að hún hefði gaman af að uppgötva ungt hæfileikafólk og hlúa að því, væri erfitt að dæma fólk og stundum særa tilfinningar þess. DeGeneres hafði verið gagnrýnd fyrir að hafa lítið vit á tónlistarbransanum og hennar þátttöku í þáttunum var líkt við hlutverk klappstýru á fótboltaleikjum.

Stutt er síðan aðaldómari American Idol, Simon Cowell, ákvað að hætta eftir níu þáttaraðir til að einbeita sér að bandarísku útgáfunni af X-Factor. Óvíst er hver kemur í staðinn fyrir hann. Margir hafa verið nefndir til sögunnar, þar á meðal söngvararnir Elton John, Justin Timberlake, Steven Tyler úr Aerosmith og Harry Connick Jr. Fyrrverandi framleiðandi Idolsins, Nigel Lythgoe, hefur einnig verið nefndur, annaðhvort sem hugsanlegur framleiðandi eða jafnvel dómari. Hann hefur verið í dómnefnd hinna vinsælu þátta So You Think You Can Dance. Haft hefur verið eftir hinum 61 árs Lythgoe að snúi hann aftur sem framleiðandi American Idol muni hann losa sig við alla dómnefndina úr síðustu þáttaröð.

> Fyrir nokkrum mánuðum lét ég Fox og framleiðendur American Idol vita af því að mér fannst þættirnir ekki henta mér.
>
> **ELLEN DEGENERES.**

Auk brotthvarfs DeGeneres er óvíst hver framtíð dómaranna Kara DioGuardi og Randy Jackson verður. Tveggja ára samningur DioGuardi er útrunninn og orðrómur er uppi um að hún hafi þegar verið rekin og að Steven Tyler muni taka hennar sæti.

Framleiðendur American Idol eru sagðir vilja yngja upp í dómarateyminu í von um að laða yngri áhorfendur að þáttunum. Aðdáendur Idolsins hafa smám saman verið að eldast og vilja framleiðendurnir ná til yngri áhorfenda.

Vinsældir American Idol hafa dalað undanfarin ár. Samt sem áður hafa þættirnir verið þeir vinsælustu í Bandaríkjunum síðustu sjö ár. Alls sáu rúmar 24 milljónir lokaþáttinn í vor þar sem Lee DeWyze og Chrystal Bowersox börðust um sigur. 29 milljónir horfðu aftur á móti á úrslitaeinvígið í fyrra.

Tökur á tíundu þáttaröð American Idol hefjast í september og þurfa framleiðendurnir að hafa hraðann á og ákveða hverjir skipa hina endanlegu dómnefnd.



**SKIPT UM DÓMNEFND?** Svo gæti farið að skipuð verði ný dómnefnd í American Idol.

# 97 ára blúsgoðsögn

Blúsarinn Pinetop Perkins, sem spilaði eitt sinn með Muddy Waters, fagnaði 97 ára afmæli sínu 7. júlí. Þrátt fyrir háan aldur er hann langt í frá dauður úr öllum æðum því þann sama dag flaug hann til Spánar til að spila á tónlistarhátíð. Ekki nóg með það því ný plata með Perkins og blúsaranum Willie Smith var nýlega gefin út, auk þess sem píanónámskeið fyrir ungt fólk verður haldið honum til heiðurs í næstu viku.

Perkins spilaði á Blúshátíð í Reykjavík á síðasta ári. Vakti hann þá athygli fyrir að vilja eingöngu snæða McDonald´s-hamborgara meðan á dvölinni stóð. Þá óskaði hann einnig eftir því að hafa sérstakt reykherbergi til afnota á tónleikastaðnum.



**PINETOP PERKINS** Blúsarinn fagnaði 97 ára afmæli sínu á dögunum.

# Framlengir meðferðina

**Leikarinn Chris Klein, sem sló í gegn í American Pie-myndunum, hefur framlengt dvöl sína á meðferðarstofnun í Utah. Klein skráði sig í þrjátíu daga meðferð eftir að hafa verið handtekinn í annað sinn fyrir ölvunarakstur. „Chris og stuðningsfólk hans hefur ákveðið að framlengja dvölina. Honum gengur mjög vel og hann lítur björtum augum á framtíðina. Hann vill þakka öllum fyrir stuðninginn," sagði fulltrúi leikarans. Klein, sem er 31 árs, var handtekinn 16. júní í Los Angeles. Áfengismagnið í blóði hans var þrefalt meira en leyfilegt er hjá ökumönnum.**



**CHRIS KLEIN**



# STÖKKTU AF STAÐ

NÁMSKEIÐIN HEFJAST 9. ÁGÚST

Skráðu þig núna á www.hreyfing.is
eða í síma 414 4000.

Nýtt!

## STS21 FYRIR KONUR

**Taktu málin föstum tökum og stökktu af krafti strax af stað í nýjan og betri lífsstíl með 21 kerfinu.**

**STS kerfið** (Shock Training System) er sérhannað til að æfingarnar framkalli hámarks árangur. Þú færð sífellt að glíma við nýjar æfingar og vöðvarnir fá ekki að aðlagast sömu rútínunni.

**Innifalið:**

- Þjálfun 3x í viku
- Þátttakendur velja sér styrkleikastig
- Ótakmarkaður aðgangur að tækjasal og opnum tímum
- Aðgangur að glæsilegri útiaðstöðu – jarðsjávarpotti og gufuböðum
- Dagleg hvatning, fróðleikur og uppskriftir í tölvupósti frá Ágústu Johnson
- Markvissar leiðbeiningar um mataræði. Byggt upp á sama hátt og vinsælt er hjá Hollywood-stjörnum sem þurfa að koma sér í toppform fyrir rauða dregilinn –við tryggjum að það er heilsusamlegt og skynsamlegt!
- Baðhandklæði við hverja komu
- Mælingar – vigtun og fitumælingar – fyrir og eftir
- Vatnsbrúsi

STS21 er á sérstöku kynningarverði. Fullt verð er 22.900 kr.
3ja vikna námskeið er nú á **kynningarverði á 17.900 kr.**

**Auk þess fylgir FRÍTT með:** Boðsmiði í Bláa Lónið og 10% afsláttur af öllum meðferðum í Blue Lagoon spa meðan á námskeiði stendur.

## FGF FYRIR KARLA OG KONUR

**Fanta gott form er æfingakerfi frá Hollywood sem hefur algjörlega slegið í gegn á Íslandi!**

Þjálfunin byggist á einföldum æfingum sem miðast við að þátttakendur nái að hámarka brennslu og þjálfa upp þol og styrk á skjótan og hnitmiðaðan hátt. Mikil áhersla er lögð á að þjálfa snerpu og kjarnavöðvana. Grunnbrennsla líkamans eykst og í hverjum tíma verður til hinn eftirsótti eftirbruni í líkamanum sem gerir það að verkum að hitaeiningabrennsla líkamans heldur áfram á auknum hraða í nokkrar klukkustundir eftir að æfingu lýkur.

Skráðu þig á þetta fanta góða 3ja vikna kynningarnámskeið. Það er aldrei of seint að skora á sjálfa/n sig og komast í sitt besta form.

**Tryggðu þér pláss!**

3ja vikna kynningarnámskeið fyrir konur og karla.
**Verð 14.900 kr.**

HREYFING
HEILSULIND

BLUE LAGOON
ICELAND
geothermal spa

Álfheimar 74
Sími: 414 4000
hreyfing@hreyfing.is
www.hreyfing.is

## > Verða núna að vinna Frakka og Dani

Íslenska 20 ára landsliðsins bíður erfitt verkefni í milliriðlinum á Evrópumóti 20 ára landsliða í handbolta sem nú stendur yfir í Slóvakíu. Eins marks tap á móti Portúgal (35-36) í lokaleik riðlakeppninnar þýðir að íslensku strákarnir verða að vinna bæði Frakka og Dani til þess að komast í undanúrslitin. Íslenska liðið fer stigalaust inn í milliriðilinn eins og Frakkar en fyrir mótið var íslenska liðið talið eitt af þeim sigurstranglegu. Ísland mætir fyrst Frökkum klukkan 16.00 í dag að íslenskum tíma en spilar síðan við Dani klukkan 12.00 á morgun.



**sport**

sport@frettabladid.is

**BJÖRN BERGMANN SIGURÐARSON:** SKORAÐI OG FÓR Í MARKIÐ FYRIR STEFÁN LOGA UM HELGINA

# *Leik mér oft í marki eftir æfingar*



Leikur Lilleström og Kongsvinger í norska boltanum um helgina var heldur betur ævintýralegur fyrir Björn Bergmann Sigurðarson. Leikurinn endaði með jafntefli 2-2 en Björn skoraði fyrra mark Lilleström í leiknum og fékk svo að bregða sér í markið í blálokin.

„Við eigum að vinna þetta lið. Við erum búnir að vera upp og niður en gengið erfiðlega að vinna leiki að undanförnu. Við erum mikið að lenda undir í leikjunum og gera okkur erfitt fyrir. Sem betur fer náðum við allavega stigi í þessum leik eftir að hafa lent 2-0 undir," sagði Björn.

Björn minnkaði muninn í 2-1 með laglegu skoti fyrir utan teig og jöfnunarmarkið kom svo sjö mínútum fyrir leikslok. Í uppbótartíma munaði litlu að Kongsvinger næði að stela sigrinum eftir misskilning varnarmanns og Stefáns Loga Magnússonar markvarðar. Stefán var kominn út fyrir teig og kom í veg fyrir mark með því að brjóta af sér. Hann fékk að launum rautt spjald. Björn setti þá á sig hanskana á lokasekúndunum þar sem Lilleström var búið með skiptingar sínar. Hann slapp við að fá á sig skot áður en dómarinn flautaði af.

„Það var hárrétt ákvörðun hjá Stefáni að brjóta af sér. Fyrirliðinn okkar ætlaði að fara í markið en ég bauð mig þá fram og spurði hvort það væri ekki betra að ég tæki þetta að mér. Ég leik mér oft í marki eftir æfingar og svona," sagði Björn en getur hann eitthvað í marki? „Ég get ekki sagt það."

Lilleström er í algjöru miðjumoði og hefur um lítið að keppa. „Við duttum úr bikarnum gegn einhverju skítaliði. Nú þurfum við bara að fara að vinna einhverja leiki, ansi langt síðan við höfum gert það," sagði Björn sem er sáttur við sína persónulegu frammistöðu á tímabilinu.

„Já, já. Það kom þarna kafli þar sem ég náði ekkert að skora en þrátt fyrir það var ég alls ekkert að spila illa. Það hefur gengið nokkuð vel hjá mér."



**ENN ÁN ÞJÁLFARA** Pavel Ermolinskij og félagar í KR-liðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/XXXXX

Þjálfaramál KR-liðsins:

# Ætla að klára þetta í vikunni

**KÖRFUBOLTI** „Eigum við ekki að segja að Fannar hafi búið þetta til á staðnum því honum leiðist nú ekki að komast í blöðin," sagði Böðvar Guðjónsson, formaður körfuknattleiksdeildar KR, í léttum tón er hann var inntur eftir því hvort honum hafi tekist að efna loforðið við Fannar Ólafsson, fyrirliða liðsins, um að finna nýjan þjálfara fyrir helgi.

„Við Palli (Páll Kolbeinsson) erum að vinna í þessu og við hittumst á morgun. Við klárum þetta í vikunni," sagði Böðvar.

„Ég get sagt sem minnst um stöðu mála. Sigurður Hjörleifsson umboðsmaður sendi okkur erlendan þjálfara sem við erum að skoða með hinum. Það eru nokkrir möguleikar fyrir okkur í stöðunni," sagði Böðvar.

„Ég geri mér alveg grein fyrir því að þetta er með seinni skipunum. Ástæðan fyrir þessu er að Victor Finora dró okkur á svari mjög lengi. Það breytti öllu dæminu. Við erum líka með hæfa menn í KR sem geta séð um þessa stráka í vikunni því undirbúningstímabilið er formlega að byrja," sagði Böðvar. Hann gaf ekki mikið upp um stöðu mála en staðfesti það þó að engar gamlar KR-goðsagnir væru inni í myndinni sem næsti þjálfari KR-liðsins. **- óój**

# Verðum að byggja Bigga upp

**Birgir Leifur Hafþórsson er í svaka stuði þessa dagana og vann í gær þriðja mótið á innan við mánuði. Fyrst varð hann klúbbmeistari GKG, svo Íslandsmeistari í Kiðjaberginu um síðustu helgi og í gær vann hann góðgerðamótið Einvígið á Nesinu eftir sigur á Hlyni Geir Hjartarsyni í úrslitunum.**

**GOLF** Hið stórskemmtilega góðgerða golfmót Einvígið á Nesinu fór fram í fjórtánda sinn hjá Nesklúbbnum í gær og tókst vel að vanda. Fjölmargir voru mættir til að horfa á og kylfingarnir sem voru svo heppnir að vera boðið á mótið sýndu flott tilþrif á Nesvellinum.

Það fer ekkert á milli mála hver er heitasti kylfingur landsins þessar dagana því Birgir Leifur Hafþórsson er hreinlega ósigrandi síðan að hann sneri til baka eftir erfið bakmeiðsli sem héldu honum frá keppni á síðasta tímabili.

„Þetta rúllar þægilega fyrir mann þessa daganna og sjálfstraustið er ágætt. Ég get samt alveg bætt mig en andlega hliðin er fín og líkaminn er góður. Ég get ekki verið annað en rosalega ánægður með það sem hefur verið að gerast," segir Birgir Leifur, sem varð klúbbmeistari GKG 10. júlí og Íslandsmeistari í fjórða sinn á ferlinum um síðustu helgi. Nú landaði hann hins vegar skemmtilegum titli í fyrsta sinn.

„Þetta er í fyrsta skiptið sem ég vinn þennan titil þannig að ég er rosalega stoltur af því það var fullt af frábærum spilurum að taka þátt. Ég hafði komist lengst á sjöundu holu fyrir þetta. Þetta var því óvænt," sagði Birgir Leifur sem sló varla lélegt högg á lokakaflanum eftir að hafa lent þrisvar sinnum í bráðabana í byrjun.

„Það er allt öðruvísi ryþmi í spilinu. Þú ert aldrei að spila á sama hraða og vanalega enda eru tíu manns á fyrsta teig. Það líður alveg heil öld þangað til að þú færð að gera," sagði Birgir Leifur.

„Ég lít á þetta aðallega sem skemmtun og tækifæri til að prófa driver-inn hér og þar. Þetta er einmitt þannig völlur að maður getur verið að leika sér aðeins. Annaðhvort heppnast það eða heppnast ekki," sagði Birgir Leifur.

Hlynur Geir Hjartarson úr GK vakti mikla lukku á mótinu enda sannkallaður skemmtikraftur með kylfuna og með húmorinn á réttum stað.

„Þetta er frábært mót enda eru svona góðgerðamót alltaf skemmtileg. Það voru allir að gera góða hluti, völlurinn var frábær og það var fullt af áhorfendum sem gerði þetta mjög skemmtilegt," sagði Hlynur Geir og hann var líka með skýringu á tapinu á tæru.

„Ég er sáttur með 2. sætið. Við verðum líka að byggja Bigga upp fyrir atvinnumennskuna þannig að við leyfðum honum að vinna núna," sagði Hlynur Geir hlæjandi. Það var ljóst á öllu að hann á heima á móti sem þessu.

„Ég hef aldrei keppt áður á þessu móti en það hefur alveg komið til greina að vera með. Málið er bara að afmæli dóttur minnar er alltaf haldið á mánudegi eftir verslunarmannahelgi og ég hef því ekki komist. Nú var ég heppinn því afmælið verður haldið næsta mánudag. Ef þeir bjóða mér að koma aftur þá er það ekki spurning að ég mun koma," sagði Hlynur Geir.

Sigurpáll Geir Sveinsson var líklegur til afreka á mótinu þar til hann klikkaði illa í teighögginu á 17. holunni. Hann varð því að sætta sig við þriðja sætið eftir að hafa unnið höggleikinn um morguninn. Ragnhildur Sigurðardóttir og Tinna Jóhannsdóttir stóðu sig báðar vel og voru í 5. og 6. sæti og þá vakti hinn ungi Bjarki Pétursson úr GB, Íslandsmeistari drengja 15-16 ára, athygli fyrir flotta frammistöðu í bæði höggleiknum (3. sæti) og einvíginu þar sem hann endaði í 7. sæti.

Mótið var nú haldið til styrktar Styrktarfélagi lamaðra og fatlaðra sem fékk eina milljón króna frá DHL fyrirtækinu, aðalstyrktaraðila mótsins. eins og í öll skiptin síðan það var haldið í fyrsta sinn 1997. Mótinu verða gerð góð skil á Stöð 2 eftir viku.

**ooj@frettabladid.is**

**Þannig þróaðist einvígið**

| | |
|---|---|
| 1. hola: | Örvar Samúelsson úr GA féll út |
| 2. hola: | Nökkvi Gunnarsson úr NK |
| 3. hola: | Björgvin Sigurbergsson úr GK |
| 4. hola: | Bjarki Pétursson úr GB |
| 5. hola: | Tinna Jóhannsdóttir úr GK |
| 6. hola: | Ragnhildur Sigurðardóttir úr GR |
| 7. hola: | Örn Ævar Hjartarson úr GS |
| 8. hola: | Sigurpáll Geir Sveinsson úr GK |
| 9. hola: | Hlynur Geir Hjartarson úr GK |
| Sigurvegari: | Birgir Leifur Hafþórsson úr GKG |



**SIGURINN Í HÖFN** Hlynur Geir Hjartarson óskar Birgi Leifi til hamningju með sigurinn í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR




Kristinn Jónsson er efstur í stoðsendingum eftir þrettán fyrstu umferðirnar í Pepsi-deild karla í fótbolta:

# Bakvörður Blika með flestar stoðsendingar

**FÓTBOLTI** Kristinn Jónsson, vinstri bakvörður Breiðabliks, er búinn að gefa sex stoðsendingar á félaga sína í sumar eða fleiri en allir aðrir leikmenn í Pepsi-deild karla. Kristinn hefur gefið einni stoðsendingu fleiri en þeir Tryggvi Guðmundsson úr ÍBV og Arnar Sveinn Geirsson úr Val.

Kristinn hefur lagt upp mörk fyrir þá Alfreð Finnbogason (2 mörk), Olgeir Sigurgeirsson, Kristin Steindórsson og Guðmund Kristjánsson auk þess sem hann átti einnig þátt í glæsilegu sjálfsmarki þegar Haukamaður skallaði fyrirgjöf hans í eigið mark.

Kristinn er ekki eini bakvörðurinn meðal efstu manna því FH-ingurinn Guðmundur Sævarsson, Framarinn Sam Tillen, Fylkismaðurinn Andrés Már Jóhannesson og Stjörnumaðurinn Baldvin Sturluson eru allir meðal efstu manna þó að tveir þeir síðastnefndu hafi einnig spilað aðrar stöður á vellinum.



**KRISTINN JÓNSSON** Hefur spilað vel með Blikum í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/SSSS

Ólafur Kristjánsson, þjálfari Breiðabliks, segir það ekki koma sér á óvart að Kristinn hafi gefið margar stoðsendingar en það kemur pínulítið á óvart að hann sé efstur í deildinni.

„Hann er góður sendingamaður og búinn að vera rosalega öflugur í sumar. Hann er kannski strákur sem hefur ekki fengið þá athygli sem hann er búinn að vinna sér inn," segir Ólafur.

Mikilvægi Kristins sést líka kannski á útkomunni úr síðasta leik þegar hann gat ekki verið með vegna meiðsla og Breiðabliksliðið steinlá 1-3 á móti Fram á Laugardalsvellinum.

„Það var smá stirðleiki í kálfanum hjá honum og við hvíldum hann. Það er búið að vera mikið álag á honum og hann er búinn að spila meira eða minna allar mínútur í allt sumar," segir Ólafur sem vill þó ekki tengja þarna á milli.

„Hann er mikilvægur. Hann er búinn að bæta varnarleikinn hjá sér gríðarlega án þess að það bitni á spyrnugetu hans því hann er með góðar sendingar. Það er ljúft að heyra það að hann sé efstur," sagði Ólafur að lokum. **- óój**

**Flestar stoðsendingar í Pepsi-deild karla:**

| | |
|---|---|
| Kristinn Jónsson, Breiðabliki | 6 |
| Arnar Sveinn Geirsson, Val | 5 |
| Tryggvi Guðmundsson, ÍBV | 5 |
| Sam Tillen, Fram | 4 |
| Steinþór Freyr Þorsteinsson., Stjörn. | 4 |
| Guðmundur Sævarsson, FH | 4 |
| Alfreð Finnbogason, Breiðabliki | 4 |
| Andrés Már Jóhannesson, Fylki | 4 |
| Baldvin Sturluson, Stjörnunni | 4 |
| Arnar Gunnlaugsson, Haukum | 4 |

# Nú er rétti tíminn til að mála!

# 25% afsláttur

af ÞOL þakmálningu, STEINTEX útimálningu og STÉTTVARA!




**4 l**

Vnr. 86880040-180

**Stéttvari**

Stéttvari á mynstur-steyptar innkeyrslur, plön, gangstéttar ofl., gljáandi eða mattur, 4 l.

**4.490**

Fullt verð: 5.990




**10 l**

Vnr. 86647583-8083

**Útimálning** **7.490** Fullt verð: 9.990

KÓPAL STEINEX, útimálning, hvítt, hrímhvítt, marmarahvítt eða antikhvítt, 10 l. Aðrir litir á 12.190.-




**10 l**

Vnr. 86790080-2383

**Þakmálning** **11.690** Fullt verð: 15.690

ÞOL málning, margir litir, 10 l.

## Íslensk framleiðsla í hæsta gæðaflokki

Við erum stolt af því mikla úrvali af íslenskri málningu sem er í BYKO. Við mælum með málningu sem er sérhönnuð fyrir íslenskt veðurfar. Í BYKO færðu gæðamálningu á frábæru verði.

ALLIR VINNA
ALLIRVINNA.IS

**100% endurgreiðsla**
á virðisaukaskatti af keyptri vinnu á byggingastað og allt að 300.000 kr. frádráttur frá skattstofni.

Sjá nánar á www.allirvinna.is

BYKO

EXPO - www.expo.is

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl.

> **Matt Dillon**

„Ég heyri aðeins mína eigin rödd. Þegar fólk fer að heyra raddir, þá er kominn tími til að hafa áhyggjur“.

***Matt Dillon fer með aðalhlutverk í Mr. Wonderfull sem er á Stöð 2 Bíó í kvöld kl. 20.00.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ FREYR BJARNASON FYLGDIST MEÐ GORDON RAMSEY Í KITCHEN NIGHTMARES

# *Sjaldséð mistök sjónvarpskokks*

Það er alltaf jafngaman að fylgjast með sjónvarpskokkinum Gordon Ramsay í essinu sínu. Breska útgáfan af þættinum Kitchen Nightmares var sýnd á Stöð 2 á sunnudagskvöld þar sem Ramsay reyndi að bæta það sem aflaga hafði farið í rekstri á veitingahúsinu Bonaparte´s. Eins og í öllum öðrum Kitchen Nightmares-þáttum byrjaði Ramsay að fussa og sveia yfir matseðlinum. Síðan skammaði hann kokkinn fyrir lélega eldamennsku (hann kunni ekki einu sinni að búa til einfalda eggjaköku) og kvartaði yfir grútskítugu eldhúsinu. Einnig fékk eigandi staðarins skömm í hattinn fyrir að kunna ekki að markaðssetja staðinn nógu vel.

Breytingartillögur Ramsays voru settar í gagnið og viti menn, staðurinn var orðinn troðfullur áður en Valentínusardagurinn rann upp fjórum dögum síðar.



**GORDON RAMSAY** Sjónvarpskokkinum fræga tókst ekki bjarga veitingahúsinu Bonaparte´s.

Eitt gerðist þó í þessum þætti sem ég man ekki eftir að hafa séð áður. Þrátt fyrir innkomu Ramsays hélt staðurinn ekki velli því þegar kokkurinn kom þangað í heimsókn nokkru síðar var allt komið í sama horfið aftur. Gesti Bonaparte´s mátti telja á fingrum annarrar handar, matseðillinn var ómögulegur og eldhúsið jafnógeðslegt og í byrjun. Yfirkokkurinn var þá látinn taka pokann sinn og eigandi staðarins fór í blaðaviðtal og kenndi Ramsay um að hafa sett staðinn á hausinn, sem var að sjálfsögðu algjör fjarstæða.

Svo virðist því sem allt sem Ramsay snerti verði ekki endilega að gulli, sem er andstætt fyrri hugmyndum mínum um manninn. Spurning hvort svona leiðinlegur endir myndi samt nokkurn tímann vera leyfur í bandarísku útgáfunni af Kitchen Nightmares.

## ÞRIÐJUDAGUR



▶ **19.20** Rey Cup STÖÐ 2 SPORT



▶ **20.00** Mr. Wonderfull STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **20.35** The New Adventure of Old Christine STÖÐ 2



▶ **20.55** Ljósmæðurnar SJÓNVARPIÐ



▶ **21.50** In Plain Sight SKJÁR EINN

## SJÓNVARPIÐ

**17.10 Eylíf - Papey** (4:4)
**17.35 Friðlýst svæði og náttúruminjar - Látrabjarg og Keflavíkurbjarg** (4:24)
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Múmínálfarnir**
**18.30 Jimmy Tvískór** (16:26)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Að duga eða drepast** (12:20) (Make It or Break It) Bandarísk þáttaröð um ungar fimleikadömur sem dreymir um að komast í fremstu röð og keppa á Ólympíuleikum.
▶**20.55 Ljósmæðurnar** (2:8) (Barnmorskorna) Sænsk þáttaröð um erilsamt starf ljósmæðra á Karolinska háskólasjúkrahúsinu í Huddinge.
**21.25 Doktor Ása** (2:8) (Dr. Åsa) Sænsk þáttaröð um heilsu og heilbrigðan lífsstíl.
**22.00 Tíufréttir**
**22.10 Veðurfréttir**
**22.20 Miðnæturmaðurinn** (1:3) (Midnight Man) Breskur myndaflokkur í þremur þáttum um blaðamanninn Max Raban sem kemst á snoðir um svikamyllu. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
**23.10 Popppunktur** (Átta liða úrslit) (e)
**00.00 Kastljós** (e)
**00.30 Fréttir** (e)
**00.40 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 My Girl**
**10.00 Murderball**
**12.00 The Simpsons Movie**
**14.00 My Girl**
**16.00 Murderball**
**18.00 The Simpsons Movie**
▶**20.00 Mr. Wonderful**
**22.00 Sugar Hill**
**00.00 Transamerica**
**02.00 16 Blocks**
**04.00 Sugar Hill**
**06.00 Naked Gun 2 ½: The Smell of Fear**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Strumparnir, Bratz
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 Matarást með Rikku** (1:10)
**10.55 Wipeout USA**
**11.45 Tískulöggurnar**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Worst Week** (16:16)
**13.20 Moonwalker**
**15.05 Sjáðu**
**15.30 Barnatími Stöðvar 2** Háheimar, Ben 10, Strumparnir
**17.08 Bold and the Beautiful**
**17.33 Nágrannar**
**17.58 The Simpsons** (9:21)
**18.23 Veður** Markaðurinn.
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Two and a Half Men** (13:24)
**19.45 How I Met Your Mother** (11:22)
**20.10 How I Met Your Mother** (24:24)
▶**20.35 The New Adventures of Old Christine** (3:22)
**21.00 Cougar Town** (8:24)
**21.25 Meteor** Fyrri hluti æsispennandi framhaldsmyndar og fjallar um þær skelfilegu afleiðingar sem bíða mannkynsins þegar jörðin verður fyrir meiriháttar loftsteinaregni.
**23.00 Daily Show: Global Edition** Spjallþáttur með Jon Stewart þar sem engum er hlíft og allir eru tilbúnir að mæta í þáttinn og svara fáránlegum en furðulega viðeigandi spurningum Stewarts.
**23.25 Gossip Girl** (18:22)
**00.10 Mercy** (14:22)
**00.55 True Blood** (6:12)
**01.55 Nip:Tuck** (15:22)
**02.50 Cathouse**
**03.20 Moonwalker**
**04.50 Cougar Town** (8:24)
**05.15 The New Adventures of Old Christine** (3:22)
**05.35 Fréttir og Ísland í dag** (e)

## SPORT *besta sætið*

**18.20 Augusta Masters Official Film** Þáttur um Masters-mótið árið 2004 en Masters er fyrsta risamótið af fjórum í golfinu. Árið 2004 voru þeir Phil Mickelson og Chris DiMarco í síðasta ráshópnum en þegar þarna var komið sögu hafði Mickelson aldrei sigrað á risamóti.
▶**19.20 Rey Cup** Sýnt frá Rey Cup-mótinu en mótið er alþjóðlegt og öttu kappi framtíðarknattspyrnumenn og -konur á íþróttasvæði Þróttar í Laugardal.
**20.15 Chelsea - Portsmouth** Útsending frá leik Chelsea og Portsmouth í ensku bikarkeppninni.
**22.00 Greenbrier Classic** Skyggnst á bak við tjöldin í PGA-mótaröðinni í golfi. Öll mót ársins á PGA-mótaröðinni krufin til mergjar.
**22.55 London 1** Sýnt frá evrópsku mótaröðinni í póker en að þessu sinni er spilað í London. Mættir eru til leiks allir bestu pókerspilarar Evrópu í dag.
**23.45 Poker After Dark** Margir af snjöllustu pókerspilurum heims mæta til leiks í Texas Holdem.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**17.10 Premier League World 2010/11** Áhugaverður þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá hinum ýmsu óvæntu og skemmtilegum hliðum.
**17.40 Eintracht Frankfurt - Chelsea** Útsending frá leik Frankfurt og Chelsea.
**19.30 Football Legends** Magnaður þáttur um marga af bestu knattspyrnumönnum sögunnar en í þessum þætti verður fjallað um Fernando Hierro, fyrrverandi leikmann Real Madrid.
**20.00 Season Preview** Hitað upp fyrir komandi tímabil í ensku knattspyrnunni. Eftirminnileg atriði skoðuð, mörkin og allt milli himins og jarðar um ensku úrvalsdeildina.
**20.30 Tottenham - Wigan** Útsending frá leik Tottenham og Wigan í ensku úrvalsdeildinni.
**22.15 Chelsea - Sunderland** Útsending frá leik Chelsea og Sunderland í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁR EINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Dynasty** (3:30) (e)
**09.30 Pepsi MAX tónlist**
**17.05 Dynasty** (4:30)
**17.50 Rachael Ray**
**18.35 Girlfriends** (17:22) (e)
**18.55 H2O** (22:26) Skemmtileg unglingaþáttaröð um þrjár sextán ára stelpur sem hugsa um fátt annað en föt, ströndina og stráka. En dag einn fresta þær í dularfullum helli og líf þeirra breytist að eilífu.
**19.20 America's Funniest Home Videos** (21:46) Bráðskemmtilegur fjölskylduþáttur þar sem sýnd eru fyndin myndbrot sem venjulegar fjölskyldur hafa fest á filmu.
**19.45 King of Queens** (20:23)
**20.10 Survivor** (11:16) Bandarísk raunveruleikasería þar sem venjulegt fólk þarf að þrauka í óblíðri náttúru og keppa innbyrðis þar til aðeins einn stendur eftir sem sigurvegari.
**21.00 Eureka** (12:18) Bandarísk þáttaröð sem gerist í litlum bæ þar sem helstu snillingum heims hefur verið safnað saman og allt getur gerst. Keilukeppni nördanna breytist í banvænan leik þegar hrekkirnir verða hættulegir.
▶**21.50 In Plain Sight** (7:15) Sakamálasería um hörkukvendi sem vinnur fyrir bandarísku vitnaverndina.
**22.35 Jay Leno** Spjallþáttur á léttum nótum þar sem háðfuglinn Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á létta strengi.
**23.20 CSI** (23:23) (e)
**00.10 King of Queens** (20:23) (e)
**00.35 Pepsi MAX tónlist**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Kristinn Jónasson, bæjarstjóri í Snæfellsbæ.
**21.00 Græðlingur** Gurrý og sumarræktun á þaki Kling og Bang.
**21.30 Tryggvi Þór á Alþingi** Hagfræðingur með ákveðnar skoðanir.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.


SPORT 2 enski boltinn

Síminn ICELANDAIR 1011

ENSKI BOLTINN HEFST

14. ÁGÚST



Tekst Liverpool að bæta fyrir vonbrigðin frá síðasta tímabili undir stjórn Roy Hodgsons? Spennan magnast.

**Tryggðu þér áskrift og fylgstu með besta bolta í heimi frá byrjun.**

VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 SPORT 2 INNIHELDUR SPORT 2 SPORT 3 SPORT 4 SPORT 5

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 23.00

### The Daily Show With Jon Stewart: Global Edition



Spjallþáttur með Jon Stewart þar sem engum er hlíft og allir eru tilbúnir til að mæta í þáttinn og svara fáránlegum en furðulega viðeigandi spurningum Stewarts. Ómissandi þáttur fyrir alla sem vilja vera með á nótunum og líka þá sem einfaldlega kunna að meta góðan og beinskeyttan húmor.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### Cougar Town

### Stöð 2 kl. 21.00

Gamanþáttur í anda Sex and the City með Courtney Cox úr Friends í hlutverki kynþokkafullrar en afar óöruggrar einstæðrar móður unglingsdrengs. Hana langar að hitta draumaprinsinn en á erfitt með að finna réttu leiðina til þess enda að hennar mati engan veginn samkeppnishæf í stóra stefnumótaleiknum.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.03** Vítt og breitt
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Tónlist fólksins
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Hádegisútvarpið
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Flakk
**14.03** Tónar að nóni
**15.03** Útvarpssagan: Hótelsumar
**15.25** Þriðjudagsdjass
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.05** Á sumarvegi
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.22** Syrpan
**18.50** Veðurfregnir
**19.00** Stefnumót
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Í heyranda hljóði
**21.30** Kvöldsagan: Gatsby hinn mikli
**22.05** Veðurfregnir
**22.10** Orð kvöldsins
**22.20** Fimm fjórðu
**23.10** Sumar raddir
**00.05** Næturtónar

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 91,9** Kaninn
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 102,2** Útvarp Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

## 2 EXTRA

**19.30 The Doctors** Spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir læknar, sérfræðingar á fjórum ólíkum sviðum, veita aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um þau heilsufarsmál sem hvað helst brenna á okkur.

**20.15 Ally McBeal** (18:22) Ally tekur að sér að verja Victor þegar gömul kærasta hans lögsækir hann en verður fyrir nettu áfalli. Fish heldur áfram að þokast nær Lisu.

**21.00 Fréttir Stöðvar 2**

**21.25 Ísland í dag**

**21.45 Glee** (22:22) Frábær gamanþáttaröð sem gerist í menntaskóla þar sem metnaðarfullur kennari og fyrrverandi nemandi skólans ákveður að setja aftur saman sönghóp skólans sem gerði einmitt stormandi lukku í sönghópakeppnum á árum áður.

**22.30 So You Think You Can Dance** (12:23) Úrslitaslagurinn heldur áfram og átta bestu dansararnir eru eftir í keppninni. Keppendur þurfa því að leggja enn harðar að sér til að eiga möguleika á að halda áfram.

**23.55 So You Think You Can Dance** (13:23) Nú kemur í ljós hvaða keppendur halda áfram og eiga áfram von um að sigra í þessari stærstu danskeppni Bandaríkjanna.

**00.40 When I knew** Áhugaverð heimildarmynd frá HBO þar sem við fáum við að heyra einkar einlæga og góða lýsingu samkynhneigðra á því augnabliki þegar þeir vissu að þeir yrðu að horfast í augu við sannleikann, sjálfa sig og sína nánustu og koma út úr skápnum.

**01.20 Ally McBeal** (18:22)

**02.05 The Doctors**

**02.50 Sjáðu**

**03.20 Fréttir Stöðvar 2**

**04.10 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**12.05** ,Allo ,Allo! **12.35** ,Allo ,Allo! **13.05** My Family **13.35** My Family **14.05** Last of the Summer Wine **14.35** Dalziel and Pascoe **15.20** The Weakest Link **16.05** EastEnders **16.35** Monarch of the Glen **17.25** ,Allo ,Allo! **18.00** Whose Line Is It Anyway? **18.30** The Green, Green Grass **19.00** Mighty Boosh **19.30** The Fixer **20.20** The Green, Green Grass **20.50** Whose Line Is It Anyway? **21.15** Doctor Who **22.20** Primeval **23.10** ,Allo ,Allo! **23.45** Whose Line Is It Anyway?

## DR 1

**12.00** Søren og Søren **12.30** Med livet i hænderne **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.05** Sommerminder **13.35** Ønskehaven **14.05** Radiserne **14.30** Caspers skræmmeskole **14.55** Hyrdehunden Molly **15.05** Peter Pedal **15.30** Lille Nørd **16.00** Den lille forskel **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** Det sidste stik **18.00** Det sode liv **18.30** Forsvundne Danskere **19.00** TV Avisen **19.25** SportNyt **19.30** Vilde roser **20.15** Månen over Carolina **21.45** Redningstjenesten på vej **22.15** Naruto Uncut **22.40** Naruto Uncut

## NRK 1

**12.20** Fredag i hagen **12.50** Landgang **13.20** Ut i naturen **13.50** Sommeråpent **14.40** Duften av nybakt **15.05** 30 Rock **15.30** 330 skvadronen **16.00** Oddasat - nyheter på samisk **16.05** Nyheter på tegnspråk **16.10** Tinas mat **16.40** Norge i dag **17.00** Dagsrevyen **17.30** Grønn glede **18.00** Abora - sivbåt i havsnød **18.50** Extra-trekning **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Sommeråpent **20.20** Pinlige sykdommer **21.05** Kveldsnytt **21.20** Hva skjedde med Jonathan Carlisle? **22.05** Verdens villeste krysstokt **22.35** Damenes detektivbyrå nr. 1 **23.30** Svisj gull

## SVT 1

**12.25** Tärningen är kastad **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Pusselbitar **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Engelska Antikrundan **17.15** K-märkt form **17.20** Regionala nyheter **17.30** Rapport **18.00** Allsång på Skansen **19.00** Morden i Midsomer **20.30** Önskedokumentären **22.05** Cleo **22.35** Pusselbitar **23.35** Homo, himmel och helvete




VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR: 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR. 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## GOTT Á GRILLIÐ



*„Við félagarnir erum hrifnir af ribeye sem fæst í kjötborðinu í Nóatúni. Ég reyni oft að plata góðvin minn, Badda úr Forgotten Lores, til að sjá um að grilla, enda sælkeri og lífskúnstner mikill.“*

Magnús Leifsson, grafískur hönnuður og handritshöfundur.

# Krýnt í draggkeppni Íslands

„Keppnin í ár verður í raun allt öðruvísi en síðastliðin ár. Ég vil ekki segja of mikið en vinnuheitið ætti að segja mjög mikið,“ segir Georg Erlingsson Merritt, umsjónarmaður Draggkeppni Íslands og draggdrottning Íslands árið 1998.

Keppnin um draggkóng og draggdrottningu Íslands verður haldin í þrettánda sinn hér á landi á morgun, og jafnframt í þriðja sinn í Íslensku óperunni. Keppnin verður með nýju sniði í ár en þema hennar er You wanna be on top? Kynnir keppninnar verður Tæra Bænks og ættu menn því að fá smá hugmynd um umhverfi keppninnar í ár.

„Keppnin hér á landi er í raun eina keppnin í heiminum sem býður upp á það að vera með kónga og drottningar að keppa sama kvöldið. Þau koma fram til skiptis en keppa hvort í sínum flokki,“ segir Georg. Í ár veita Adam og Eva aukaverðlaun í báðum flokkum fyrir „The sexiest look“. En kóngur og drottning ganga út með verðlaun metin á um það bil 3-400.000 hvort.

„Það verða sex atriði í ár, þrjár drottningar og fjórir kóngar, en við erum nú í fyrsta sinn með dúett á sviði sem er mjög spennandi,“ segir Georg. Í augum margra er keppnin fyrsti dagskrárliður á Hinsegin dögum þrátt fyrir að vera ekki inn í eiginlegri dagskrá dagana. „Það má segja að við séum að þjófstarta hátíðinni því setning hátíðarinnar fer fram á fimmtudagskvöldið,“ segir Georg. - ls



**DRAGGKEPPNI ÍSLANDS** Draggdrottning og draggkóngur verða krýnd á morgun. FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARÐUR



**LÁRÉTT**
**2.** pest, 6. innan, 8. sauðagarnir, 9. lúsaegg, 11. komast, 12. raup, 14. land, 16. persónufornafn, 17. sigað, 18. kk nafn, 20. drykkur, 21. steintegund.

**LÓÐRÉTT**
**1.** áfengisblanda, 3. tveir eins, 4. nákvæmlega, 5. hamfletta, 7. duttlungar, 10. traust, 13. kvk nafn, 15. viðlag, 16. ris, 19. þófi.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. kvef, 6. út, 8. vil, 9. nit, 11. ná, 12. skrum, 14. túnis, 16. þú, 17. att, 18. ari, 20. te, 21. kalk. **LÓÐRÉTT:** 1. púns, 3. vv, 4. einmitt, 5. flá, 7. tíktúra, 10. trú, 13. una, 15. stef, 16. þak, 19. il.

**VEISTU SVARIÐ?**
Svör við spurningum á síðu

1. 641 þúsund krónur.
2. Guðmundur Guðmundsson.
3. Matt LeBlanc.







## ANÍTA HAFDÍS: FORSTJÓRINN FYLGDIST MEÐ BLOGGINU MÍNU

# Ráðin í vinnu hjá indverskum svifvængjaframleiðanda

„Ég rak augun í frétt í Cross Country, sem er breskt tímarit sem fjallar um svifvængjaflug, um nýtt fyrirtæki á Indlandi sem var að leita að vængjahönnuðum og tilraunaflugmönnum,“ segir Aníta Hafdís Björnsdóttir, sem var nýlega ráðin kynningarfulltrúi indverska fyrirtækisins Sun Paragliders sem framleiðir svifvængi.

„Ég skrifaði þeim af rælni vitandi að ég gæti hvorugt, en spurði hvort þá vantaði ekki flugmann sem kynni smá í grafískri hönnun og mikið í að hanga á Facebook. Þeir svöruðu um hæl og sögðu að forstjórinn hefði fylgst með blogginu mínu og að þeir vildu fá mig til liðs við sig,“

Aníta Hafdís hefur stundað svifvængjaflug frá árinu 2007 og frá því í desember hefur hún ferðast um heiminn ásamt vinkonu sinni, Ásu Rán Einarsdóttur, og stundað íþróttina af miklum móð. Aðspurð segir Aníta starfið hjá Sun Paraglide vera sannkallað draumastarf enda geti hún sinnt áhugamálum sínum á sama tíma. „Ég fæ að skrifa um vörurnar og hanna þær, ferðast og fljúga og vona bara að ég fái að sinna þessu starfi eins lengi og hægt er,“ segir Aníta glöð í bragði.

Áætlað er að nýjar vörur frá fyrirtækinu komi á markaðinn snemma á næsta ári og mun Aníta þá taka þátt í kynningarstarfinu. Í haust heldur hún þó til Grikklands þar sem hún mun vinna hjá þarlendu ferðaþjónustufyrirtæki. „Þetta er fyrirtæki sem fer með svifvængjaflugmenn í skipulagðar flugferðir um Grikkland. Ég verð bílstjóri og mun skutla flugmönnunum á flugstað og sækja þá svo aftur þar sem þeir lenda. Og ég fæ auðvitað líka að fljúga eitthvað sjálf,“ segir hún að lokum.

sara@frettabladid.is



**SÁTT VIÐ LÍFIÐ**
Aníta Hafdís Björnsdóttir var ráðin kynningarfulltrúi indversks fyrirtækis sem hannar svifvængi. Hún hefur sjálf stundað svifvængjaflug í þrjú ár og hefur ferðast víða í þeim tilgangi.



## FRÉTTIR AF FÓLKI



**Egill Einarsson** og Erpur Eyvindarson leystu félagana Frosta og Mána af í útvarpsþættinum Harmageddon á X-inu á föstudaginn, eins og Fréttablaðið greindi frá í síðustu viku. Egill ákvað að hefna fyrir Auðun Blöndal vin sinn, sem var kosinn leiðinlegasti „celebinn“ á stöðinni á dögunum, og spurði hlustendur hver væri feitasti útvarpsmaðurinn. Hann lagði mikla áherslu á að Máni yrði kosinn sem varð svo raunin. Máni náði fram hefndum á Þjóðhátíð í Eyjum. Hann er umboðsmaður hljómsveitarinnar Diktu, sem fékk sautján þúsund manns í dalnum til að kyrja með sér „Gillz er kerling“. Þeir sem voru með Agli á þessu augnabliki segja að svipurinn á honum hafi verið óborganlegur og enginn hló hærra en Ásgeir nokkur Kolbeins.



**Ingó Veðurguð** vakti einnig mikla athygli í Eyjum þegar hann hrópaði nafn Liverpool-framherjans Fernando Torres á milli atriða. Aðdáendur Manchester United voru ekki hrifnir af þessu og púuðu á hann. Þá efndi Ingó til keppni. Hvíslaði hann fyrst nafn Wayne Rooney, framherja Manchester United, og beið eftir viðbrögðum sem voru heldur dræm. Því næst öskraði hann nafn Torres á ný og brutust þá út mikil fagnaðarlæti meðal „Poolara“ á svæðinu.

**Halldór Orri Björnssson** og félagar í úrvalsdeildarliði Stjörnunnar voru einnig úti í Eyjum og skemmtu sér prýðilega. Nokkrir gestir fengu að láta smella af sér mynd með piltunum, enda eru þeir orðnir heimsfrægir fyrir skemmtileg fagnaðarlæti sín. Hátt í átta milljónir manna hafa nú séð hið skemmtilega atriði þeirra á síðunni Youtube.



# Söngleikurinn Dísa ljósálfur í Austurbæ

Eftir viku hefjast æfingar á nýjum íslenskum söngleik, Dísa ljósálfur, eftir þá Gunnar Þórðarson og Pál Baldvin Baldvinsson. Söngleikurinn sækir efni sitt í hina kunnu barnasögu sem hefur notið mikilla vinsælda kynslóð eftir kynslóð frá því hún birtist fyrst á prenti í íslenskri þýðingu um 1920. „Palli sendi mér handritið og ég hreifst af því. Ég sendi honum til baka tölvupóst og sagði að ég væri til,“ segir Gunnar Þórðarson. „Svo var sest niður og samið.“ Þetta er í fyrsta sinn sem Gunnar kemur að söngleikjasmíð síðan hann samdi Á köldum klaka ásamt Ólafi Hauki Símonarsyni fyrir nývígt Borgarleikhús 1989.




**DÍSA LJÓSÁLFUR** Sagan um Dísu ljósálf hefur notið mikilla vinsælda.

Frumsýning á Dísu ljósálfi, sem verður í leikstjórn Páls Baldvins, er fyrirhuguð í síðari hluta október í Austurbæ í kjölfarið á söngleiknum Buddy Holly.

Í Dísu ljósálfi, sem er ætluð allri fjölskyldunni, koma fram sjö leikarar, átta dansarar og fjögurra manna hljómsveit. Fjórtán sönglög eru í verkinu auk millistefja, samanlagt nærri tuttugu tónsmíðar. Textarnir eru eftir Pál Baldvin, en hann vann fyrst leikgerð upp úr myndasögunni um Dísu ljósálf fyrir áratug, og tók hana til róttækrar endurskoðunar snemma á þessu ári.

Með hlutverk Dísu fer Álfrún Örnólfsdóttir en önnur hlutverk skipa Esther Talia Casey, Kári Viðarsson, María Þórðardóttir, Sólveig Arnarsdóttir, Steinn Ármann Magnússon og Þórir Sæmundsson. - fb



**GUNNAR ÞÓRÐARSON** Gunnar semur tónlistina í söngleiknum Dísa ljósálfur sem verður frumsýndur í lok október. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# *Vertu með*
# World Class
## *í toppformi fyrir haustið*



*Stutt og árangursrík námskeið sem hámarka brennslu líkamans og byggja upp þol og styrk*

*Seltjarnarnes*
Crossfit námskeið hefjast 4. ágúst - 4 vikur

*Spöng* NÝTT
TRX námskeið hefst 9. ágúst - 3 vikur

*Laugar - Spöng - Seltjarnarnes* NÝTT
3 x 5 Súperátak hefst 9. ágúst - 3 vikur









**World Class frábær leið til bættrar heilsu og betra lífs**

World Class ICELAND

Skráning er hafin á worldclass@worldclass.is eða í síma 553 0000

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VISIR.IS

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja

DREIFING: dreifing@posthusid.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060


KÍKTU Í HITT HORNIÐ

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Handbolti í stað fótbolta



**Sverrir Garðarsson,** knattspyrnumaður úr FH, þurfti að leggja skóna á hilluna í byrjun sumars vegna höfuðmeiðsla. Þetta var mikil blóðtaka fyrir Íslandsmeistarana enda hefur Sverrir verið einn af öflugustu varnarmönnum landsins undanfarin ár. En þótt takkaskórnir séu komnir á hilluna fann Sverrir gömlu handboltaskóna sína og æfir nú stíft með handknattleiksdeild Fimleikafélags Hafnarfjarðar. Sverrir þótti afar efnilegur í handbolta á yngri árum þótt fótboltinn hafi orðið ofan á. Hann á heldur ekki langt að sækja hæfileikana því mamma hans er Katrín Danivalsdóttir, sem var ein af bestu handknattleikskonum landsins um árabil.

### Söng með Palla



Það bar vel í veiði hjá tónlistarmanninum **Friðriki Dór Jónssyni** á Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum um helgina. Friðrik Dór fékk óvænt að troða upp með Páli Óskari Hjálmtýssyni og sungu þeir þrjú lög saman, við mikla gleði þess fyrrnefnda. Sú gleði stóð þó ekki lengi yfir því Friðrik Dór svaf yfir sig og missti af fluginu sem átti að koma honum í land. Hann sat því heldur stúrinn á flugvellinum í Eyjum seint í gærkvöldi og beið þess að komast heim.

### Mest lesið VÍSIR.IS

1. Mikið stolið úr tjöldum á Þjóðhátíð
2. Fastur í London vegna fugls í hreyfli í Danmörku
3. Rigningin róaði fólkið
4. Ekki of margir í Herjólfi
5. Lindsey laus úr fangelsi
6. Skipsverjar af Octopus kafa í Silfru





